



FERÐA  
MÁLA  
STOFA  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD 

# FERÐAMÁLARANNSÓKNIR

## TOURISM RESEARCH IN ICELAND

SEPTEMBER 2020

# Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019

Eyrún Jenný Bjarnadóttir



© Ferðamálastofa 2020

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri  
Netfang: [upplýsingar@ferdamalastofa.is](mailto:upplýsingar@ferdamalastofa.is)  
Veffang: [www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)

Titill: Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019

Höfundar: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Kápa: Porthönnun

Númer: FMS 2020-26

ISBN: 978-9935-9541-3-8

ISSN: 2547-8060

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis útgefanda.

---

## SAMANTEKT

Haustið 2019 fól Ferðamálastofa Rannsóknamiðstöð ferðamála að gera könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu hafa verið könnuð með reglubundum hætti frá árinu 2014.

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að meta viðhorf Íslendinga til ferðapjónustu og ferðamanna á tilteknum tíma bæði á landsvísu og eftir einstaka landshlutum ásamt því að meta hvort breytingar í viðhorfum hafi átt sér stað frá fyrri landskönnunum. Auk þess er leitað eftir vísbendingum um það hvort landsmenn finni fyrir álagi vegna ferðamanna í heimabyggðinni. Öflun og greining gagnanna eru liður í vöktun á viðhorfum heimamanna til ferðamanna og ferðapjónustu á Íslandi en í framtíðarsýn til 2030 hafa íslensk stjórnvöld sett fram markmið um ferðapjónustan hafi jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði heimamanna.

Skýrslan inniheldur niðurstöður greininga á gögnum sem söfnuðust í könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu haustið 2019 ásamt samanburði við fyrri landskannanir frá árinu 2017 og 2014. Til viðbótar við skýrsluna voru gerðar samantektir fyrir hvert verkefnasvæði markaðsstofa landshlutanna ásamt höfuðborgarsvæði, sem innihalda ítarlegri greiningu á viðhorfum heimamanna hvers landshluta.

Á heildina litið reyndust viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu 2019 vera enn jákvæðari en 2017. Niðurstöðurnar staðfestu að meirihluti Íslendinga lítur á ferðapjónustu sem efnahagslega mikilvæga atvinnugrein og að ferðamenn auðgi samfélagið á fjölbreyttan hátt. Enn fleiri landsmenn en áður töldu ferðamenn efla verslun og þjónustu, stuðla að betra aðgengi í náttúru, gera samfélagið enn betra og bæta lífsgæði íbúa.

Hugmyndir landsmanna um jákvæðar hliðar ferðapjónustunnar virtust áfram vera vel mótaðar en efnahagsleg sjónarmið og bætt lífsgæði voru áberandi. Áhrif ferðamanna á atvinnulíf og efnahag endurspegluðust í jákvæðum hugmyndum landsmanna um að ferðapjónusta eflí atvinnulíf og skapi tækifæri fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög til að afla tekna. Óhlutbundnum áherslum fjölgaði nokkuð milli kannana sem sást einna best í hugmyndum um fjölbreytni, stemmingu og tilfinningu um ánægju og aukna bjartsýni. Ummæli landsmanna um aukna þjónustu, verslun og veitingastaði voru vitnisburður um áhrif sem hafa bætt lífsgæði. Hugmyndir um betri lífsgæði tengdust áfram umbótum á daglegu lífi s.s. bættri þjónustu eða grunngerð sem leiði til betra lífs íbúa og styðji við þann lífsmáta/búskaparhætti sem fólk kys sér. Félags- og menningarleg áhrif spila því stórt hlutverk í viðhorfum landsmanna. Niðurstöðurnar undirstrika jafnframt að jákvætt samband er milli mats landsmanna á eigin

---

lífsgæðum og annarra þátta könnunarinnar. Því jákvæðari áhrif sem landsmenn telja ferðamenn hafa því líklegra er að þeir telji lífsgæði sín góð.

Hlutfall landsmanna sem voru neikvæðir í viðhorfum gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu var áfram lágt. Aðeins 8% landsmanna sögðust finna fyrir ónæði í daglega lífinu vegna ferðamanna en ekkert benti til þess að ónæði af ferðamönnum hefði aukist milli kannana. Niðurstöðurnar sýna þó að landsmenn sem finna fyrir of miklum fjölda ferðamanna, upplifa ónæði vegna ferðamanna og telja að heimabyggðin geti ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður eru neikvæðri í viðhorfum en aðrir landsmenn.

Ójafnvægi í fjölda ferðamanna á tilteknum tíma og/eða stað ásamt aukinni umferð voru efst á lista yfir neikvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar. Þar á eftir komu hegðun ferðamanna, slæmir vegir og skortur á viðhaldi og nauðsynlegri grunngerð. Meirihluti landsmanna var á því að ástand vegakerfis væri áfram slæmt. Við það bætast auknar áhyggjur af umferðaröryggi en hlutfall landsmanna sem fann fyrir ótta í umferðinni hækkaði marktækt milli kannana. Í athugasemdum landsmanna komu fram áhyggjur af tillits- og reynsluleysi sumra ferðamanna við akstur á vegum úti og var kallað eftir bæði auknu viðhaldi og umbótum á vegakerfi vegna aukinnar umferðar og slits á vegum.

Talið er að ferðaþjónusta um allan heim hafi orðið fyrir meiri röskun vegna COVID-19-faraldursins en flestar aðrar atvinnugreinar. Niðurstöður rannsókna á viðhorfum Íslendinga sýna að í hugum heimamanna er ferðaþjónustan ekki bara atvinnugrein sem skapar verðmætar tekjur og atvinnu heldur sé hún félagslegt, mótandi afl sem nærir fólk og viðheldur gangverki samfélaga. Brýn þörf er á rannsóknum á því hvernig COVID-19 mótar hegðun og viðhorf ferðamanna og íbúa. COVID-19 getur markað djúp spor í hugsun og tilfinningar ferðamanna og breytt til frambúðar hvernig fólk ferðast og á sama hátt gæti faraldurinn haft áhrif á viðhorf heimamanna. Slík gögn væru mikilvæg fyrir stjórnvöld þegar kemur að endurreisn atvinnugreinarinnar og sjálfbærni hennar til framtíðar þegar faraldurinn lýkur.

---

## EFNISYFIRLIT

Myndaskrá.....	5
Töfluskrá.....	7
1. Inngangur.....	14
2. Gögn og aðferðir.....	17
2.1. Spurningalisti.....	17
2.2. Framkvæmd könnunar 2019.....	18
2.1. Úrvinnsla gagna.....	20
2.2. Greining gagna.....	21
3. Niðurstöður 2019 og samanburður 2014-2019.....	22
3.1. Viðhorf Íslendinga til fjölda ferðamanna.....	22
3.1. Áhrif á daglegt líf.....	25
3.2. Áhrif á efnahag, atvinnulíf og þjónustu.....	29
3.3. Áhrif á samfélagið.....	35
3.4. Áhrif ferðamanna á umhverfi og náttúru.....	41
3.5. Mat á ástandi innviða.....	42
3.6. Viðhorf til ferðaþjónustu.....	44
3.7. Áhrif á lífsgæði heimamanna.....	50
4. Niðurstöður vegna vísa á Jafnvægisási ferðamála.....	51
5. Niðurstöður þátta- og aðhvarfsgreininga.....	54
5.1. Niðurstöður þáttagreiningar 2019.....	54
5.2. Aðhvarfsgreining: Viðhorf landsmanna 2019.....	57
5.3. Aðhvarfsgreining: Viðhorf landsmanna 2014-2019.....	63
6. Jákvæðar og neikvæðar hliðar ferðaþjónustunnar.....	65
6.1. Jákvæðar hliðar ferðaþjónustunnar.....	66
6.2. Neikvæðar hliðar ferðaþjónustunnar.....	70

---

6.3. Samantekt.....	75
7. Umræður og samantekt .....	77
7.1. Fjöldi ferðamanna ekki áhyggjuefni nema í staðbundnum aðstæðum.....	78
7.2. Munur á viðhorfum mismunandi hópa .....	80
7.3. Jákvæð áhrif á lífsgæði, samfélag og efnahag .....	82
7.4. Skýrari mynd af neikvæðustu hliðum ferðapjónustunnar.....	83
8. Lokaorð .....	86
Heimildir .....	89
Viðauki 1: Spurningalisti .....	93
Viðauki 2. Niðurstöður tölfræðigreiningar 2019 .....	98

---

## MYNDASKRÁ

Mynd 1: Viðhorf Íslendinga til fjölda ferðamanna sumar og vetur 2014-2019.....	23
Mynd 2: Viðhorf Íslendinga til fjölda ferðamanna á sumrin 2014-2019 og skipting svara eftir landshlutum.....	24
Mynd 3: Viðhorf Íslendinga til fjölda ferðamanna á veturna 2014-2019 og skipting svara eftir landshlutum.....	24
Mynd 4: Hversu oft verða landsmenn varir við og eiga samskipti við ferðamenn – Svör landsmanna 2017-2019.....	25
Mynd 5: Hversu oft landsmenn urðu varir við ferðamenn 2017-2019 og skipting eftir landshlutum.....	26
Mynd 6: Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð – Svör landsmanna 2014-2019.....	27
Mynd 7: Áhrif á daglegt líf - Svör landsmanna 2017-2019.....	29
Mynd 8: Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu í þinni heimabyggð?.....	30
Mynd 9: Áhrif á atvinnu- og efnahagslíf, verslun og þjónustu - Svör landsmanna 2014-2019.....	32
Mynd 10: Aðrar atvinnugreinar í minni heimabyggð gjalda þess að fólk ræður sig til starfa í ferðaþjónustu.....	33
Mynd 11: Telur þú að margir eða fáir íbúar í þinni heimabyggð njóti efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu?.....	34
Mynd 12: Telur þú að stór eða lítill hluti þeirra tekna sem skapast af ferðaþjónustu í þinni heimabyggð sitji eftir á svæðinu?.....	35
Mynd 13: Áhrif á samfélag - Svör landsmanna 2014-2019.....	36
Mynd 14: Mér finnst jákvætt að fólk í minni heimabyggð geti ráðstafað fasteignum sínum í leigu til ferðamanna.....	38
Mynd 15: Ferðaþjónustan hefur takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í minni heimabyggð.....	39
Mynd 16: Á heildina litið er ég ánægð(ur) með ferðaþjónustu í mínu samfélagi.....	40
Mynd 17: Áhrif ferðamanna á umhverfi og náttúru - Svör landsmanna 2014-2019.....	42
Mynd 18: Mat á ástandi innviða - Svör landsmanna 2017-2019.....	44

---

Mynd 19: Íslensk ferðapjónustufyrirtæki innheimta sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sína - Svör landsmanna 2017-2019 .....	45
Mynd 20: Telur þú að ferðapjónusta skapi að jafnaði fjölbreytt eða einhæf störf - Svör landsmanna 2014-2019 .....	46
Mynd 21: Telur þú að ferðapjónusta skapi að jafnaði vel eða illa launuð störf - Svör landsmanna 2014-2019.....	46
Mynd 22: Ísland er góður ferðamannastaður - Svör landsmanna 2019 .....	47
Mynd 23: Á heildina litið tel ég ferðamennsku í minni heimabyggð vera sjálfbæra – Svör landsmanna 2019 .....	49
Mynd 24: Mat á áhrifum ferðamanna á lífsgæði landsmanna 2017-2019 og skipting svara eftir landshlutum.....	50
Mynd 25: Viðhorf Íslendinga til áhrifa ferðapjónustu á húsnæðismarkað 2019.....	53
Mynd 26 Jákvæðustu hliðar ferðapjónustunnar að mati landsmanna. Heildarfjöldi svara 2.938 .....	66
Mynd 27: Jákvæðustu hliðar ferðapjónustunnar - hlutfallsleg skipting svara 2017 og 2019..	70
Mynd 28: Neikvæðustu hliðar ferðapjónustunnar að mati landsmanna. Heildarfjöldi svara 1.562.....	71
Mynd 29: Neikvæðustu hliðar ferðapjónustunnar - hlutfallsleg skipting svara 2017 og 2019	75
Mynd 30: Jákvæðustu og neikvæðustu hliðar ferðapjónustunnar árið 2019 - Fimm algengustu svörin eftir svarflokkum. Fjöldi svara í hverjum flokki er gefinn upp .....	76



---

## TÖFLUSKRÁ

Tafla 1: Lagskipt úrtak, markmið og svörun á verkefnasvæðunum 2019 .....	18
Tafla 2: Úrtak, svörun og bakgrunnur svarenda .....	19
Tafla 3: Niðurstöður vísa D.4 um áhrif á íbúa fyrir Jafnvægisás ferðamála.....	51
Tafla 4: Niðurstöður vísa B.6.6.1-3 um áhrif á náttúrustaði fyrir Jafnvægisás ferðamála.....	52
Tafla 5: Þættir og þáttahleðslur.....	55
Tafla 6: Alfastuðlar þáttanna .....	56
Tafla 7: Lýsandi tölfræði fyrir þættina.....	56
Tafla 8: Niðurstöður línulegrar aðhvarfsgreiningar á mati landsmanna á áhrifum ferðamanna 2019.....	58
Tafla 9: Tengsl milli mats fólks á völdum atriðum og áhrifum ferðamanna á þjónustu og efnahag.....	59
Tafla 10: Tengsl milli mats fólks á völdum atriðum og mats á áhrifum ferðamanna á samfélag .....	60
Tafla 11: Tengsl milli mats fólks á völdum atriðum og mats á áhrifum ferðamanna á daglegt líf og eigin upplifun.....	61
Tafla 12: engsl milli mats fólks á völdum atriðum og mats á áhrifum ferðamanna á húsnæðis- og vinnumarkað.....	62
Tafla 13: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á viðhorfum landsmanna til samskipta við ferðamenn 2014-2019.....	63
Tafla 14: Jákvæðustu hliðar ferðapjónustunnar – áherslur landsmanna.....	68
Tafla 15: Hlutfallsleg skipting jákvæðra svara og áherslur eftir landshlutum 2019 .....	69
Tafla 16: Neikvæðustu hliðar ferðapjónustunnar – áherslur landsmanna.....	73
Tafla 17: Hlutfallsleg skipting neikvæðra svara og áherslur eftir landshlutum 2019 .....	74
Tafla 18: Helstu breytingar á viðhorfum landsmanna milli landskannana 2014-2019. Spurningar í bláum lit voru nýjar í landskönnun 2019 .....	79
Tafla 19: Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? – Tíðnitafla.....	98

---

Tafla 20: Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? – Bakgrunnsgreining .....	98
Tafla 21: Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímenn þ.e. á tímabilinu júní - ágúst? – Tíðnitafla .....	99
Tafla 22: Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímenn þ.e. á tímabilinu júní - ágúst? – Bakgrunnsgreining .....	99
Tafla 23: Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð? – Tíðnitafla.....	100
Tafla 24: Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð? – Bakgrunnsgreining.....	100
Tafla 25: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí og ágúst)? – Tíðnitafla .....	101
Tafla 26: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí og ágúst)? – Bakgrunnsgreining.....	101
Tafla 27: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (sept til lok maí)? – Tíðnitafla .....	102
Tafla 28: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (sept til lok maí)? – Bakgrunnsgreining .....	102
Tafla 29: Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í þinni heimabyggð? – Tíðnitafla.....	103
Tafla 30: Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í þinni heimabyggð? – Bakgrunnsgreining.....	103
Tafla 31: Ferðapjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér – Tíðnitafla.....	104
Tafla 32: Ferðapjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér – Bakgrunnsgreining .....	104
Tafla 33: Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð – Tíðnitafla .....	105
Tafla 34: Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð – Bakgrunnsgreining .....	105
Tafla 35: Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð – Tíðnitafla .....	106

---

---

Tafla 36: Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð – Bakgrunnsgreining.....	106
Tafla 37: Ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins – Tíðnitafla .....	107
Tafla 38: Ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins – Bakgrunnsgreining.....	107
Tafla 39: Ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra – Tíðnitafla .....	108
Tafla 40: Ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra – Bakgrunnsgreining .....	108
Tafla 41: Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi – Tíðnitafla.....	109
Tafla 42: Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi – Bakgrunnsgreining.....	109
Tafla 43: Ég er stolt(ur) af því að ferðamenn vilji koma og heimsækja mína heimabyggð – Tíðnitafla.....	110
Tafla 44: Ég er stolt(ur) af því að ferðamenn vilji koma og heimsækja mína heimabyggð – Bakgrunnsgreining.....	110
Tafla 45: Það myndi engu breyta fyrir samfélagið þó ferðamenn myndu hætta að koma hingað – Tíðnitafla.....	111
Tafla 46: Það myndi engu breyta fyrir samfélagið þó ferðamenn myndu hætta að koma hingað – Bakgrunnsgreining.....	111
Tafla 47: Mín heimabyggð getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður – Tíðnitafla .....	112
Tafla 48: Mín heimabyggð getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður – Bakgrunnsgreining .....	112
Tafla 49: Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að margi ferðamenn er að finna – Tíðnitafla.....	113
Tafla 50: Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að margi ferðamenn er að finna – Bakgrunnsgreining.....	113
Tafla 51: Ég er hræddari en áður við að keyra úti á þjóðvegum landsins vegna aukinnar umferðar ferðamanna – Tíðnitafla .....	114
Tafla 52: Ég er hræddari en áður við að keyra úti á þjóðvegum landsins vegna aukinnar umferðar ferðamanna – Bakgrunnsgreining .....	114
Tafla 53: Almennt séð er ég sátt(ur) við að samfélag mitt taki einhverjum breytingum vegna ferðaþjónustu – Tíðnitafla .....	115

---

---

Tafla 54: Almennt séð er ég sátt(ur) við að samfélag mitt taki einhverjum breytingum vegna ferðapjónustu – Bakgrunnsgreining .....	115
Tafla 55: Ferðapjónustan eykur fjölbreytni í atvinnulífinu í minni heimabyggð – Tíðnitafla	116
Tafla 56: Ferðapjónustan eykur fjölbreytni í atvinnulífinu í minni heimabyggð – Bakgrunnsgreining.....	116
Tafla 57: Ég tel að ferðapjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratugi – Tíðnitafla .....	117
Tafla 58: Ég tel að ferðapjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratugi – Bakgrunnsgreining.....	117
Tafla 59: Íslensk ferðapjónustufyrirtæki innheimta sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sína – Tíðnitafla.....	118
Tafla 60: Íslensk ferðapjónustufyrirtæki innheimta sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sína – Bakgrunnsgreining.....	118
Tafla 61: Ferðamenn kenna okkur að meta eigið land – Tíðnitafla.....	119
Tafla 62: Ferðamenn kenna okkur að meta eigið land – Bakgrunnsgreining.....	119
Tafla 63: Ferðamenn spilla náttúru landsins – Tíðnitafla .....	120
Tafla 64: Ferðamenn spilla náttúru landsins – Bakgrunnsgreining .....	120
Tafla 65: Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins – Tíðnitafla .....	121
Tafla 66: Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins – Bakgrunnsgreining ...	121
Tafla 67: Ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins – Tíðnitafla.....	122
Tafla 68: Ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins – Bakgrunnsgreining.....	122
Tafla 69: Mér finnst jákvætt að fólk í minni heimabyggð geti ráðstafað fasteignum sínum í leigu til ferðamanna – Tíðnitafla .....	123
Tafla 70: Mér finnst jákvætt að fólk í minni heimabyggð geti ráðstafað fasteignum sínum í leigu til ferðamanna – Bakgrunnsgreining .....	123
Tafla 71: Ferðapjónustan hefur takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í minni heimabyggð – Tíðnitafla .....	124
Tafla 72: Ferðapjónustan hefur takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í minni heimabyggð – Bakgrunnsgreining .....	124

---

---

Tafla 73: Aðrar atvinnugreinar í minni heimabyggð gjalda þess að fólk ræður sig til starfa í ferðaþjónustu – Tíðnitafla.....	125
Tafla 74: Aðrar atvinnugreinar í minni heimabyggð gjalda þess að fólk ræður sig til starfa í ferðaþjónustu – Bakgrunnsgreining.....	125
Tafla 75: Ísland er góður ferðamannastaður – Tíðnitafla.....	126
Tafla 76: Ísland er góður ferðamannastaður – Bakgrunnsgreining.....	126
Tafla 77: Á heildina litið er ég ánægð(ur) með ferðaþjónustu í mínu samfélagi – Tíðnitafla	127
Tafla 78: Á heildina litið er ég ánægð(ur) með ferðaþjónustu í mínu samfélagi – Bakgrunnsgreining.....	127
Tafla 79: Á heildina litið tel ég ferðamennsku í minni heimabyggð vera sjálfbæra – Tíðnitafla.....	128
Tafla 80: Á heildina litið tel ég ferðamennsku í minni heimabyggð vera sjálfbæra – Bakgrunnsgreining.....	128
Tafla 81: Telur þú að ferðaþjónusta skapi að jafnaði fjölbreytt eða einhæf störf? – Tíðnitafla.....	129
Tafla 82: Telur þú að ferðaþjónusta skapi að jafnaði fjölbreytt eða einhæf störf? – Bakgrunnsgreining.....	129
Tafla 83: En telur þú að ferðaþjónustan skapi að jafnaði vel eða illa launuð störf? – Tíðnitafla.....	130
Tafla 84: En telur þú að ferðaþjónustan skapi að jafnaði vel eða illa launuð störf? – Bakgrunnsgreining.....	130
Tafla 85: Hvort telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim? – Tíðnitafla.....	131
Tafla 86: Hvort telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim? – Bakgrunnsgreining.....	131
Tafla 87: Telur þú að margir eða fáir íbúar í þinni heimabyggð njóti efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu? – Tíðnitafla.....	132
Tafla 88: Telur þú að margir eða fáir íbúar í þinni heimabyggð njóti efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu? – Bakgrunnsgreining.....	132

---

Tafla 89: Telur þú að stór eða lítill hluti þeirra tekna sem skapast af ferðapjónustu í þinni heimabyggð sitji eftir á svæðinu? – Tíðnitafla.....	133
Tafla 90: Telur þú að stór eða lítill hluti þeirra tekna sem skapast af ferðapjónustu í þinni heimabyggð sitji eftir á svæðinu? – Bakgrunnsgreining.....	133
Tafla 91: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðapjónustu í þinni heimabyggð: Vegakerfi – Tíðnitafla.....	134
Tafla 92: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðapjónustu í þinni heimabyggð: Vegakerfi – Bakgrunnsgreining.....	134
Tafla 93: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðapjónustu í þinni heimabyggð: Almenningsamgöngur – Tíðnitafla.....	135
Tafla 94: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðapjónustu í þinni heimabyggð: Almenningsamgöngur – Bakgrunnsgreining.....	135
Tafla 95: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðapjónustu í þinni heimabyggð: Bílastæði – Tíðnitafla.....	136
Tafla 96: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðapjónustu í þinni heimabyggð: Bílastæði – Bakgrunnsgreining.....	136
Tafla 97: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðapjónustu í þinni heimabyggð: Skilti og merkingar – Tíðnitafla.....	137
Tafla 98: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðapjónustu í þinni heimabyggð: Skilti og merkingar – Bakgrunnsgreining.....	137
Tafla 99: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðapjónustu í þinni heimabyggð: Göngustígar og gönguleiðir – Tíðnitafla.....	138
Tafla 100: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðapjónustu í þinni heimabyggð: Göngustígar og gönguleiðir – Bakgrunnsgreining.....	138
Tafla 101: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðapjónustu í þinni heimabyggð: Almenningsalerni – Tíðnitafla.....	139
Tafla 102: Hvernig myndir þú meta eftirfarandi innviða ferðapjónustu í þinni heimabyggð: Almenningsalerni – Bakgrunnsgreining.....	139
Tafla 103: Hefur þú eða einhver á heimilinu tekjur af ferðamönnum? – Tíðnitafla.....	140
Tafla 104: Hefur þú eða einhver á heimilinu tekjur af ferðamönnum? – Bakgrunnsgreining.....	140

---



---

## 1. INNGANGUR

Ferðamennska er viðurkennd á heimsvísu sem öflugt afl hagvaxtar og þróunar. Þetta afl felur í sér frjálsa för fólks innan og yfir landamæri, fundi milli einstaklinga og samfélaga sem mögulega hefðu annars aldrei hist og gerir fólki kleift að byggja upp félagsleg tengsl, upplifa jákvæðar tilfinningar og auka þekkingu (Sharpley, 2014). Ferðaþjónusta tengist efnahagslegum, umhverfislegum og samfélagslegum ávinningi sem getur stuðlað að uppbyggingu samfélaga og bætt lífsgæði íbúa (Andereck og Vogt 2000).

Haustið 2019 fól Ferðamálastofa Rannsóknamiðstöð ferðamála að gera könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu hafa verið könnuð með reglubundum hætti frá árinu 2014. Kveikjan að þessum könnunum var hin hraða fjölgun í komum erlendra ferðamanna hingað til lands sem hófst 2011 og náði allt til ársins 2018 nýjum hæðum á hverju ári. Samhliða fjölguninni vöknúðu spurningar um það á hvaða braut áfangastaðurinn Ísland væri í þróun ferðaþjónustu og gestakoma hingað til lands og hvort þolmörk heimamanna gagnvart ferðamennsku væru í augnsýn (Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2015). Í fyrstu könnuninni 2014, sem var unnin á landsvísu, teiknaðist upp jákvæð mynd af viðhorfum Íslendinga. Könnunin var endurtekin árið 2017 með það að markmiði að meta viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu og ferðafólks á Íslandi og eftir einstaka landshlutum (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir, 2018). Könnunin haustið 2019 var sú þriðja sem gerð hefur verið á landsvísu á viðhorfum Íslendinga.

Fyrir utan kannanir á landsvísu hafa verið gerðar rannsóknir í einstökum samfélögum. Rannsóknir bæði hér og landi og erlendis hafa sýnt fram á að staðbundin einkenni hvers staðar og samfélags geta haft áhrif á viðhorf íbúa (Helgadóttir, Einarsdóttir, Burns, Gunnarsdóttir og Matthíasdóttir, 2019; Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2019a; Tosun; 2002; Gjerald, 2005). Árið 2015 var gerð rannsókn á Ísafirði, Húsavík, Hellu og 101 Reykjavík (Guðrún Helgadóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Jóhanna María Elena Matthíasdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Georgette Leah Burns, 2016). Árið 2016 var sjónum beint að viðhorfi heimamanna á Siglufirði, Höfn í Hornafirði og í Mývatnssveit (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, 2016). Árið 2018 voru fjórir aðrir þéttbýlisstaðir til skoðunar; Stykkishólmur, Reykjanesbær, Egilsstaðir og Húsavík (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a; 2020b; 2020c; 2020d). Í öllum þessum rannsóknum, nema þeirri sem unnin var 2015, hefur sömu aðferðum verið beitt þ.e. megindlegri símakönnun á landsvísu og í einstökum samfélögum hafa verið tekin viðtöl við heimamenn sem fylgt hefur verið eftir með megindlegri símakönnun. Í



---

símakönnuninni hefur verið notast við staðlaðan spurningalista sem byggir á víðtækri heimildarýni og fræðilegri úttekt á erlendum og innlendum rannsóknum á viðhorfum heimamanna. Þessi gagnaöflun myndar samfellda tímalínu sem gefur yfirlit yfir þróun í viðhorfum landsmanna og innsýn í menningarleg og félagsleg áhrif ferðamennsku í einstökum samfélögum á Íslandi frá árinu 2014.

Allar kannanirnar sem hafa verið unnar á landsvísu eða í einstökum bæjarfélögum eru mælitæki til að vakta viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu. Reglubundnar mælingar á viðhorfum mynda saman tímalínu gagna. Þær eru þáttur í reglubundinni söfnun hins opinbera á tímanlegum, áreiðanlegum og samanburðarhæfum gögnum og greiningum á viðhorfi Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamennsku og liggja til grundvallar ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015). Í framtíðarsýn stjórnvalda til 2030 er stefnt að því að ferðaþjónusta sé sjálfbær, arðsöm og samkeppnishæf í sátt við land og þjóð og stuðli að bættum lífskjörum og hagsæld á Íslandi. Framtíðarsýninni fylgja nokkur markmið, eitt þeirra er að ferðaþjónustan hafi jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði og er stefnt að því að 90% heimamanna hafi jákvætt viðhorf til ferðaþjónustu (Stjórnarráð Íslands, e.d.a.). Jafnframt nýtast gögnin meðal annars inn í sk. sjálfærnisvísa á Jafnvægisási ferðamála, nýju stjórnæki sem nýta á við reglubundið mat á álagi á innviði, umhverfi og samfélag með tilliti til fjölda ferðamanna (Stjórnarráð Íslands, e.d.b.).

Í þessari skýrslu er að finna niðurstöður greininga á gögnum sem söfnuðust í könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu haustið 2019 ásamt samanburði við fyrri landskannanir frá árinu 2017 og 2014. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að meta viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamanna á tilteknum tíma bæði á landsvísu og eftir einstaka landshlutum ásamt því að meta hvort breytingar í viðhorfum hafi átt sér stað frá fyrri landskönnunum. Öflun og greining gagnanna eru liður í vöktun á viðhorfum heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu á Íslandi. Könnunin var lögð fyrir úrtak landsmanna gegnum síma í október og nóvember 2019. Til viðbótar við þessa skýrslu voru sérstakar samantektir unnar fyrir hvert þeirra sjö svæða sem samsvara verkefnasvæðum markaðsstofa landshlutanna ásamt höfuðborgarsvæði (sjá nánar í kafla 2). Samantektirnar innihalda niðurstöður ítarlegri greiningar á viðhorfum heimamanna hvers landshluta og samanburð milli kannananna 2017 og 2019 innan landshlutans.

Verkefnastjórn, greining og skýrsluvinnsla var í höndum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Gagnaöflun og úrvinnsla hrágagna var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri en Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann þátta- og aðhvarfsgreiningu. Gagnasafninu frá

---

könnuninni var skilað til Ferðamálastofu sem gerir þau aðgengileg í Mælaborði ferðapjónustunnar (<https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/is>).

Skýrslan er í átta köflum. Á eftir inngangi er gerð grein fyrir gögnum og aðferðafræði rannsóknarinnar en þar á eftir eru fjórir niðurstöðukaflar. Í þeim fyrsta er niðurstöðum könnunarinnar 2019 og samanburði við gögn úr landskönnunum 2014 og 2017 gerð skil. Í öðrum kafla eru niðurstöður spurninga er varða skilgreinda vísa á Jafnvægisási ferðamála teknar saman. Því næst er gerð grein fyrir niðurstöðum þátta- og aðhvarfsgreiningar á könnuninni 2019 og niðurstöður aðhvarfsgreiningar úr gagnasafni landskannana 2014-2019. Að endingu er fjallað um niðurstöður greiningar á svörum landsmanna við opnum spurningum um jákvæðustu og neikvæðustu hliðar ferðapjónustunnar á Íslandi 2019. Í lok skýrslunnar eru teknir saman helstu umræðupunktur ásamt lokaorðum.

---

## 2. GÖGN OG AÐFERÐIR

Eins og fram kom í inngangi snýr gagnaöflun rannsóknarinnar að vöktun á viðhorfum Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamanna á Íslandi. Í grunninn var um að ræða endurtekningu kannana sem framkvæmdar voru að hausti 2014 og 2017. Aðferðafræði könnunarinnar 2019 var sú sama og í þessum könnunum. Því eru niðurstöður einstakra spurninga könnunarinnar samanburðarhæfar við þessar fyrri kannanir og varpa ljósi á það hvort og að hvaða leyti viðhorf Íslendinga hafi breyst frá síðustu könnun. Í kaflanum er gerð grein fyrir spurningalistanum, framkvæmd könnunarinnar 2019 og aðferðum við úrvinnslu og greiningu gagnanna.

### 2.1. Spurningalisti

Í könnuninni var notast við staðlaðan spurningalista sem byggir á víðtækri heimildarýni og fræðilegri úttekt á erlendum og innlendum rannsóknum á viðhorfum heimamanna. Spurningalistinn hefur verið í þróun frá því fyrsta landskönnunin var gerð 2014 og verið endurskoðaður og uppfærður reglulega í takt við þróun greinarinnar og áherslur stjórnvalda um öflun áreiðanlegra gagna en kjarni hans er ávallt sá sami. Við undirbúning könnunarinnar 2019 var sérstaklega horft til nokkurra þátta:

1. Að spurningar í landskönnun 2019 verði í grunninn þær sömu og voru í könnuninni 2017 og 2014.
2. Að áfram verði safnað gögnum sem liggja til grundvallar lykilmælikvarða fyrir árangur og ávinning ferðaþjónustunnar sem sett voru fram í Vegvísi ferðaþjónustunnar um að viðhorf landsmanna til ferðaþjónustu mælist jákvætt (Mælaborð ferðaþjónustunnar, 2019; Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015).
3. Að með könnuninni verði safnað gögnum sem liggja til grundvallar skilgreindum vísam um mat á áhrifum ferðaþjónustu á íbúa á Jafnvægisási ferðamála. Um er að ræða vísa D.4 sem fjalla um áhrif á íbúa og vísa B.6 sem fjalla um áhrif á náttúrustaði:
  - D.4.1 Ánægja Íslendinga með fjölda ferðamanna í heimabyggð
  - D.4.2.1 Ónæði í daglegu lífi
  - D.4.2.2 Forðast ákveðna staði vegna ferðamanna
  - D.4.3 Efnahagslegur ávinningur (nýjar spurningar)
  - D.4.4 Samfélagsbreytingar vegna ferðaþjónustu
  - B.6.6.1 Ástand gönguleiða
  - B.6.6.2 Neikvæð áhrif ferðamanna á náttúru
  - B.6.6.3 Aukinn aðgangur að náttúru

Horft var til þess að spurningar í könnun séu í samræmi við fyrstu niðurstöður álagsmatsins um spurningar og mælikvarða sem settar voru fram haustið 2019

(Stjórnarráð Íslands, e.d.b.). Aðlögun spurninga var gerð í samráði við starfsfólk og ráðgjafa á vegum verkfræðistofunnar Eflu sem unnu að þróun jafnvægisássins. Samantekt niðurstaðna úr könnuninni vegna Jafnvægisáss ferðamála er að finna í kafla 4.

4. Að nýjum spurningum sé bætt við til að gefa tækifæri á samanburði við kannanir sem gerðar hafa verið í einstaka samfélögum (Eyrún Jenný Bjarnadóttir 2019a; 2019b; 2019c; 2019d).

Í spurningalistanum eru 55 spurningar (sjá viðauka 1). Flestar spurningarnar hafa fyrirfram ákveðna svarmöguleika á kvarða sem svarendur taka afstöðu til. Spurningar sem snúa að jákvæðustu og neikvæðustu hliðum ferðapjónustunnar í heimabyggð viðkomandi eru opnar. Tvær spurningar eru opnar að hluta þar sem svarendum gefst kostur á nánari útskýringu á svari ef þörf krefur. Í spurningalistanum eru eftirfarandi grunnbreytur skilgreindar: kyn, aldur, menntun, búseta, búsetulengd í pósthúsi, staða á vinnumarkaði, starfar við ferðapjónustu og getur hugsað sér að starfa við ferðapjónustu.

## 2.2. Framkvæmd könnunar 2019

Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu voru könnuð með meginlegum rannsóknaraðferðum. Lagskipt úrtak var tekið af sjö svæðum sem samsvara verkefnasvæðum markaðsstofa landshlutanna ásamt höfuðborgarsvæði<sup>1</sup>. Framkvæmd var símakönnun sem lögð var fyrir 6.200 manna úrtak landsmanna frá 18 ára aldri til allt að 85 ára aldurs. Miðað var að því að ná fram að lágmarki 355-379 svörum á hverju verkefnasvæði (tafla 1). Gert var ráð fyrir lagskiptu úrtaki eftir kyni, aldri og búsetu sem væri nægilega stórt til að endurspeglar best samsetningu kyns, aldurs og búsetu einstaklinga á verkefnasvæðunum.

Tafla 1: Lagskipt úrtak, markmið og svörin á verkefnasvæðunum 2019

Svæði	Svarmarkmið	Úrtak	Fengin svör	Svarhlutfall
Austurland	366	699	372	53%
Höfuðborg	379	813	387	48%
Norðurland	375	696	375	54%
Suðurland	373	818	395	48%
Suðurnes	373	827	367	44%
Vestfirðir	355	652	356	55%
Vesturland	369	733	370	51%

<sup>1</sup> Sjá nánar <https://www.ferdamalastofa.is/is/troun-og-samstarf/afangastadaaaetlanir/svaedaskipting-dmp-aaetlana>

Símakönnunin var lögð fyrir landsmenn á tímabilinu 8. október til 16. nóvember 2019. Af 6.200 manna úrtaki fengust 2.622 svör (sjá töflu 2). Svarhlutfallið var 42% að teknu tilliti til þeirra sem höfðu ekki (rétt) skráð símanúmer, þeirra sem staddir voru erlendis eða treystu sér ekki að svara af öðrum ástæðum.

Tafla 2: Úrtak, svörun og bakgrunnur svarenda

Úrtak og bakgrunnur svarenda		Fjöldi	Hlutfall
	Úrtak	6.200	
	Fjöldi svara	2.622	42%
<b>Kyn</b>	Karlar	1.326	51%
	Konur	1.296	49%
<b>Aldur</b>	18-29	216	8%
	30-44	568	22%
	45-59	865	33%
	60+	973	37%
<b>Menntun</b>	Grunnskólanám eða minna	595	23%
	Stúdentspróf eða iðnnám	783	31%
	Annað starfsnám	252	10%
	Háskólapróf	924	36%
<b>Búseta</b>	Austurland	372	14%
	Höfuðborg	387	15%
	Norðurland	375	14%
	Suðurland	395	15%
	Suðurnes	367	14%
	Vestfirðir	356	14%
	Vesturland	370	14%
<b>Lengd búsetu á því svæði</b>	5 ár eða skemur	423	16%
	6-10 ár	220	8%
	11-20 ár	447	17%
	21-30 ár	338	13%
	Lengur en 30 ár	1173	45%
<b>Staða á vinnumarkaði</b>	Í launuðu starfi	1.421	55%
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	472	18%
	Í námi	67	3%
	Á eftirlaunum	408	16%
	Annað	226	9%
<b>Starfar þú við ferðapjónustu?</b>	Já	427	16%
	Nei	2.172	84%
<b>Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðapjónustu?</b>	Já	1.224	58%
	Nei	875	42%

Markmið um svarfjölda með tilliti til kyns, aldurs og búsetu náðust nánast að öllu leyti. Vel gekk að ná til svarenda í öllum aldurshópum nema þeim yngsta þar sem svarhlutfallið var 35% sem er talsvert lægra en í öðrum aldurshópum þar sem svarhlutfall var 45-56%. Markmið um

---

fjölda svara náðist í öllum landshlutum nema Suðurnesjum. Þekkt er að oft gengur illa að fá svör frá íbúum á Suðurnesjum (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2019c). Í gagnaöflun var lögð mikil áhersla á að safna svörum í landshlutanum og var tekið aukaúrtak til að ná settum markmiðum. Þegar búið var að fara yfir allt viðbótarúrtakið vantaði enn 6 svör en ekki var gerlegt að bæta við enn einu úrtaki fyrir svo fá svör. Svarhlutfall á Suðurnesjum var því 44% sem er ívið lægra en í hinum landshlutunum þar sem svarhlutfall var á bilinu 48-55% (tafla 1).

## 2.1. Úrvinnsla gagna

Við úrvinnslu gagna úr könnuninni 2019 var notast jafnt við SPSS og Excel. Svör voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu og marktektarpróf gerð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Í viðauka 2 eru niðurstöður úr hverri spurningu könnunarinnar 2019 á landsvísu settar fram í tveimur töflum; annars vegar tíðnitöflum og hins vegar töflum sem sýna hlutföll og fjölda svara skipt eftir sömu bakgrunnspáttum og koma fram í töflu 2. Við greiningu á bakgrunnþættinum *búsetu* var horft til áðurnefndra verkefnasvæða markaðsstofa landshlutanna, alls sjö svæði. Einstaklingar með pósthúsnúmer í Reykjavík, á Seltjarnarnesi, í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsbæ flokkuðust sem höfuðborgarbúar. Við greiningu á bakgrunnspættinum *stöðu á vinnumarkaði* voru flokkarnir Sjálfstætt starfandi og Atvinnurekandi sameinaðir. Auk þess voru flokkarnir Öryrki, Atvinnuleitandi, Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi, Heimavinnandi og Annað sameinaðir. Í töflum með bakgrunnsgreiningum eru birt svör þeirra sem tóku afstöðu til viðkomandi spurningar og af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Þess ber að geta að í úrvinnslu gagna voru teknar saman tíðnitöflur og bakgrunnsgreining hvorrar spurningar fyrir hvert verkefnasvæðanna sjö. Þau gögn má finna í viðaukum samantektarskýrsla landshlutanna (sjá Eyrúnu Jennýju Bjarnadóttur 2020a; 2020b; 2020c; 2020d; 2020e; 2020f; 2020g).

Marktektarpróf voru gerð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Með vísan til spurninganúmera í Viðauka 1 voru gerð marktektarpróf með samanburði meðaltala fyrir spurningar nr. 3, 4, 5, 7 (allir liðir), 8, 9, 11, 12 og 13 (allir liðir). Annars vegar var gert T-próf fyrir tveggja hópa bakgrunnspætti og hins vegar einhliða fervikagreining (ANOVA) fyrir bakgrunnspætti með fleiri en tvo hópa. Kí-kvaðrat-próf var notað í spurningum 1, 2, 6, 10, 15 og spurningum er varða bakgrunnspætti (kyn, aldur, menntun, búseta, búsetulengd, vinnumarkaður og spurning 14 (báðir liðir). Tölfræðileg marktækni er gefin til kynna með bláum stjörnutáknum við bakgrunnspættina á eftirfarandi

---

hátt: Ein stjarna tákna að segja má með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu milli hópa sé einnig til staðar í þýðinu. Tvær stjörnur tákna að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggismörk og þrjár stjörnur tákna að munurinn sé með 99,9% vissu til staðar meðal landsmanna 2019.

## 2.2. Greining gagna

Greining gagna réðist af markmiðum rannsóknarinnar um að meta viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamanna í einstaka landshlutum og á landsvísu haustið 2019. Greining fyrir einstaka landshluta hefur þegar verið birt í áður nefndum samantektarskýrslum fyrir hvert verkefnasvæði landshlutanna. Í þessari skýrslu er að finna greiningu á viðhorfum á landinu öllu út frá könnuninni 2019. Til að meta mögulegar breytingar á viðhorfum Íslendinga var gerð samanburðargreining á niðurstöðum þriggja landskannana 2014, 2017 og 2019 til að varpa ljósi á það hvort og að hvaða leyti viðhorf Íslendinga hafi breyst milli kannana. Gagnasöfnin voru samkeyrð til að kanna hvort tölfræðilegur munur væri til staðar í svörum landsmanna. Gögnin úr könnuninni 2014 voru vigtuð til að leiðrétta skekkju sem var til staðar. Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur miðað við 99,9% öryggismörk væri á á svörum landsmanna milli kannana. Í kafla 3 er gerð grein fyrir niðurstöðum hvernar spurningar í könnuninni 2019 ásamt samanburði við fyrri landskannanir.

Í öðru lagi var gerð þáttgreining á gögnunum sem safnað var í könnuninni 2019. Þáttgreiningin nýtist til að lýsa innbyrðis tengslum tiltekinna breyta. Þeir þættir sem komu fram voru notaðir í línulega aðhvarfsgreiningu til að meta tengsl tiltekinna bakgrunnspátta og viðhorfa landsmanna til ferðamanna. Tilgangur greiningarinnar er að kanna hvort tengsl ýmissa bakgrunnspátta og viðhorfa til ferðamanna séu til staðar í gagnasafninu. Auk þess var gerð línuleg aðhvarfsgreining á gögnunum sem safnast hafa í landskönnunum 2014-2019 til að kanna hvort einhver breyting hafi orðið á tímabilinu á viðhorfum þeirra að teknu tilliti til annarra þátta. Aðhvarfsgreiningunni eru gerð skil í 5. kafla.

Í þriðja lagi er gerð greining á svörum við opnum spurningum í landskönnun 2019 sem snéru að jákvæðustu og neikvæðustu hliðum ferðaþjónustunnar í heimabyggð viðkomandi. Svörin voru þemaflokkuð til að finna helstu áherslur. Sömu spurningar voru í könnuninni 2017 og eru áherslur í svörum bornar saman til að kanna hvort breytingar hafi átt sér stað. Niðurstöður greiningarinnar er að finna í kafla 6.

---

### 3. NIÐURSTÖÐUR 2019 OG SAMANBURÐUR 2014-2019

Í kaflanum er gerð grein fyrir niðurstöðum einstakra spurninga frá landskönnuninni 2019. Jafnframt er kannað hvort breytingar hafa orðið á viðhorfum landsmanna frá árunum 2014 og 2017. Í flestum tilfellum eru gögnin samanburðarhæf við niðurstöður landskönnunar 2017 og við 14 spurningaliði úr könnuninni 2014. Í örfáum tilfellum var orðalagi spurninganna breytt, einkum vegna áherslubreytinga, einföldunar viðmiða til að auðvelda svarendum að taka afstöðu eða vegna tillagna um mat á áhrifum ferðapjónustu á íbúa skv. Jafnvægisási ferðamála. Breytingarnar höfðu ekki teljandi áhrif á möguleika til samanburðar.

Kaflinn skiptist í sjö hluta þar sem viðhorf landsmanna til tiltekinna þátta eru tekin saman. Þættirnir eru: viðhorf Íslendinga til fjölda ferðamanna, áhrif á daglegt líf, áhrif á efnahag, atvinnulíf og þjónustu, áhrif á samfélagið, áhrif ferðamanna á umhverfi og náttúru, mat á ástandi innviða, viðhorf til ferðapjónustu og áhrif á lífsgæði heimamanna.


Í samanburðargreiningu var notast við niðurstöður landskönnunar 2014 (Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir; 2015; Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; 2014) og landskönnunar 2017 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl., 2018). Samanburður er sýndur með myndrænum hætti eftir því sem við á. Ekki var gerður samanburður á niðurstöðum milli kannana eftir bakgrunnsbreytum en tekið er fram í texta ef marktækur munur var á niðurstöðum eftir bakgrunnsbreytum í hvorri könnun fyrir sig. Í kaflanum er aðeins gerð grein fyrir mun milli hópa ef sá munur reyndist marktækur miðað við 99,9% öryggismörk með tilliti til þessara bakgrunnsþátta nema annað sé sérstaklega tekið fram. Niðurstöður nýrra spurninga eru sýndar myndrænt ásamt niðurstöðum bakgrunnsgreininga ef munur á svörum mismunandi hópa var marktækur. Niðurstöður bakgrunnsgreininga og tíðnitöflur fyrir spurningar könnunarinnar 2019 er að finna í viðauka 2.

#### 3.1. Viðhorf Íslendinga til fjölda ferðamanna

Frá því að mælingar á viðhorfum landsmanna hófust árið 2014 hefur meirihluta landsmanna þótt fjöldi ferðamanna vera hæfilegur á sumrin. Mynd 1 sýnir að árið 2019 sögðu 67% landsmanna að fjöldinn færi hæfilegur á sumrin og fjölgaði þónokkuð í þeim hópi frá 2017 eftir fækkun frá 2014. Enn fækkaði þeim landsmönnum sem telja fjölda ferðamanna of mikinn og enn fjölgaði þeim sem telja ferðamenn vera alltof eða heldur fáa yfir sumartímann. Þessar breytingar reyndust vera marktækar milli kannana. Í könnuninni 2014 var ekki marktækur munur á svörum eftir bakgrunnsbreytum. Í könnunum 2017 og 2019 var marktækur munur á




svörum mismunandi hópa nema eftir aldri. Í báðum könnunum voru konur líklegri en karlar til að telja fjöldann heldur eða of mikinn á sumrin. Í flestum landshlutum var þróunin svipuð og var á landsvísu (mynd 2) nema á Vestfjörðum þar sem viðhorf til fjölda ferðamanna voru nánast óbreytt á milli kannana. Mesta breytingin milli kannana 2017 og 2019 var á Suðurlandi en þar sögðu mun fleiri íbúar en áður að ferðamannafjöldi væri hæfilegur og mun færri nú sem sögðu fjöldann vera of mikinn. Sömu sögu má segja af höfuðborgarsvæðinu en þar var hæst hlutfall þeirra sem telja fjölda ferðamanna vera hæfilegan.




**Mynd 1: Viðhorf Íslendinga til fjölda ferðamanna sumar og vetur 2014-2019**

Viðhorf landsmanna til fjölda ferðamanna á veturna eru áfram nokkuð tvískipt (mynd 1). Annars vegar telja landsmenn fjöldann vera hæfilegan (52%) og hins vegar að fjöldinn sé of lítill (43%). Afar litlar en marktækar breytingar hafa orðið á viðhorfum landsmanna en á milli kannana fjölgaði áfram lítilllega í hópi þeirra sem sögðu fjöldann hæfilegan. Í könnuninni 2014 var enginn munur á svörum landsmanna eftir bakgrunnsbreytum. Í könnuninni 2017 var munur á svörum eftir öllum bakgrunnsbreytum nema menntun og hvort viðkomandi starfi í ferðaþjónustu. Í könnuninni 2019 var munur á svörum eftir öllum bakgrunnsbreytum nema aldri og búsetulengd. Í könnunum 2017 og 2019 voru karlar líklegri en konur til að telja ferðamenn vera heldur eða of fáa á veturna. Í könnuninni 2019 voru þeir sem störfuðu í ferðaþjónustu og gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu líklegri til að telja ferðamenn vera of fáa. Viðhorf voru áfram misjöfn eftir landsvæðum árið 2019 (mynd 3). Íbúar á Höfuðborgarsvæði, Suðurlandi og á Suðurnesjum voru frekast á því að ferðamenn væru hæfilega margir og var hópurinn sem svo sagði hlutfallslega stærstur á höfuðborgarsvæðinu. Á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi fannst íbúum ferðamenn vera of fáir á veturna.

Afar fáir töldu fjölda ferðamanna vera of mikinn á veturna. Í öllum landshlutum hækkaði hlutfall svarenda sem sagði fjöldann vera hæfilegan nema á Suðurlandi þar sem hlutfallið dróst saman.




**Mynd 2: Viðhorf Íslendinga til fjölda ferðamanna á sumrin 2014-2019 og skipting svara eftir landshlutum**



**Mynd 3: Viðhorf Íslendinga til fjölda ferðamanna á veturna 2014-2019 og skipting svara eftir landshlutum**

### 3.1. Áhrif á daglegt líf

Árið 2019 urðu færri landsmenn daglega varir við ferðamenn í heimabyggðinni en árið 2017. Hlutfall landsmanna sem urðu daglega varir við ferðamenn dróst saman um 10 prósentustig milli kannana, eða úr 78% árið 2017 í 68% 2019 (mynd 4). Hins vegar fjölgaði í hópi þeirra sem urðu varir við ferðamenn 1-3 sinnum í viku og því sáu áfram yfir 90% landsmanna ferðamenn í hverri viku. Í könnunum 2017 og 2019 var marktækur munur á svörum íbúa sem störfuðu í ferðaþjónustu og þeirra sem störfuðu við annað. Eðli málsins samkvæmt voru þeir fyrrnefndu marktækt líklegri til að sjá ferðamenn oft. Í könnuninni 2019 var marktækur munur á svörum kynjanna. Karlar voru líklegri en konur til að hafa séð ferðamenn daglega sem er eftirtektarvert í ljósi þess að konur voru líklegri en karlar til að segja að fjöldi ferðamanna væri of mikill. Þó svo að sama þróun hafi átt sér stað í landshlutunum og á landsvísu var engu að síður munur í báðum könnunum (mynd 5). Árið 2017 sáu Sunnlendingar og Norðlendingar ferðamenn oft en aðrir landsmenn og höfuðborgarbúar og íbúar á Vesturlandi sáu þá sjaldnar en aðrir landsmenn. Á höfuðborgarsvæði, Norðurlandi, Suðurlandi og Vesturlandi átti sama þróun sér stað og á landsvísu árið 2019. Á Austurlandi og Suðurnesjum urðu engar marktækar breytingar innan landhlutanna og urðu um 80% íbúa áfram nánast daglega varir við ferðamenn. Vestfirðingar skáru sig frá öðrum landsmönnum fyrir langlægsta hlutfall íbúa sem sá ferðamenn daglega og fyrir mestu breytinguna í þeim hópi.




**Mynd 4: Hversu oft verða landsmenn varir við og eiga samskipti við ferðamenn – Svör landsmanna 2017-2019**


Landsmönnum sem áttu í nær daglegum samskiptum við ferðamenn fækkaði hlutfallslega milli kannana og þeim fjölgaði sem áttu sjaldan samskipti við ferðamenn. Þessar breytingar milli

kannana voru marktækar. Marktækur munur var á svörum íbúa eftir landshlutum í könnuninni 2019. Hlutfall þeirra sem sáu ferðamenn daglega var hærra á Austurlandi (27%) og lægst á höfuðborgarsvæðinu (10%) en var á bilinu 16-23% í öðrum landshlutum. Í báðum könnunum var munur á svörum mismunandi hópa svarenda. Landsmenn á aldrinum 18-29 voru líklegastir til að eiga í daglegum samskiptum við ferðamenn og eftir því sem svarendur voru eldri urðu samskiptin fátíðari. Eftirlaunaþegar, þeir sem höfðu lengsta búsetu í heimabyggð viðkomandi (lengur en 30 ár) og þeir sem ekki gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu voru líklegastir til að eiga sjaldan samskipti við ferðamenn.

Langflestum, eða níu af hverjum tíu landsmönnum líkaði áfram frekar eða mjög vel að eiga samskipti við ferðamenn (mynd 6). Hlutfall landsmanna sem svo sögðu er því áfram mjög hátt. Engin fjölgun var í hópi þeirra sem líkaði frekar eða mjög illa að eiga samskipti við ferðamenn en líkt og 2017 tóku 8% svarenda ekki afstöðu. Í landshlutunum breyttust svör mjög lítið en árið 2019 var hlutfall svarenda sem líkaði vel að eiga samskipti við ferðamenn hæst á meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu (93%) og á Norðurlandi (93%) og mjög hátt (88-92%) í öðrum landshlutum (sjá töflu 24 í viðauka). Í könnunum 2017 og 2019 voru svarendur sem höfðu ferðaþjónustu að aðalstarfi eða gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu líklegastir til að líka frekar eða mjög vel við að eiga samskipti við ferðamenn.



**Mynd 5: Hversu oft landsmenn urðu varir við ferðamenn 2017-2019 og skipting eftir landshlutum**



**Mynd 6: Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð – Svör landsmanna 2014-2019**

Á mynd 7 er samanburður svara landsmanna við nokkrum fullyrðingum er varða áhrif ferðamanna á daglegt líf Íslendinga 2017 og 2019. Árið 2019 töldu 85% landsmanna sig ekki verða fyrir ónæði vegna ferðamanna<sup>2</sup>. Um 8% landsmanna töldu ferðamenn valda ónæði í daglega lífinu. Í könnuninni 2019 var marktækur munur á svörum landsmanna eftir aldri, búsetu, stöðu á vinnumarkaði og þeim sem gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu. Landsmenn 60 ára og eldri og eftirlaunaþegar fundu minnst fyrir ónæði vegna ferðamanna en hlutfall landsmanna sem fann fyrir ónæði lækkaði með aldrinum. Sama þróun var raunar til staðar í niðurstöðum könnunarinnar 2017. Ónæði vegna ferðamanna var minnst á höfuðborgarsvæðinu (4%), mest á Vestfjörðum (12%) en í öðrum landshlutum á bilinu 6-10% (sjá töflu 42 í viðauka).

Landsmönnum sem töldu heimabyggðina ekki geta tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður fækkaði milli kannana, úr 28% (2017) í 20% (2019). Í báðum könnunum var marktækur munur á svörum kynjanna, búsetu, stöðu á vinnumarkaði og þeirra sem störfuðu í ferðapjónustu/gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu. Karlar voru líklegri en konur til að telja að heimabyggðin geti tekið við fleiri ferðamönnum. Hið sama sögðu sjálfstætt starfandi, eftirlaunaþegar, þeir sem störfuðu og gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu. Íbúar á Suðurlandi, Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurnesjum svöruðu í sama dúr og landsmenn allir, þ.e. í þessum landshlutum töldu fleiri nú en áður að þeirra svæði gæti tekið við fleiri ferðamönnum. Mesta breytingin var á höfuðborgarsvæðinu þar sem borgarbúum


<sup>2</sup> Settur er fyrirvari á samanburð niðurstaðna milli kannana fyrir spurninguna „Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi“. Orðalag spurningarinnar breyttist milli kannana og var árið 2017 „Ferðamenn valda meira ónæði í mínu daglega lífi en áður“.

---

sem töldu heimabyggðina ekki geta tekið við fleiri ferðamönnum fækkaði milli kannana, úr 31% í 18%. Á Vestfirðum fækkaði þeim lítillega sem töldu heimabyggðina geta tekið við fleiri ferðamönnum, úr 64% í 61%. Þrátt fyrir það fjölgaði ekki Vestfirðingum sem voru á öndverðum meiði og munaði mestu um hópinn sem ekki tók afstöðu með eða á móti. Þessar breytingar voru á skjön við þróunina á landsvísu.

Landsmenn voru ólíklegri en áður til að forðast ákveðna staði á landinu þar sem vitað er að marga ferðamenn er að finna. Hlutfall þeirra sem sagðist forðast tiltekna staði lækkaði lítillega, eða úr 50% 2017 í 44% 2019. Í báðum könnunum var munur á svörum milli flestra hópa en enginn hópur skar sig frá þróun landsmeðaltalsins. Konur voru líklegri en karlar til að forðast tiltekna staði. Hið sama sögðu svarendur á aldrinum 30-59 ára og þeir sem ekki gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu. Með hærra menntunarstigi voru svarendur líklegri til að forðast ákveðna staði.


Fleiri landsmenn eru hræddari nú en áður við keyra á vegum úti vegna aukinnar umferðar ferðamanna. Hlutfall þeirra sem svo sagði hækkaði úr 53% 2017 í 58% og var um marktækan mun að ræða. Í báðum könnunum var munur mestur á svörum kynjanna og eftir búsetu. Konur voru líklegri en karlar að finna til meiri hræðslu við akstur á þjóðvegum landsins. Árið 2019 sögðust 64% kvenna vera hræddari við akstur á móti 51% karla. Íbúar á Austurlandi fundu síður en aðrir landsmenn til öryggis í umferðinni. Í könnuninni 2019 sögðust tveir af hverjum þremur íbúum á Austurlandi vera hræddari en áður við að keyra úti á þjóðvegnum vegna aukinnar umferðar ferðamanna. Vestfirðingar voru síður en aðrir landsmenn hræddir við að keyra á þjóðvegum landsins.



**Mynd 7: Áhrif á daglegt líf - Svör landsmanna 2017-2019**

### 3.2. Áhrif á efnahag, atvinnulíf og þjónustu

Landsmönnum sem töldu ferðapjónustu mjög mikilvæga efnahagslega fjölgaði áfram milli kannana (mynd 8). Mest fjölgaði í hópi þeirra sem töldu ferðapjónustu efnahagslega mjög mikilvæga, úr 46% 2017 í 51% 2019. Árið 2014 taldi meginþorri svarenda ferðapjónustuna nokkuð mikilvæga (68%) eða mjög mikilvæga (30%) en gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs þegar svörin voru skoðuð eftir bakgrunni svarenda. Í könnunum 2017 og 2019 var mesti munur á svörum eftir bakgrunni svarenda út frá búsetu, hvort starfað var í ferðapjónustu eða hvort fólk geti hugsað sér að starfa í ferðapjónustu. Í báðum könnunum voru íbúar á Norðurlandi, Suðurnesjum og Suðurlandi, þeir sem störfuðu í ferðapjónustu og þeir sem gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu líklegri en aðrir hópar til þess að telja ferðapjónustu efnahagslega mikilvæga fyrir heimabyggðina. Í könnuninni 2019 voru konur líklegri en karlar til að telja ferðapjónustu vera efnahagslega mikilvæga.



**Mynd 8: Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í þinni heimabyggð?**

Á mynd 9 má sjá að landsmenn voru afar jákvæðir í garð áhrifa ferðamanna og ferðapjónustu á atvinnulíf, efnahag, verslun og þjónustu í heimabyggð. Langflestir, eða 89% landsmanna höfðu trú á því að ferðapjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratuginna. Landsmenn styrktust í þeirri skoðun milli kannana. Í báðum könnunum var lítill munur á svörum mismunandi hópa. Landsmenn sem störfuðu við eða gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu voru líklegastir til að vera sammála fullyrðingunni. Hlutfall landsmanna sem taldi ferðapjónustu auka fjölbreytni í atvinnulífinu var einnig áfram mjög hátt. Í könnuninni 2017 var munur á svörum mismunandi hópa eftir búestu og hvort þeir störfuðu við ferðapjónustu eða gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu. Á Norðurlandi og Suðurnesjum voru fleiri íbúar en annars staðar á því að ferðapjónusta auki fjölbreytni í atvinnulífi heimabyggðarinnar en höfuðborgarbúar voru síst allra þeirrar skoðunar. Þeir sem störfuðu við ferðapjónustu og gátu hugsað sér að starf í ferðapjónustu voru líklegri til að taka afstöðu með fullyrðingunni bæði 2017 og 2019.


Landsmönnum sem telja ferðamenn efla verslun í heimabyggð fjölgaði á ný. Í könnuninni 2019 töldu tæp 80% landsmanna ferðamenn efla verslun í heimabyggðinni en voru 75% 2017 eftir talsverða fækkun frá 2014 þegar rúm 90% svarenda voru sammála. Ekki var unnt að greina mun á svörum eftir bakgrunnspáttum könnunarinnar 2014 þar sem svör þeirra sem voru ósammála reyndust of fá. Breytingar í svörum milli kannana 2017 og 2019 voru svipaðar. Íbúar á Suðurlandi og Norðurlandi, þeir sem störfuðu við ferðapjónustu og þeir sem gátu hugsað sér að starfa við ferðapjónustu voru í báðum tilfellum líklegustu hóparnir til að telja ferðamenn efla verslun í heimabyggðinni. Vestfirðir og Vesturland skáru sig engu að síður frá öðrum svæðum 2019 þar sem þar voru marktækt færri þeirrar skoðunar að ferðamenn efla verslun í heimabyggð.



---


Ekki er að sjá að landsmenn telji að ferðamenn hafi takmarkað aðgengi annarra að þjónustu nema að litlu leyti. Aðeins 12% landsmanna töldu að ferðamenn hafi takmarkað aðgengi að þjónustu og fækkaði þeim um 5 prósentustig frá 2017 og um 10 prósentustig frá 2014. Að sama skapi hækkaði hlutfall landsmanna sem voru ósammála og var 80% 2019. Í könnuninni 2014 var marktækur munur á viðhorfum eftir menntun og stöðu á vinnumarkaði. Launþegar og þeir sem höfðu framhaldsskólamenntun voru líklegustu hóparnir til að telja ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu. Í könnuninni 2017 fannst munur á svörum eftir aldri og kyni sem ekki var lengur til staðar 2019. 2017 voru konur líklegri en karlar til að taka afstöðu með fullyrðingunni og með hækkanndi aldri fundu landsmenn síður fyrir því að ferðamenn hefti aðgengi að þjónustu. Í könnunum 2017 og 2019 var munur á svörum eftir búsetu, stöðu á vinnumarkaði og því hvort svarendur gátu hugsað sér að starfa í ferðaþjónustu. Suðurnesjabúar, íbúar á Vesturlandi, eftirlaunaþegar og þeir sem gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu fundu síður fyrir því að ferðamenn takmarki aðgengi að þjónustu.

Tæp 60% landsmanna töldu árið 2019 að ferðaþjónusta hafi leitt til fjölbreyttari þjónustu sem þeir hefðu nýtt sér. Hlutfall landsmanna sem svo sagði hækkaði marktækt frá 2017. Árið 2017 var aðeins munur á svörum landsmanna eftir menntunarstigi en háskólagengnir voru líklegastir til að vera sammála fullyrðingunni. Árið 2019 voru háskólagengnir sjálfstætt starfandi, Sunnlendingar og landsmenn sem gátu hugsað sér að starfa í ferðaþjónustu líklegastir til að vera sammála.



#### Mynd 9: Áhrif á atvinnu- og efnahagslíf, verslun og þjónustu - Svör landsmanna 2014-2019


Tæp 80% landsmanna voru ósammála því að aðrar atvinnugreinar gjaldi fyrir það að fólk ráði sig til starfa í ferðaþjónustu en 11% töldu ferðaþjónustuna taka til sín vinnuafli á kostnað annarra atvinnugreina. Þetta kom fram í niðurstöðum nýrrar spurningar og koma fram á mynd 10. Marktækur munur var á svörum eftir búsetu. Vestfirðingar voru líklegri en aðrir landsmenn til að vera ósammála því að aðrar atvinnugreinar í heimabyggðinni gjaldi fyrir það að fólk ráði sig til starfa í ferðaþjónustu. Austurland og Suðurnes skáru sig frá öðrum landshlutum fyrir hæst hlutfall íbúa sem taldi að ferðaþjónusta taki til sín starfsfólk frá öðrum atvinnugreinum en í flestum öðrum landshlutum var það hlutfall á bilinu 6-10%. Hlutfall svarenda sem ekki tók afstöðu með eða á móti fullyrðingunni var hæst í höfuðborginni.




**Mynd 10: Aðrar atvinnugreinar í minni heimabyggð gjalda þess að fólk ræður sig til starfa í ferðaþjónustu**

Meirihluti landsmanna taldi marga íbúa í heimabyggðinni njóta efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu. Almennt var fólk á því að hæfilegur eða stór hluti tekna sem skapast af ferðaþjónustu í heimabyggðinni yrði eftir á svæðinu. Þetta kom fram í niðurstöðum nýrra spurninga í könnuninni 2019 sem fram koma á myndum 11 og 12 ásamt þeim bakgrunnsbreytum þar sem munur á svörum mismunandi hópa var marktækur. Í flestum landshlutum taldi yfir helmingur íbúa að margir njóti efnahagslegs ávinnings en 25-36% svarenda í hverjum landshluta taldi samt sem áður að fáir nyttu efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustunni í þeirra heimabyggð. Vestfirðingar og íbúar á Vesturlandi skáru sig frá

fjöldanum fyrir þær sakir að þar var hæst hlutfall svarenda sem var þeirrar skoðunar að fáir nytu efnahagslegs ávinnings í heimabyggðinni. Mesti munurinn var þó á svörum þeirra sem störfuðu í ferðapjónustu og þeirra sem gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu en þeir voru líklegastir til að bæði telja íbúa heimabyggðarinnar njóta efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustu og að stór hluti tekna hennar verði eftir á svæðinu.



**Mynd 11: Telur þú að margir eða fáir íbúar í þinni heimabyggð njóti efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustu?**




**Mynd 12: Telur þú að stór eða lítill hluti þeirra tekna sem skapast af ferðapjónustu í þinni heimabyggð sitji eftir á svæðinu?**

### 3.3. Áhrif á samfélagið

Almennt virðast landsmenn vera jákvæðir gagnvart áhrifum ferðamennsku og ferðamanna á samfélagið eins og sjá má á mynd 13. Níu af hverjum tíu landsmönnum töldu ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins, voru stoltir af því að ferðamenn vilji koma í heimabyggð þeirra, voru sáttir við að samfélagið taki einhverjum breytingum vegna ferðamanna og töldu það hafa afleiðingar fyrir samfélagið ef ferðamenn myndu hætta að koma. Mynd 13 sýnir að viðhorfin eru í flestum tilfellum afgerandi jákvæð sem breyttist lítið milli kannana. Landsmenn voru ekki eins afgerandi í afstöðu til þess hvort ferðamenn hefðu breytt íslensku samfélagi til hins betra en engu að síður hækkaði hlutfall landsmanna marktækt sem taldi slíkar breytingar góðar, úr 53% 2017 í 61%. Öll þessi atriði áttu það sameiginlegt í báðum könnunum að marktækur

munur var á svörum þeirra sem gátu hugsað sér að starfa í ferðapjónustu og/eða gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu sem í öllum tilfellum voru líklegastir til að vera jákvæðir í afstöðu til þessara spurninga. Að öðru leyti var erfitt að sjá skýrar línur í afstöðu mismunandi hópa og ekki var um afgerandi mun að ræða. Í könnunum 2017 og 2019 var fylgni milli aldurs og menntunar landsmanna í svörum um hvort ferðamenn auki fjölbreytileika mannlífsins; með hærri aldri og aukinni menntun urðu viðhorfin jákvæðari. Í könnuninni 2019 var marktækur munur milli hópa í nokkrum atriðum. Í spurningu um fjölbreytileika mannlífsins var á munur á svörum eftir búsetu og munaði þar mestu um hæsta hlutfall jákvæðra svara úr höfuðborginni. Sjálfstætt starfandi og eftirlaunaþegar voru líklegir til að telja ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra og konur voru frekar en karlar stoltar yfir því að ferðamenn vilji koma og heimsækja heimabyggðina.




**Mynd 13: Áhrif á samfélag - Svör landsmanna 2014-2019**

---

Meirihluti landsmanna var jákvæður gagnvart því að íbúar geti ráðstafað fasteignum sínum í leigu til ferðamanna. Jafnframt var meirihluti landsmanna þeirrar skoðunar að ferðaþjónusta takmarkaði ekki möguleika íbúa á að eignast húsnæði. Ekki var spurt um þessi atriði í fyrri könnunum á landsvísu.


Töluverður munur var á svörum eftir landshlutum eins og sjá má á myndum 14 og 15. Íbúar á Vesturlandi (66%) og á Norðurlandi (65%) voru jákvæðastir gagnvart því að fólk væri að leigja eignir sínar til ferðamanna en hlutfall svarenda sem voru jákvæðir var lægst á Austurlandi (51%). Íbúar á Vesturlandi (66%), Norðurlandi (65%) og á Suðurnesjum (65%) voru frekar á því en aðrir landsmenn að ferðaþjónustan hefði ekki takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði á þessum svæðum. Höfuðborgarsvæðið skar sig frá öðrum landshlutum en þar voru mun fleiri íbúar (43%) á því að ferðaþjónustan hefði takmarkað möguleika fólks á að eignast húsnæði en nærri jafn stór hópur (40%) var á öndverðum meiði.

Ungt fólk á aldrinum 18-29 ára, 60 ára og eldri, eftirlaunaþegar og svarendur sem ekki gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu voru líklegastir til að vera sammála því að ferðaþjónustan hefði takmarkað möguleika fólks á að eignast húsnæði.




**Mynd 14: Mér finnst jákvætt að fólk í minni heimabyggð geti ráðstafað fasteignum sínum í leigu til ferðamanna**





**Mynd 15: Ferðapjónustan hefur takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í minni heimabyggð**

Um 85% landsmanna sögðust vera ánægðir með ferðapjónustu í samfélaginu (mynd 16). Á Suðurlandi var ánægja með ferðapjónustuna í samfélaginu mest en 90% svarenda þar voru frekar eða mjög ánægðir með ferðapjónustuna í sínu samfélagi. Fyrir utan Suðurland var ánægjan mest á Austurlandi (88%) og Norðurlandi (89%). Ánægðustu hóparnir þar fyrir utan voru þeir sem störfuðu í ferðapjónustu (88%) og þeir sem gátu hugsað sér að starfa í ferðapjónustu (90%).



**Mynd 16: Á heildina litið er ég ánægð(ur) með ferðapjónustu í mínu samfélagi**

---

### 3.4. Áhrif ferðamanna á umhverfi og náttúru


Sjö af hverjum tíu landsmönnum voru mjög eða frekar sammála því að ferðamenn kenni okkur að meta eigið land og hafa aldrei fleiri verið á þeirri skoðun (mynd 17). Milli kannananna 2014 og 2017 fækkaði hlutfallslega í hópi þeirra sem voru sammála en á móti fjölgaði landsmönnum sem voru ósammála eða tóku ekki afstöðu en þær breytingar virðast hafa gengið til baka 2019. Í könnun 2014 voru framhaldsskólamenntaðir líklegastir til að vera mjög eða frekar sammála fullyrðingunni en enginn munur var á svörum eftir menntunarstigi í könnununum 2017 og 2019. Landsmenn sem störfuðu við ferðaþjónustu og gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu voru líklegri til að telja að ferðamenn kenni okkur að meta eigið land.

Flestir landsmenn eru enn þeirrar skoðunar að ferðamenn stuðli að bættu aðgengi að náttúru landsins og fjölgaði þeim á ný milli kannana eftir lítilsháttar fækkun 2017. Fjölgunin var marktæk og fólst einna helst í því að hlutfall landsmanna sem voru mjög ósammála fullyrðingunni dróst saman og á móti fjölgaði í hópi þeirra sem voru frekar sammála. Í könnuninni 2014 reyndist vera munur á svörum eftir kyni og starfsstétt. Karlar og iðnaðarmenn, tæknar og sérmenntaðir voru líklegustu hóparnir til að telja ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins. Munurinn á svörum kynjanna var enn til staðar í könnununum 2017 og 2019. Í könnuninni 2017 voru þeir sem störfuðu í ferðaþjónustu og þeir gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu líklegri en aðrir landsmenn til að vera sammála fullyrðingunni. Í könnuninni 2019 var munurinn enn til staðar fyrir síðarnefnda hópinn en munurinn á svörum þeirra sem störfuðu í ferðaþjónustu féll út.

Landsmönnum sem telja ferðamenn spilla náttúru landsins fækkaði 2019, voru 48% í stað 57% í könnun 2017. Þessar breytingar voru marktækar. Í könnuninni 2014 skiptust landsmenn nokkuð jafnt í tvo hópa með og á móti fullyrðingunni en í könnuninni 2017 varð afstaða landsmanna með því að ferðamenn spilli náttúru landsins mun skýrari. Í könnuninni 2019 fjölgaði verulega í hópi þeirra sem tóku hvorki afstöðu með fullyrðingunni né á móti. Í könnunum 2017 og 2019 var fólk á aldrinum 18-29 ára og þeir sem hvorki störfuðu við ferðaþjónustu né gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu marktækt líklegri en aðrir hópar til að telja ferðamenn spilla náttúru landsins.

Flestir landsmenn telja ekki að ferðamenn spilli upplifun af náttúru landsins. Hlutfall landsmanna sem svo sagði stóð nánast í stað milli kannana 2017 og 2019 eftir hækkun frá árinu 2014. Um fjórðungur landsmanna taldi engu að síður að ferðamenn spilli upplifun af náttúru landsins, sem er ívið meiri fjöldi en var 2014. Hlutfall landsmanna sem ekki tók afstöðu með eða á móti hækkaði lítillega frá könnuninni 2017. Árið 2014 var marktækur munur á sjónarmiðum svarenda eftir aldri, búsetu, menntun og starfsstétt. Fólk 60 ára og eldra, íbúar

á höfuðborgarsvæðinu, háskólamenntaðir, stjórnendur og sérfræðingar og iðnaðarmenn, tæknar og sérmenntaðir voru líklegri en aðrir hópar til að telja ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins. Árið 2017 voru þeir sem höfðu haft lengsta búsetu á svæði líklegastir til að vera sammála því að ferðamenn spilli ekki upplifun af náttúru landsins. Í könnunum 2017 og 2019 voru eftirlaunabegar og þeir sem gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu líklegir til að vera ósammála því að ferðamenn spilli upplifun af náttúru landsins. Auk þess var í báðum könnunum fylgni milli aldurs landsmanna og viðhorfa; með hækkandi aldri voru landsmenn líklegri til að vera ósammála því að ferðamenn spilli upplifun af náttúru landsins.




**Mynd 17: Áhrif ferðamanna á umhverfi og náttúru - Svör landsmanna 2014-2019**

### 3.5. Mat á ástandi innviða

Landsmenn voru beðnir um að leggja mat á ástand nokkurra innviða sem tengjast ferðaþjónustu í heimabyggðinni. Spurt var um vegakerfi, almenningssamgöngur, bílastæði, skilti og merkingar, göngustíga og gönguleiðir og almenningssalarni. Á mynd 18 má sjá að langverst þótti landsmönnum staðan á almenningssalernum og á ástandi vegakerfisins í

---


heimabyggð. Landsmenn voru áfram ánægðastir með ástand göngustíga og gönguleiða. Í öllum tilfellum töldu landsmenn ástand innviða hafa batnað milli kannana nema almenningsamgöngur sem versnuðu og ástand vegakerfis sem breyttist ekki. Hlutfall svarenda sem ekki tóku afstöðu til ástands innviða var alls staðar svipað og breyttist lítið milli kannana. Þegar svör mismunandi hópa voru skoðuð kom í ljós að helst var munur á svörum landsmanna eftir aldri, búsetu og stöðu á vinnumarkaði. Ungt fólk (18-29 ára) var líklegra en þeir sem eldri voru til að telja ástand vegakerfis, almenningsamgangna, almenningsalerna og skilta og merkinga vera gott. Sjálfstætt starfandi voru líklegir til telja ástand innviða vera slæmt (skilti og merkingar; göngustígar og gönguleiðir). Þónokkur munur var á innviðamati landsmanna eftir búsetu. Ástand vegakerfis þótti best á Suðurnesjum 2019 en það var eina svæðið þar sem ástand vegakerfis hafði batnað milli kannanna að mati heimamanna. Ástand almenningsamgangna þótti í báðum könnunum best á Suðurnesjum og verst á Vestfjörðum. Göngustígar og gönguleiðir, sem í báðum könnunum var talsverð ánægja með í öllum landshlutum, þóttu best á höfuðborgarsvæði og á Suðurnesjum. Salernismál þóttu í öllum landshlutum vera í slæmum málum og var ástandið einna verst á Norðurlandi 2017 en árið 2019 var það verst á höfuðborgarsvæðinu. Í öðrum landshlutum töldu heimamenn ástand almenningsalerna hafa batnað lítilsháttar milli kannana en í höfuðborginni urðu engar slíkar breytingar. Í könnuninni 2019 var í nokkrum tilfellum einnig munur á svörum eftir búsetulengd sem ekki var til staðar í niðurstöðunum 2017. Því lengur sem svarendur höfðu búið á viðkomandi svæði varð mat þeirra á ástandi innviða betra (vegakerfi, almenningsamgöngur, bílastæði). Í tveimur tilfellum var munur á svörum þeirra sem störfuðu við ferðaþjónustu og annarra en þeir fyrrnefndu voru líklegri til að telja ástand almenningsamgangna slæmt. Þeir síðarnefndu voru líklegir til að vera ánægðir með ástand göngustíga og -leiða.



**Mynd 18: Mat á ástandi innviða - Svör landsmanna 2017-2019**


### 3.6. Viðhorf til ferðapjónustu

Haustið 2019 taldi aðeins einn af hverjum fjórum landsmönnum íslensk ferðapjónustufyrirtæki innheimta sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sína (mynd 19). Um helmingur landsmanna taldi verðlagningu fyrirtækjanna ekki sanngjarna. Engar marktækar breytingar áttu sér stað í viðhorfum landsmanna milli kannana. Í báðum könnunum voru svarendur 60 ára og eldri, eftirlaunaþegar og þeir sem störfuðu í ferðapjónustu líklegastir til að telja gjaldtöku fyrirtækjanna sanngjarna. Í könnuninni 2019 voru jafnframt þeir sem gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu líklegir til að vera sömu skoðunar. Auk þess var munur á svörum eftir búsetu 2019 (marktækt miðað við 99% öryggismörk, sjá töflu 60 í viðauka). Íbúar á Suðurnesjum voru líklegastir til að vera sammála því að gjaldtaka ferðapjónustufyrirtækja fyrir þjónustu sé sanngjörn en íbúar á Austurlandi voru líklegastir til að vera ósammála. Sunnlendingar tóku síður afstöðu með eða á móti.




**Mynd 19: Íslensk ferðaþjónustufyrirtæki innheimta sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sína - Svör landsmanna 2017-2019**

Í könnunum 2017 og 2019 töldu tveir af hverjum þremur landsmönnum ferðaþjónustu skapa að jafnaði fjölbreytt störf en áherslumunur var milli kannana í svörum landsmanna (mynd 20). Milli kannananna tveggja hækkaði marktækt hlutfall landsmanna sem taldi ferðaþjónustustörf frekar fjölbreytt og á móti lækkaði hlutfall þeirra sem taldi störfin vera mjög fjölbreytt. Hlutföll landsmanna, sem töldu að störf í ferðaþjónustu væru annað hvort einhæf eða bæði fjölbreytt og einhæf, breyttust ekki að ráði milli kannananna 2017 og 2019. Árið 2014 töldu þrjú af hverjum fjórum landsmönnum að ferðaþjónusta skapaði fjölbreytt störf. Hugmyndir landsmanna um laun í ferðaþjónustustörfum voru ekki eins jákvæðar, því samanburður milli kannananna 2014-2019 sýnir að landsmönnum sem töldu slík störf vera frekar illa launuð fjölgaði (mynd 21). Á móti fækkaði áfram í hópi þeirra sem töldu störfin frekar vel launuð og voru þessar breytingar marktækar. Hlutfall landsmanna sem taldi störfin bæði vel og illa launuð stóð áfram í stað. Í öllum þremur könnunum var hægt að greina marktækan mun eftir aldri og stöðu á vinnumarkaði. Ungt fólk (18-29 ára) og námsmenn voru líklegustu hóparnir til að telja störfin bæði fjölbreytt og einhæf og að störfin væru frekar vel launuð. Þrátt fyrir það fjölgaði talsvert milli kannananna 2017 og 2019 í hópi þessa yngsta hóps sem taldi störfin vera frekar illa launuð. Þá voru þeir sem störfuðu í ferðaþjónustu og þeir sem gátu hugsað sér að starfa í ferðaþjónustu líklegustu hóparnir til að telja störf í ferðaþjónustu vera fjölbreytt og bæði vel og illa launuð.



**Mynd 20: Telur þú að ferðapjónusta skapi að jafnaði fjölbreytt eða einhæf störf - Svör landsmanna 2014-2019**




**Mynd 21: Telur þú að ferðapjónusta skapi að jafnaði vel eða illa launuð störf - Svör landsmanna 2014-2019**

Níu af hverjum tíu landsmönnum telja að Ísland sé góður ferðamannastaður, eins og fram kemur í niðurstöðum nýrrar spurningar í könnuninni 2019<sup>3</sup>. Aðeins 2% landsmanna töldu Ísland ekki vera góðan ferðamannastað og 10% tóku ekki afstöðu. Eins og sést á mynd 22 voru flestir hópar sammála fullyrðingunni en svarendur 60 ára og eldri, eftirlaunaþegar og þeir sem störfuðu við ferðapjónustu voru líklegastir til að vera á því að Ísland sé góður ferðamannastaður.

<sup>3</sup> Rannsóknamiðstöð ferðamála prófaði spurninguna í spurningavagni RHA á Norðurlandi eystra í mars 2019. Í ljós kom að 75% íbúa á Norðurlandi eystra voru mjög/frekar sammála því að Ísland væri góður ferðamannastaður, 8% voru ósammála og 17% tóku ekki afstöðu (RHA, 2019).





## Mynd 22: Ísland er góður ferðamannastaður - Svör landsmanna 2019


Um 66% landsmanna taldi ferðamennsku í heimabyggðinni vera sjálfbæra á heildina litið en um 14% landsmanna var þessu ósammála. Þessi spurning<sup>4</sup> var ný í könnuninni 2019. Marktækur munur var á svörum allra hópa eins og sést á mynd 23. Karlar voru líklegri til að telja ferðamenskuna vera sjálfbæra og hið sama má segja um svarendur 60 ára eldri, eftirlaunaþega, þá sem störfuðu í ferðaþjónustu og gátu hugsað sér að starfa í ferðaþjónustu. Íbúar á Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum voru frekar á því en íbúar annarra svæða að ferðamennskan væri sjálfbær. Tengsl voru á milli mats landsmanna á sjálfbærni ferðamennsku og mati þeirra á fjölda ferðamanna í heimabyggðinni bæði sumar og vetur. Landsmenn sem

<sup>4</sup> Sambærileg spurning var lögð fyrir í könnun á viðhorfum Norðmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018: „Á heildina litið, hve sjálfbær telur þú að ferðaþjónusta sé þar sem þú býrð? Með sjálfbærni er átt við getu til að varðveita náttúru, umhverfi, menningararf og íbúa.“ (No: Alt í alt, hvor bærekraftig opplever du at turismen er der du bor? Med bærekraftig mener vi evnen til å ta vare på natur, miljø, kulturarv og befolkning). Um 35% Norðmanna töldu ferðaþjónustu vera mjög/frekar mikið sjálfbæra, 41% töldu hana hvorki lítið né mikið sjálfbæra, 14% töldu hana mjög/frekar lítið sjálfbæra en 11% tóku ekki afstöðu (Visit Norway Insikt, 2019). Rannsóknamiðstöð ferðamála prófaði spurninguna í íslensku samhengi í spurningavagni RHA á Norðurlandi eystra í mars 2019. Í ljós kom að 47% íbúa á Norðurlandi eystra voru mjög/frekar sammála því að ferðaþjónustan í heimabyggðinni sé sjálfbær, 19% voru ósammála og 35% tóku ekki afstöðu (RHA, 2019).

---

sögðu fjölda ferðamanna vera hæfilegan í heimabyggðinni á sumrin og veturna voru líklegir til að telja ferðamenskuna vera sjálfbæra. Landsmenn sem sögðu fjöldann vera of lítinn eða of mikinn að vetri til sögðu frekar að ferðamennskan í heimabyggðinni væri ekki sjálfbær. Jafnframt voru jákvæð tengsl milli svara landsmanna sem sögðu Ísland vera góðan ferðamannastað og töldu ferðamenskuna vera sjálfbæra.


## Á heildina litið tel ég ferðamennsku í minni heimabyggð vera sjálfbæra



**Mynd 23: Á heildina litið tel ég ferðamennsku í minni heimabyggð vera sjálfbæra – Svör landsmanna 2019**

### 3.7. Áhrif á lífsgæði heimamanna

Rúmlega helmingur landsmanna taldi að lífsgæði þeirra hefðu batnað vegna ferðamanna og fjölgaði þeim lítillega milli kannana (mynd 24). Um 44% landsmanna leit svo á að ferðamenn hefðu engin áhrif á lífsgæði þeirra og aðeins 4% sögðu að lífsgæðin hefðu versnað. Þessar breytingar milli kannana reyndust marktækar. Í báðum könnunum reyndust landsmenn sem störfuðu við ferðaþjónustu vera líklegastir til að finna fyrir bættum lífsgæðum en þeir sem ekki gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu töldu sig síður en aðrir finna fyrir neinum áhrifum á lífsgæði. Í könnuninni 2017 virtist ungt fólk á aldrinum 18-29 ára síður telja að lífsgæðin hefðu batnað en 60 ára og eldri og eftirlaunaþegar voru líklegastir til að finna ekki fyrir neinum áhrifum á lífsgæði. Í könnuninni 2019 fannst marktækur munur á svörum eftir menntun; með hærra menntunarstigi voru auknar líkur á því að landsmenn myndu fyrir batnandi lífsgæðum. Í báðum könnunum var marktækur munur á svörum eftir búsetu miðað við 95% öryggismörk en auk þess urðu nokkrar marktækar breytingar innan landshlutanna. Á Suðurlandi fækkaði íbúum sem fundu til verri lífsgæða úr 10% í 5%. Á Austurlandi og í höfuðborginni fjölgaði talsvert íbúum sem töldu lífsgæðin batna og fóru hlutföll þeirra sem svo sagði úr því að vera í hópi þeirra lægstu á landsvísi 2017 í þau hæstu 2019.



Mynd 24: Mat á áhrifum ferðamanna á lífsgæði landsmanna 2017-2019 og skipting svara eftir landshlutum

## 4. NIÐURSTÖÐUR VEGNA VÍSA Á JAFNVÆGISÁSI FERÐAMÁLA

Eins og fram kom í upphafi skýrslunnar liggja nokkrar spurningar í könnuninni 2019 til grundvallar skilgreindum vísam um mat á áhrifum ferðapjónustu á íbúa á Jafnvægisási ferðamála. Horft var til þess að spurningar í könnun væru í samræmi við fyrstu niðurstöður álagsmatsins um spurningar og mælikvarða sem settar voru fram haustið 2019 (Stjórnarráð Íslands, e.d.b.). Um er að ræða vísa D.4 sem fjalla um áhrif á íbúa og vísa B.6 sem fjalla um áhrif á náttúrustaði. Niðurstöður þessara spurninga um hvern vísi eru í töflunum hér fyrir neðan.

Tafla 3: Niðurstöður vísa D.4 um áhrif á íbúa fyrir Jafnvægisás ferðamála

Heiti vísis	Lýsing vísis	Túlkun vísis 2017	Túlkun vísis 2019
<b>D.4.1 Ánægja Íslendinga með fjölda ferðamanna í heimabyggð</b>	Vísirinn mælir ánægju íbúa með fjölda ferðamanna í sinni heimabyggð.	Á sumrin telja u.þ.b. 60% svarenda að fjöldi ferðamanna í heimabyggð sinni sé hæfilegur (12% of lítill, 27% of mikill). Á veturna telja u.þ.b. 50% íbúa að fjöldi ferðamanna í heimabyggð þeirra sé hæfilegur (45% of lítill, 6% of mikill).	Á sumrin telja u.þ.b. 68% svarenda að fjöldi ferðamanna í heimabyggð sinni sé hæfilegur (15% of lítill, 19% of mikill). Á veturna telja rúmlega 50% íbúa að fjöldi ferðamanna í heimabyggð þeirra sé hæfilegur (43% of lítill, 4% of mikill).
<b>D.4.2.1 Ónæði í daglegu lífi</b>	Mælir ónæði sem íbúar verða fyrir í daglegu lífi vegna ferðamanna.	70% íbúa sögðust ekki finna fyrir meira ónæði í daglegu lífi en áður árið 2017. Við vitum ekki hvort þeir verða fyrir ónæði yfirhöfuð, aðeins að það er ekki meira en áður árið 2017.  Lagt var til að vísir byggji áfram á sömu spurningu með breyttu orðalagi þannig að „meira [...] en áður“ myndi falla út.	70% íbúa sögðust ekki finna fyrir meira ónæði í daglegu lífi en áður árið 2017.
<b>D.4.2.2. Forðast ákveðna staði vegna ferðamanna</b>	Mælir að hve miklu leyti Íslendingar forðast ákveðna staði vegna fjölda ferðamanna.	49% svarenda eru farnir að forðast ákveðna staði vegna fjölda ferðamanna á þeim.	44% íbúa segjast forðast ákveðna staði vegna fjölda ferðamanna.
<b>D.4.3 Efnahagslegur ávinningur (nýjar spurningar)</b>	Mælir efnahagslegan ávinning samfélagsins.	30% íbúa telja ferðapjónustu mikilvæga íslensku efnahagslífi og telja að fáir aðilar í sinni heimabyggð njóti efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustu.  Lagt var til að hætta notkun þessara spurninga og að vísirinn byggji á nýjum spurningum.	48% íbúa segja að margir íbúar njóti efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustu í heimabyggðinni. 54% íbúa segja að stór hluti þeirra tekna sem skapast í heimabyggðinni sitji eftir á svæðinu. 33% íbúa telja bæði að margir íbúar heimabyggðarinnar njóti efnahagslegs af ferðapjónustu og að ávinningurinn sitji eftir á svæðinu.  Túlkun vísis byggir á nýjum spurningum.
<b>D.4.4 Samfélagsbreytingar vegna ferðapjónustu</b>	Samfélagsbreytingar vegna ferðapjónustu.	Um það bil 50% svarenda telja að íslenskt samfélag hafi breyst til hins betra vegna ferðapjónustu.	61% svarenda telja að íslenskt samfélag hafi breyst til hins betra vegna ferðapjónustu.

Vegna vísis D.4.2.1. um ónæði í daglegu lífi var gerð tillaga um breytingu á orðalagi spurningar þannig að orðin „meira [...] en áður“ dyttu út, svo um væri að ræða raunverulegt ónæði en ekki samanburð við óskilgreinda fortíð: „Ferðamenn valda mér ónæði í daglegu lífi mínu.“ Svarmöguleikar frá „Valda mér engu ónæði“ til „valda mér miklu ónæði“ (Stjórnarráð Íslands, e.d.b.). Orðalagi spurningar var breytt 2019 en svarmöguleikum mjög/frekar sammála/ósamála haldið til samræmis við aðrar spurningar könnunarinnar.

Vísir D.4.3. um efnahagslegan ávinning byggði á tveimur spurningum úr könnuninni 2017: A) Ferðaþjónusta er efnahagslega mikilvæg og B) að fáir heimamenn njóti efnahagslegs ávinnings. Tillaga var gerð um að hætta notkun þessara spurninga og nota nýjar sem snúa enn meira að efnahagslegum ávinningi: A) hvort telur þú að margir eða fáir íbúar í þinni heimabyggð njóti efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu og B) Telur þú að stór eða lítill hluti þeirra tekna sem skapast af ferðaþjónustu í þinni heimabyggð sitji eftir á svæðinu?


Tafla 4: Niðurstöður vísu B.6.6.1-3 um áhrif á náttúrustaði fyrir Jafnvægisás ferðamála

Heiti vísis	Lýsing vísis	Túlkun vísis 2017	Túlkun vísis 2019
<b>B.6.6.1 Ástand gönguleiða</b>	Viðhorf Íslendinga til ástands gönguleiða í þeirra heimabyggð.	59% <sup>5</sup> svarenda meta ástand gönguleiða í sinni heimabyggð gott. 25% svarenda meta ástand gönguleiða í sinni heimabyggð slæmt.	67% svarenda meta ástanda gönguleiða í sinni heimabyggð gott. 19% svarenda meta ástand gönguleiða í sinni heimabyggð slæmt.
<b>B.6.6.2 Neikvæð áhrif ferðamanna á náttúru</b>	Viðhorf Íslendinga til áhrifa ferðamanna á náttúru.	57% svarenda árið 2017 eru sammála því að ferðamenn spilli náttúru. Íslands. Árið 2014 var sú tala 47%. Það er neikvæð þróun sem fylgir auknum fjölda ferðamanna.	48% svarenda árið 2019 eru sammála því að ferðamenn spilli náttúru Íslands.
<b>B.6.6.3 Aukinn aðgangur að náttúru</b>	Viðhorf Íslendinga til aukins aðgengi að náttúru vegna áhrifa ferðamanna	56% svarenda árið 2017 eru sammála því að ferðamenn stuðli að bættu aðgengi að náttúru Íslands. Árið 2014 var sú tala 61%. Það er neikvæð þróun sem fylgir auknum fjölda ferðamanna.	68% svarenda árið 2019 eru sammála því að ferðamenn stuðli að bættu aðgengi að náttúru Íslands.

Vísir D.1 á Jafnvægisási ferðamála snýr að húsnæðismarkaði. Vísirinn mælir hlutfall íbúðarhúsnæðis sem nýtt er sem gistimöguleiki í fleiri en 90 daga á ári. Í greiningu fyrir jafnvægisásinn um húsnæðismarkaðinn er gert ráð fyrir því að íbúðir sem eru boðnar til leigu í meira en 90 daga á ári væru annars á almennum húsnæðismarkaði. Í greiningunni er ekki horft til rekstrarleyfa, þ.e. hvort eigendur hafi í raun skráð eignir sínar skv. eftirfylgni opinberra aðila. Í athugasemd við vísinn kemur fram að engar rannsóknir hafi farið fram á viðhorfi íbúa

<sup>5</sup> Í túlkun vísis B.6.6.1 í Jafnvægisási kom fram að 53% svarenda meti ástand gönguleiða í sinni gott og að 14% meti ástand gönguleiða slæmt. Við vinnslu þessarar skýrslu voru gögnin yfirfarin í samráði við ráðgjafa verkfræðistofunnar Eflu sem staðfesti að um innsláttarvillur hafi verið að ræða. Leiðrétt hlutföll koma fram í töflunni hér að ofan.

til gistingar í íbúðarhúsnæði. Til að bæta úr því var við undirbúning könnunarinnar ákveðið í samráði við starfsfólk og ráðgjafa á vegum verkfræðistofunnar Eflu að bæta við tveimur spurningum. Önnur tengist viðhorfum íbúa til ráðstöfunar fasteigna í leigu til ferðamanna og hin hvort ferðaðjónusta hefði takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í heimabyggðinni. Spurningarnar voru prófaðar árið 2018 í rannsókn á viðhorfum heimamanna í Reykjanesbæ, Stykkishólmi, á Egilsstöðum og Húsavík (sjá t.d. Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2019a). Niðurstöður úr könnun 2019 sýna að meirihluti landsmanna var jákvæður gagnvart því að íbúar geti ráðstafað fasteignum sínum í leigu til ferðamanna og að ferðaðjónustan hefði ekki takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í heimabyggðinni (mynd 25).



**Mynd 25: Viðhorf Íslendinga til áhrifa ferðaðjónustu á húsnæðismarkað 2019**

---

## 5. NIÐURSTÖÐUR ÞÁTTA- OG AÐHVARFSGREININGA

Í kaflanum er gerð grein fyrir niðurstöðum þátta- og aðhvarfsgreiningar á könnuninni 2019 og niðurstöðum aðhvarfsgreiningar úr gagnasafni landskannana 2014-2019. Þáttagreiningin er notuð til að kanna hvaða þættir í könnuninni 2019 tengjast innbyrðis með því að draga fram þá þætti sem skýra mest dreifingu allra breyta. Jafnframt gerir þáttagreiningin umfang gagnasafnsins viðráðanlegra og einfaldar það til frekari greiningar. Á grunni þáttagreiningarinnar var gerð línuleg aðhvarfsgreining til að skoða samband nokkurra breyta á viðhorf landsmanna. Auk þess var gerð línuleg aðhvarfsgreining á gögnunum sem safnast hafa í landskönnunum 2014-2019 til að kanna hvort einhver breyting hafi orðið á tímabilinu á viðhorfum Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamanna að teknu tilliti til nokkurra bakgrunnspátta.

### 5.1. Niðurstöður þáttagreiningar 2019

Spurningar sem voru í formi fullyrðinga og mældu viðhorf svarenda til ferðamanna voru þáttagreindar. Dregin voru út fjórir þættir sem höfðu eigið gildi yfir einum og skýrðu þessir þættir um það bil 50% af dreifingu svara. Notaður var hornréttur snúningur (Varimax with Kaiser Normalization). Í fyrsta þáttinn söfnuðust spurningar um afstöðu svarenda til þess hvort ferðamenn hefðu góð eða slæm áhrif á samfélagið. Í annan þátt söfnuðust spurningar um afstöðu svarenda til þess hvort ferðamenn hefðu góð eða slæm áhrif á daglegt líf og upplifun heimamanna. Í þriðja þáttinn söfnuðust spurningar sem mæla afstöðu svarenda til þess hvort ferðamenn hafi góð eða slæm áhrif á þjónustu og efnahag. Í fjórða þáttinn söfnuðust spurningar sem mældu afstöðu svarenda til þess hvort ferðamenn hafi góð eða slæm áhrif á húsnæðis- og vinnumarkað. Síðastnefndi þátturinn byggði á spurningum sem komu nýjar inn í könnunina 2019. Í töflu 5 kemur fram hvaða spurningar söfnuðust á þættina fjóra og þáttahleðslur þeirra, þ.e. fylgni hvernar fullyrðingar við þáttinn.



**Tafla 5: Þættir og þáttahleðslur**

	Þættir			
	Samfélagsleg áhrif	Daglegt líf og eigin upplifun	Þjónusta og efnahagur	Húsnæðis- og vinnumarkaður
Ferðaþjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér			0,69	
Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð			0,713	
Ferðaþjónustan eykur fjölbreytni í atvinnulífinu í minni heimabyggð			0,622	
Telur þú að margir eða fáir íbúar í þinni heimabyggð njóti efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu?			0,681	
Ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins	0,641			
Ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra	0,6			
Almennt séð er ég sátt(ur) við að samfélag mitt taki einhverjum breytingum vegna ferðaþjónustu	0,56			
Ég tel að ferðaþjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratugi	0,578			
Ferðamenn kenna okkur að meta eigið land	0,611			
Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins	0,508			
Það myndi engu breyta fyrir samfélagið þó ferðamenn myndu hætta að koma hingað	0,409			
Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð		0,444		
Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi		0,5		
Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að marga ferðamenn er að finna		0,704		
Ég er hræddari en áður við að keyra úti á þjóðvegum landsins vegna aukinnar umferðar ferðamanna		0,63		
Ferðamenn spilla náttúru landsins		0,653		
Ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins		0,67		
Ferðaþjónustan hefur takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í minni heimabyggð				0,74
Aðrar atvinnugreinar í minni heimabyggð gjalda þess að fólk ræður sig til starfa í ferðaþjónustu				0,66
Mér finnst jákvætt að fólk í minni heimabyggð geti ráðstafað fasteignum sínum í leigu til ferðamanna				0,625

Tafla 6 sýnir alfastuðla hvers þáttar. Alfastuðullinn segir til um innri áreiðanleika þáttarins, þ.e. hvert samræmi er á milli svara þátttakenda við einstökum fullyrðingum í hverjum þætti.

**Tafla 6: Alfastuðlar þáttanna**

Þáttur	Alfastuðull
Þjónusta og efnahagur	0,73
Samfélagsleg áhrif	0,75
Daglegt líf og eigin upplifun	0,73
Húsnæðis- og atvinnumarkaður	0,52

Í spurningum sem voru neikvætt orðaðar og höfðu neikvæð tengsl við þáttinn (þáttahleðslur í mínus) var svarmöguleikum snúið við þannig að allar spurningar snéru í sömu átt. Því næst voru útbúnir fjórir mælikvarðar á grundvelli þáttanna en það var gert með að leggja saman fullyrðingarnar sem tilheyrðu hverjum þætti og deila með fjölda fullyrðinga. Útkoman voru fjórir meðaltalskvarðar á bilinu frá 1 til 5, þar sem gildið 1 táknaði þá sem voru mjög sammála<sup>6</sup> því að ferðamenn hefðu jákvæð áhrif á þjónustu og efnahag, samfélag, daglegt líf og upplifun heimamanna og möguleika til húsnæðis og atvinnu. Tafla 7 sýnir lýsandi tölfræði yfir þessa fjóra þætti.

**Tafla 7: Lýsandi tölfræði fyrir þættina**

Þáttur	Fjöldi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Staðalfrávik
Áhrif ferðamanna á þjónustu og efnahag	2612	1	5	2,34	0,84
Áhrif ferðamanna á samfélagið	2611	1	5	1,98	0,57
Áhrif ferðamanna á daglegt líf og eigin upplifun	2611	1	5	2,63	0,76
Möguleikar til húsnæðis og atvinnu	2586	1	5	2,4	0,84

Tafla 7 sýnir að allir fjórir þættirnir sem fundust í gögnunum höfðu jákvæða svörun hjá landsmönnum og að enginn þáttur skar sig frá sem áberandi neikvæður. Jákvæðasta svörunin hjá landsmönnum tengdist áhrifum ferðamanna á samfélagið (meðaltal 1,98). Með öðrum orðum þá kunnu landsmenn best að meta áhrif ferðamanna á samfélagið. Þessi niðurstaða er í samræmi við niðurstöður 2017 þar sem fram kom að landsmenn kunnu best að meta áhrif ferðamanna á mannlíf og samfélag.

<sup>6</sup> Í þáttgreiningu á gögnum 2017 tók svarmöguleikinn *mjög sammála* gildið 5 og svarmöguleikinn *mjög ósammála* gildið 1.

---

## 5.2. Aðhvarfsgreining: Viðhorf landsmanna 2019

Til að meta tengsl milli bakgrunnspáttu og viðhorfa landsmanna þegar öðru breytum var haldið stöðugum var gerð línuleg aðhvarfsgreining á gögnunum 2019. Kannað var hvaða tengsl væru milli tiltekinna breyta á áhrifum á þættina þegar tekið var tillit til búsetu, aldurs, menntun, stöðu á vinnumarkaði og heimilistekna. Í töflu 8 eru settar fram niðurstöður línulegrar aðhvarfsgreiningar fyrir tengsl bakgrunnspáttanna við mat landsmanna á samfélag, þjónustu og efnahag, daglegt líf og upplifun heimamanna og húsnæði- og vinnumarkað. Af töflunni má sjá að í nokkrum tilfellum var munur á svörum viðmiðunarhópanna (tóku gildið núll í greiningunni) og annarra hópa í greiningunni. Sem dæmi var fólk með búsetu á Austurlandi var að jafnaði með hærra meðaltal en fólk annars staðar á landsbyggðinni á kvarða yfir áhrif á húsnæðis- og vinnumarkað. Þetta þýðir að íbúar á landsbyggðinni annars staðar en á Austurlandi taldi ferðamenn hafa jákvæðari áhrif á húsnæðis- og vinnumarkað. Þá töldu konur ferðamenn almennt hafa verri áhrif á húsnæðis- og vinnumarkað, daglegt líf og eigin upplifun og þjónustu og efnahag en karlar. Loks var fólk sem hafði heilsárstekjur af ferðamönnum jákvæðara gagnvart áhrifum ferðamanna á daglegt líf og eigin upplifun og fólk sem bjó á heimili með engar tekjur af ferðamönnum taldi ferðamenn hafa neikvæðari áhrif á samfélag en aðrir.

**Tafla 8: Niðurstöður línulegrar aðhvarfsgreiningar á mati landsmanna á áhrifum ferðamanna 2019**

Óháðar breytur	Húsnæðis- og vinnumarkaður	Daglegt líf og eigin upplifun	Þjónusta og efnahagur	Samfélagsleg áhrif
Landshluti (Austurland = 0)				
Höfuðborg	0,01	-0,12*	0,1	-0,05
Norðurland	-0,31***	-0,16**	-0,04	-0,02
Suðurland	-0,17**	0,02	-0,12	0
Suðurnes	-0,21***	-0,15**	0,01	-0,04
Vestfirðir	-0,16**	-0,1	0,29***	0,05
Vesturland	-0,35***	-0,01	0,19**	0,02
Kyn (karlar = 0)				
kona	0,08**	0,12***	0,10**	0,03
Aldursflokkar (yngri en 30 = 0)				
30-44 ára	-0,05	0,03	0,06	-0,03
45-59 ára	-0,08	0,01	0,04	-0,05
60 ára og eldri	-0,14*	-0,09	0,03	-0,05
Menntun (grunnskólapróf = 0)				
Stúdentspróf eða iðnnám	-0,79	0,01	-0,07	-0,07*
Annað starfsnám	-0,06	0,03	-0,11	-0,02
Háskólapróf	-0,19***	-0,03	-0,24***	-0,11***
Starf (launþegi = 0)				
Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	-0,03	-0,05	-0,14**	-0,06
Í námi	-0,03	-0,02	-0,04	0
Á eftirlaunum	-0,12*	-0,19***	-0,05	-0,12**
Annað	0,02	0,12*	-0,02	-0,02
Einhver á heimilinu með tekjur af ferðamönnum (já, allt árið = 0)				
Já, hluta úr því	-0,09	0,17**	0,17	0,04
Nei	0,00	0,19***	0,43	0,24***

\*p<0,05; \*\*p< 0,01; \*\*\*p< 0,001

Kannað var hvaða tengsl væru til staðar mill þáttanna fjögurra og niðurstaðna úr völdum spurningum könnunarinnar. Í greininguna voru valdar fimm spurningar sem snúa að því hvort landsmenn yrðu varir við ferðamenn í heimabyggðinni, hvort þeir ættu við þá samskipti, hvert viðhorf þeirra til fjölda ferðamanna var og mat þeirra á áhrifum ferðamanna á lífsgæði sín. Í töflu 9 má sjá að tengsl voru milli þess hve oft landsmenn urðu varir við ferðamenn í heimabyggðinni og viðhorfa til þess hvaða áhrif ferðamenn hefðu á þjónustu og efnahag. Munur var á mati fólks á áhrifum ferðamanna á þjónustu og efnahag eftir því sem fólk varð oftart vart við ferðamenn í heimabyggðinni og hversu oft fólk átti samskipti við ferðamenn.

Fólk sem varð vart við ferðamenn í sinni heimabyggð a.m.k. vikulega taldi ferðamenn almennt hafa jákvæðari áhrif á þjónustu og efnahag en fólk sem varð sjaldnar vart við ferðamenn. Einnig var munur á mati fólks á áhrifum ferðamanna á þjónustu og efnahag eftir því hve oft fólk átti í samskiptum við ferðamenn á sumrin. Fólk sem átti nánast daglega í samskiptum við ferðamenn var jákvæðast í garð áhrifa ferðamanna á þjónustu og efnahag. Fólk sem átti sjaldnar en einu sinni í mánuði samskipti við ferðamenn var hvað neikvæðast. Fólk sem taldi allt of mikið um erlenda ferðamenn í sinni heimabyggð á sumrin var neikvæðara í afstöðu til áhrifa ferðamanna á þjónustu og efnahag en fólk sem taldi fjöldann vera heldur of mikinn, hæfilegan, heldur of lítinn og allt of lítinn. Þá var fólk sem taldi ferðamenn hafa jákvæð áhrif á þjónustu og efnahag líklegra en aðrir til að telja að ferðaþjónusta bæti lífsgæði þeirra.

**Tafla 9: Tengsl milli mats fólks á völdum atriðum og áhrifum ferðamanna á þjónustu og efnahag**

	Meðaltal	St.frv.
<b>Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? ***</b>		
Nánast daglega	2,22	0,81
1-3 sinnum í viku	2,49	0,82
1-3 sinnum í mánuði	2,69	0,82
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	3,1	1,04
<b>Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann? ***</b>		
Nánast daglega	2,01	0,79
1-3 sinnum í viku	2,24	0,78
1-3 sinnum í mánuði	2,33	0,82
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	2,62	0,86
<b>Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin? ***</b>		
Allt of mikill	3	0,95
Heldur of mikill	2,49	0,77
Hæfilegur	2,24	0,79
Heldur of lítill	2,33	0,9
Allt of lítill	2,41	0,97
<b>Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna?</b>		
Allt of mikill	3,18	0,91
Heldur of mikill	2,43	0,85
Hæfilegur	2,35	0,83
Heldur of lítill	2,22	0,79
Allt of lítill	2,371	0,93
<b>Hvort telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim? ***</b>		
Lífsgæðin batna	2,00	0,70
Lífsgæðin hvorki batna né versna	2,65	0,84
Lífsgæðin versna	3,09	0,9

Munur var á mati fólks á áhrifum ferðamanna á samfélagið eftir því hve oft fólk átti í samskiptum við ferðamenn á sumrin (tafla 10). Fólk sem átti nánast daglega í samskiptum við erlenda ferðamenn var jákvæðast í garð áhrifa ferðamanna á samfélag. Þá kom í ljós að eftir því sem fólk taldi minna vera um ferðamenn í sinni heimabyggð á sumrin þeim mun jákvæðari voru viðhorf þess til áhrifa ferðamanna á samfélag. Loks var fólk sem taldi ferðamenn bæta lífsgæði sín jákvæðara í viðhorfum til áhrifa ferðamanna á samfélag.

**Tafla 10: Tengsl milli mats fólks á völdum atriðum og mats á áhrifum ferðamanna á samfélag**

	Meðaltal	St.frv.
<b>Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? ***</b>		
Nánast daglega	1,98	0,58
1-3 sinnum í viku	2,00	0,53
1-3 sinnum í mánuði	1,93	0,53
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	2,13	0,63
<b>Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann? ***</b>		
Nánast daglega	1,80	0,54
1-3 sinnum í viku	1,97	0,55
1-3 sinnum í mánuði	1,99	0,53
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	2,10	0,60
<b>Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin? ***</b>		
Allt of mikill	2,71	0,80
Heldur of mikill	2,23	0,53
Hæfilegur	1,92	0,50
Heldur of lítil	1,77	0,48
Allt of lítil	1,67	0,53
<b>Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna? ***</b>		
Allt of mikill	3,12	0,85
Heldur of mikill	2,32	0,59
Hæfilegur	2,06	0,55
Heldur of lítil	1,86	0,51
Allt of lítil	1,77	0,50
<b>Hvort telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim? ***</b>		
Lífsgæðin batna	1,75	0,43
Lífsgæðin hvorki batna né versna	2,17	0,53
Lífsgæðin versna	2,86	0,84

Tengsl voru milli þess hve oft svarendur urðu varir við ferðamenn og viðhorfa þeirra til áhrifa ferðamanna á daglegt líf og eigin upplifun (tafla 11). Eftir því sem fólk varð sjaldnar vart við

Tengsl voru milli þess hve oft svarendur urðu varir við ferðamenn og viðhorfa þeirra til áhrifa ferðamanna á daglegt líf og eigin upplifun (tafla 11). Eftir því sem fólk varð sjaldnar vart við ferðamenn því jákvæðari voru viðhorfin til áhrifa ferðamanna á daglegt líf og eigin upplifun. Einnig voru tengsl voru milli þess hve oft landsmenn áttu samskipti við ferðamenn í heimabyggðinni og viðhorfa til þess hvaða áhrif ferðamenn hefðu á daglegt líf og upplifun. Fólk sem taldi allt of mikið um erlenda ferðamenn í sinni heimabyggð á sumrin var neikvæðara í afstöðu til áhrifa ferðamanna á daglegt líf og eigin upplifun en fólk sem taldi fjöldann vera heldur of mikinn, hæfilegan, heldur of lítinn og allt of lítinn. Sömuleiðis var fólk sem taldi ferðamenn bæta lífsgæðin jákvæðara í afstöðu til áhrifa ferðamanna á daglegt líf og eigin upplifun.

**Tafla 11: Tengsl milli mats fólks á völdum atriðum og mats á áhrifum ferðamanna á daglegt líf og eigin upplifun**

	Meðaltal	St.frv.
<b>Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? ***</b>		
Nánast daglega	2,66	0,79
1-3 sinnum í viku	2,60	0,68
1-3 sinnum í mánuði	2,45	0,62
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	2,42	0,60
<b>Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann? ***</b>		
Nánast daglega	2,60	0,80
1-3 sinnum í viku	2,69	0,76
1-3 sinnum í mánuði	2,59	0,72
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	2,62	0,76
<b>Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin? ***</b>		
Allt of mikill	3,80	0,73
Heldur of mikill	3,11	0,71
Hæfilegur	2,50	0,65
Heldur of lítill	2,32	0,64
Allt of lítill	2,30	0,80
<b>Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna?</b>		
Allt of mikill	3,97	0,66
Heldur of mikill	3,46	0,80
Hæfilegur	2,71	0,75
Heldur of lítill	2,48	0,67
Allt of lítill	2,32	0,66
<b>Hvort telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim? ***</b>		
Lífsgæðin batna	2,40	0,67
Lífsgæðin hvorki batna né versna	2,77	0,71
Lífsgæðin versna	3,91	0,75

Munur var á mati fólks á áhrifum ferðamanna á húsnæðis- og vinnumarkað eftir því hversu oft fólk varð vart við ferðamenn í heimabyggðinni. Einnig voru tengsl milli þess hve oft fólk átti samskipti við ferðamenn yfir sumartímann og mats þess á áhrifum ferðamanna á húsnæðis- og vinnumarkað. Því sjaldnar sem fólk átti samskipti við ferðamenn því jákvæðara var það í afstöðu til áhrifa ferðamanna á húsnæðis- og vinnumarkað. Fólk sem taldi að of mikið væri um erlenda ferðamenn í heimabyggðinni á sumrin var neikvæðara í afstöðu til áhrifa ferðamanna á húsnæðis- og vinnumarkað. Hins vegar var fólk sem taldi ferðamenn bæta lífsgæði sín jákvæðara í afstöðu til áhrifa ferðamanna á húsnæðis- og vinnumarkað.

**Tafla 12: Tengsl milli mats fólks á völdum atriðum og mats á áhrifum ferðamanna á húsnæðis- og vinnumarkað**

	Meðaltal	St.frv.
<b>Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? ***</b>		
Nánast daglega	2,45	0,85
1-3 sinnum í viku	2,30	0,81
1-3 sinnum í mánuði	2,23	0,76
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	2,39	0,79
<b>Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann? ***</b>		
Nánast daglega	2,46	0,87
1-3 sinnum í viku	2,43	0,82
1-3 sinnum í mánuði	2,37	0,82
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	2,36	0,85
<b>Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin? ***</b>		
Allt of mikill	3,13	1,03
Heldur of mikill	2,70	0,85
Hæfilegur	2,36	0,79
Heldur of lítil	2,10	0,74
Allt of lítil	2,00	0,83
<b>Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna?</b>		
Allt of mikill	3,54	1,13
Heldur of mikill	2,98	0,94
Hæfilegur	2,48	0,84
Heldur of lítil	2,29	0,75
Allt of lítil	2,13	0,81
<b>Hvort telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim? ***</b>		
Lífsgæðin batna	2,27	0,79
Lífsgæðin hvorki batna né versna	2,48	0,84
Lífsgæðin versna	3,37	0,93



### 5.3. Aðhvarfsgreining: Viðhorf landsmanna 2014-2019

Gerð var línuleg aðhvarfsgreining til að meta tengsl milli bakgrunnspátta og viðhorfa þegar öðrum breytum var haldið stöðugum í gögnunum 2014-2019. Í greininguna var valin spurningin *Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð* til að kanna hvort einhver breyting hafi orðið á tímabilinu á viðhorfum þeirra til samskipta við ferðamenn að teknu tilliti til annarra þátta. Tafla 13 sýnir niðurstöður greiningarinnar þegar tekið var tillit til kyns, aldurs, búsetu, menntunar, heimilistekna, lífsgæði, efnahagslegs mikilvægis ferðabjónustu og mats á fjölda ferðamanna á sumrin. Að teknu tilliti til þessara þátta má sjá að þrátt fyrir að landsmönnum hafi áfram líkað vel við samskipti við ferðamenn (sbr. mynd 6) þá dró úr ánægjunni 2017 og 2019 samanborið við 2014. Þrátt fyrir það voru landsmenn enn jákvæðari 2019 en 2017.

**Tafla 13: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á viðhorfum landsmanna til samskipta við ferðamenn 2014-2019**

Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð? / háða breytan	Stuðull	St.frv.	t	P>t	95% öryggisbil	
Hvað finnst þér um fjölda ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin	<b>-0,214</b>	0,013	-16,450	0,000	-0,239	-0,188
Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðabjónustu í þinni heimabyggð?	<b>-0,143</b>	0,012	-11,460	0,000	-0,167	-0,118
<b>Bæta ferðamenn lífsgæði þín eða draga úr þeim? (Lífsgæðin batna=0)</b>						
Hvorki batna né versna	<b>0,132</b>	0,019	6,910	0,000	0,095	0,170
Lífsgæðin versna	<b>0,519</b>	0,048	10,920	0,000	0,426	0,612
<b>Einhver tekjur á heimilinu af ferðamönnum? (Já, allt árið=0)</b>						
Já, hluta úr því	<b>0,070</b>	0,032	2,200	0,028	0,008	0,132
Nei	<b>0,075</b>	0,024	3,100	0,002	0,028	0,123
<b>Menntun (Grunnskólapróf eða minna=0)</b>						
Stúdentspróf eða iðnnám	-0,029	0,027	-1,070	0,283	-0,082	0,024
Annað starfsnám	-0,059	0,043	-1,360	0,173	-0,143	0,026
Háskólapróf	<b>-0,098</b>	0,027	-3,600	0,000	-0,151	-0,044
<b>Kyn (karlar=0)</b>						
Kona	-0,048	0,018	-2,720	0,007	-0,082	-0,013
<b>Búseta (höfuðborg=0)</b>						
Landsbyggð	<b>0,064</b>	0,018	3,500	0,000	0,028	0,100
<b>Landshluti (höfuðborg=0)</b>						
Austurland	<b>0,113</b>	0,046	2,480	0,013	0,024	0,203
Norðurland	0,037	0,028	1,320	0,187	-0,018	0,092
Suðurland	<b>0,083</b>	0,033	2,540	0,011	0,019	0,147
Suðurnes	0,056	0,034	1,670	0,096	-0,010	0,122
Vestfirðir	0,047	0,061	0,760	0,446	-0,073	0,166
Vesturland	0,079	0,041	1,930	0,053	-0,001	0,159
<b>Ártal (2014=0)</b>						
2017	<b>0,224</b>	0,025	9,080	0,000	0,175	0,272
2019	<b>0,201</b>	0,024	8,230	0,000	0,153	0,248

---

Aðhvarfsgreiningin sýnir að eftir að stýrt hefur verið fyrir ákveðnum þáttum eru jákvæð tengsl milli þess hvernig landsmenn litu á ferðaþjónustuna í sambandi við efnahag og lífsgæði, bæði sinn eigin og heimabyggðar og hvernig þeim líkaði að eiga samskipti við ferðamenn. Eftir því sem þeim líkaði betur samskiptin voru meiri líkur á jákvæðu viðhorfi til áhrifa ferðaþjónustu á efnahag og lífsgæði. Neikvæð tengsl voru milli viðhorfa til fjölda ferðamanna og viðhorfa til samskipta. Þar sem landsmönnum finnst fjöldi ferðamanna vera of mikill eru þeir ólíklegri til að segja að þeim líki samskiptin vel.

Ef tengsl viðhorfa til samskipta eru skoðuð út frá bakgrunnsbreytunum kyni, menntun og búsetu kemur í ljós að konur eru aðeins jákvæðari en karlar í sambandi við það hvernig þeim líkar að hafa samskipti við ferðamenn. Hvað varðar menntun bendir þá virðist sem svo að með hærra menntunarstigi aukist jákvæðni gagnvart samskiptunum en þó með þeim fyrirvara að aðeins var marktækur munur á svörum háskólamenntaðra og grunnskólagenginna (miðað við 95% öryggismörk). Þegar tengsl búsetu og samskipta eru skoðuð kemur annars vegar í ljós að íbúar á höfuðborgarsvæðinu voru marktækt jákvæðari gagnvart samskiptum við ferðamenn en íbúar á landsbyggðinni almennt. En hins vegar þegar höfuðborgarsvæðið er borið saman við einstaka landshluta (sbr. næstneðstu breytuna í töflu 13) kemur í ljós að íbúar á Suður- og Austurlandi voru marktækt jákvæðari en höfuðborgarbúar gagnvart samskiptum við ferðamenn. Ekki var marktækur munur á svörum eftir aldurshópum né hvernig landsmönnum líkaði að eiga samskipti við ferðamenn.

---

## 6. JÁKVÆÐAR OG NEIKVÆÐAR HLIÐAR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Til að fá vísbendingar um hvaða tilteknu þætti ferðaþjónustu landsmenn upplifa á jákvæðan og neikvæðan hátt voru svarendur beðnir um að svara hvað væri jákvæðast við ferðaþjónustu í þeirra heimabyggð og hvað væri neikvæðast. Um var að ræða opnar spurningar og gátu svarendur tiltekið eitt til tvö atriði um hvoru tveggju jákvæða og neikvæða þætti. Markmiðið með spurningunum var að fá fram vísbendingar frá landsmönnum hvaða tilteknu þætti ferðaþjónustunnar hér á landi landsmenn upplifa á jákvæðan eða neikvæðan hátt án þess að það væri afmarkað í lokaðri spurningu með fyrirframgefnum svarmöguleikum.


Greiningin byggir á hugmyndum um að tengsl séu milli þróunar ferðaþjónustu og lífsgæða heimamanna sem gefi vísbendingar um stuðning heimamanna við ferðaþjónustuna (Ridderstraat, Croes, og Nijkamp, 2016; Andereck og Nyaupane, 2011; Gjerald, 2005). Vísbendingar um helstu jákvæðu og neikvæðu áherslur í svörum heimamanna kunna að draga fram hvers megi vænta ef ferðaþjónustan hefur neikvæð áhrif á líf heimamanna. Með þessu er eingöngu ætlað að ná fram helstu vísbendingum en benda skal á að dýpri innsýn og skilningur á áhrifum ferðaþjónustu á lífsgæði heimamanna kallar á annars konar rannsóknaraðferðir.

Sömu opnu spurningar voru í könnuninni 2017 og voru áherslur í svörum bornar saman til að kanna hvort breytingar hafi átt sér stað. Til að ná fram samanburði var farið yfir 2019-svörin á sömu forsendum og gert var við svörin 2017. Fyrst var kannað hvaða atriði væru áberandi í svörum landsmanna með svo kölluðu orðaskýi (e. word cloud). Leturstærð orðaskýsins endurspeglar tíðni svara þannig að eftir því sem letrið er stærra, því oftast kemur tiltekið atriði fyrir í svörum landsmanna. Orðaskýin eru sköpuð úr orðum svarenda. Í eftirvinnslu gagna voru innsláttar- og málfarsvillur lagfærðar en að öðru leyti var ekki átt við aðra beygingarþætti. Af þeim sökum geta sum svör í orðaskýjum verið svipuð (t.d. eintala/fleirtala, stigbreyting, með/án greinis).

Til að fá skýrari mynd af innihaldi svaranna voru svörin flokkuð með kerfisbundnum hætti og þau greind eftir efnislegu innihaldi á sömu forsendum og gert var við gögnin 2017 (sjá Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl., 2018). Heildarfjöldi jákvæðra svara 2019 var rúmlega 2.900 sem er örlítið meira en árið 2017 þegar jákvæð svör voru um 2.800. Heildarfjöldi neikvæðra svara 2019 var um 1.560 en var um 1.800 árið 2017 og er því nokkra fækkun að ræða. Alls voru 17 svör felld út úr jákvæðum svörum og 32 úr neikvæðum svörum þar sem þau uppfylltu ekki skilyrði til flokkunar eða höfðu óljósa merkingu.

## 6.1. Jákvæðar hliðar ferðapjónustunnar

Svarendur nefndu alls 2.938 atriði sem koma fram í orðaskýinu hér fyrir neðan (mynd 26). Fjölbreytileiki og fjölbreyttara mannlíf koma langoftast fyrir, þar á eftir koma svörin atvinnuskapandi, meira mannlíf og auknar tekjur.



Smellið á myndina fyrir stærri útgáfu

Mynd 26 Jákvæðustu hliðar ferðapjónustunnar að mati landsmanna. Heildarfjöldi svara 2.938

Fjögur þemu fundust í svörum og innan hvers þema voru nokkrar áherslur eða undirflokkar. Tafla 14 gefur yfirlit yfir þemu, áherslur, fjölda svara og dæmi um orðalag svara. Þemun fjögur eru:

- **Efnahagsleg sjónarmið** – Atriði sem snúa að tækifærum til að efla atvinnulíf svæða og tekjumöguleikum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög. Af aukinni atvinnu og tekjum geti lífskjörin batnað sem bætir búsetuskilyrði íbúanna. Undirflokkar eru:
  - Störf og atvinnutækifæri
  - Tekjur

- 
- Lífskjör, efnahagur, hagsæld
  - **Lífsgæði** – Atriði sem vísa til þess að ferðþjónusta bæti einhverju við daglegt líf fólks, geri staði betri til að búa á og styðji lífsstíl fólks. Ferðþjónustu fylgir ný eða aukin þjónusta sem heimamenn njóta góðs af. Ferðamenn glæða samfélag og bæjarfélög lífi, ýtir undir jákvæðni íbúa og bjartsýni eykst. Ýmiss konar viðhald eða umbætur á grunngerð hefur átt sér stað, ýmiss konar aðstaða batnar og viðhald aukist sem heimamenn njóta góðs af. Undirflokkar eru:
    - *Afþreying og þjónusta*
    - *Drifkraftur/lífsviðurværi*
    - *Ánægja og bjartsýni*
    - *Grunngerð og viðhald*
  - **Samfélagsleg sjónarmið** – sem snúa að sýn heimamanna á eigið samfélag. Iðandi og lítríkt mannlíf, fjölbreytni sem skiptir samfélagið máli. Heimamenn koma auga á tækifæri til að kynnast öðrum menningarheimum sem getur leitt til aukins skilnings eða umburðarlyndis. Samsetning samfélagsins getur tekið breytingum og ný tengsl myndast. Undirflokkar eru:
    - *Mannlíf*
    - *Fjölbreytileiki*
    - *Víðsýni*
    - *Samfélagsgerð*
  - **Umhverfisleg sjónarmið** – Atriði sem snúa að náttúru og umhverfi og ánægju heimamanna með landslag, lífríki og fegurð ósnortinnar náttúru sem bæði heimamenn og ferðamenn geta upplifað. Aðeins einn undirflokkur fylgir umhverfislegum sjónarmiðum:
    - *Náttúra – umhverfi*

**Tafla 14: Jákvæðustu hliðar ferðapjónustunnar – áherslur landsmanna**


Flokkur	Undirflokkur	Fjöldi	Dæmi um svör
Efnahagsleg sjónarmið	Störf og atvinnutækifæri	489	<i>Atvinnuskapandi Mjög jákvætt að fólk geti skapað sér atvinnu Fjölgar störfum Innsýting í atvinnulífið</i>
	Tekjur	408	<i>Meiri tekjur Fólk hagnast Tekjuaukning í heimabyggð</i>
	Lífskjör, efnahagur, hagsæld	90	<i>Fyrirtækin sem byggjast upp eins og matsölustaðir Fólk hefur meira á milli handanna Efnahagslegur ávinningur Gott að fá fjármagn inn í bæjarfélagið</i>
Lífsgæði		<b>997</b>	
	Afbreyting og þjónusta	371	<i>Hefur skapað meiri og betri þjónustu. Ef engir ferðamenn væru væri engin þjónusta á svæðinu Fjölbreyttari veitingastaðir Fjölbreyttari afþreyingarmöguleikar</i>
	Drifkraftur/lífsviðurværi	199	<i>Aukin umsvif í sveitarfélaginu og hefur áhrif á og styrkir sveitarfélagið Byggt meira Uppbyggjandi fyrir bæjarfélagið Byggðin styrkist</i>
	Ánægja og bjartsýni	353	<i>Allt blómlegra Lyftir anda hjá þeim sem hafa búið hér allt í kring Ferðamenn koma með góða skapið Aukið líf í bænum</i>
Grunngerð og viðhald	74	<i>Stuðli að bættu vegakerfi þó það gangi hægt Fleiri staðir aðgengilegir Meira hlúð að bænum og reynt að gera hann snyrtilegri</i>	
Samfélagsleg sjónarmið		<b>908</b>	
	Mannlíf	392	<i>Fjölbreytt mannlíf Meira mannlíf Fjölbreytt fólk sem kemur til okkar og það skapar gott samfélag</i>
	Fjölbreytileiki	331	<i>Eykur fjölbreytni Fjölbreytileikinn</i>
	Viðsýni	142	<i>Þroskandi fyrir samfélagið, hugsa út fyrir boxið Mjög kurteist fólk sem kemur Fólk verður viðsýnna, kynnist fleiru og fólkinu í kring</i>
	Samfélagsgerðin	43	<i>Von um að það setjist fleiri að Aukin trú á bæjarfélagið Fleira ungt fólk kemur aftur heim til að starfa í ferðapjónustu</i>
Umhverfisleg sjónarmið		<b>46</b>	
	Náttúra - umhverfi	46	<i>Endurvakið náttúruperlur Falleg náttúra hér í kring</i>

Í töflu 15 má sjá hlutfallslega skiptingu svara eftir landshlutum. Sjá má að flest jákvæð svör voru á Suðurlandi (451) og á Norðurlandi (446) en fæst á Vestfjörðum (391). Áherslur í svörum voru talsvert ólíkar eftir landshlutum. Efnahagsleg sjónarmið voru mest ríkjandi á Suðurlandi og Suðurnesjum og var það raunar einnig svo í könnuninni 2017 og var megináherslan á störf og atvinnutækifæri. Efnahagsleg sjónarmið voru síður nefnd á Vestfjörðum og Vesturlandi. Svör sem tengdust lífsgæðum voru mest áberandi á Vesturlandi og Austurlandi. Ef rýnt er nánar í þau svör kemur í ljós að aukin þjónusta, aukin verslun og úrval veitingastaða vega þyngst. Á höfuðborgarsvæðinu komu samfélagsleg sjónarmið langskarpast fram og skipti mannlífið þar mestu máli. Athygli vekur að á Vestfjörðum voru svör tengd mannlífi áberandi.

Tafla 15: Hlutfallsleg skipting jákvæðra svara og áherslur eftir landshlutum 2019

	Ísland	Austurland	Höfuðborg	Norðurland	Suðurland	Suðurnes	Vestfirðir	Vesturland
<b>Efnahagsleg sjónarmið</b>	<b>34%</b>	<b>31%</b>	<b>31%</b>	<b>36%</b>	<b>39%</b>	<b>38%</b>	<b>29%</b>	<b>30%</b>
Störf og atvinnutækifæri	17%	18%	8%	18%	20%	22%	15%	15%
Tekjur	14%	10%	18%	15%	16%	13%	12%	13%
Lífskjör, efnahagur, hagsæld	3%	3%	4%	2%	4%	3%	3%	2%
<b>Lífsgæði</b>	<b>34%</b>	<b>36%</b>	<b>31%</b>	<b>30%</b>	<b>33%</b>	<b>35%</b>	<b>35%</b>	<b>38%</b>
Drifkraftur/lífsviðurværi	7%	6%	3%	9%	6%	8%	9%	7%
Ánægja og bjartsýni	12%	12%	11%	10%	12%	12%	15%	13%
Afþreying og þjónusta	13%	16%	15%	9%	12%	12%	9%	15%
Grunngerð og viðhald	3%	3%	2%	3%	3%	3%	1%	4%
<b>Samfélagsleg sjónarmið</b>	<b>31%</b>	<b>31%</b>	<b>37%</b>	<b>33%</b>	<b>26%</b>	<b>26%</b>	<b>33%</b>	<b>31%</b>
Aðlögun	4%	6%	5%	4%	4%	3%	3%	3%
Samfélagsgerðin	1%	2%	0%	2%	1%	0%	1%	3%
Mannlíf	13%	11%	17%	12%	12%	11%	19%	12%
Fjölbreytileiki	11%	12%	14%	15%	8%	12%	8%	11%
Samfélagsrýni	1%	0%	1%	1%	1%	0%	1%	2%
<b>Umhverfisleg sjónarmið</b>	<b>2%</b>	<b>1%</b>	<b>1%</b>	<b>1%</b>	<b>2%</b>	<b>1%</b>	<b>3%</b>	<b>2%</b>
Náttúra - umhverfi	2%	1%	1%	1%	2%	1%	3%	2%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>2.938</b>	<b>428</b>	<b>403</b>	<b>446</b>	<b>451</b>	<b>406</b>	<b>391</b>	<b>413</b>

Þrjú þemaflokkar, þ.e. *efnahagsleg sjónarmið*, *lífsgæði* og *samfélagsleg sjónarmið* komu líka fram í könnuninni 2017 og gefur það möguleika á samanburði. *Umhverfisleg sjónarmið* voru ekki sjáanleg svörum landsmanna árið 2017 og er því um nýtt þema að ræða. Mynd 27 sýnir hlutfallslega skiptingu svara landsmanna í könnunum 2017 og 2019 út frá þemaflokkunum. Samanburðurinn leiðir í ljós að lítil munur er á svörum landsmanna milli kannana. Hlutfall svara sem tengjast tekjum, fjölbreytileika, ánægju og bjartsýni hækkaði lítillega. Hlutfall svara sem tengjast störfum og atvinnutækifærum, lífskjörum, drifkrafti og mannlífi dróst lítillega saman.




**Mynd 27: Jákvæðustu hliðar ferðapjónustunnar - hlutfallsleg skipting svara 2017 og 2019**

## 6.2. Neikvæðar hliðar ferðapjónustunnar

Í könnuninni komu fram alls 1.532 atriði en það eru um 1.400 færri en fjöldi jákvæðra svara. Þessi munur á svarafjölda sést einkar vel þegar orðaskýið á mynd 26 og orðaskýið á mynd 28 eru borin saman. Leturstærð á stærstu orðunum í orðasskýinu um neikvæðustu hliðar ferðapjónustunnar er talsvert minni í samanburði við orðaskýið sem sýnir jákvæðustu hliðarnar. Umferðin/umferð, umgengni, sóðaskapur og átroðningur voru algengustu neikvæðu svörin (mynd 28).





Smellið á myndina fyrir stærri útgáfu

**Mynd 28: Neikvæðustu hliðar ferðapjónustunnar að mati landsmanna. Heildarfjöldi svara 1.562**

Fjögur þemu fundust í svörum og innan hvers þema voru nokkrar áherslur eða undirflokkar.

Tafla 16 sýnir þessi þemu, áherslurnar, fjölda svara og dæmi um orðalag svara. Þemun sem fundust eru:

- **Efnahagsleg sjónarmið** – Atriði sem snúa að áhrifum sem heimamenn finna á eigin efnahag, sveitarfélagsins eða samfélagsins. Heimamenn finna fyrir hækkandi verðlagi sem þeir telja að rekja megi með einum eða öðrum hætti til ferðamanna og ferðapjónustu. Óljóst er hvort tekjur af ferðapjónustu verði eftir á svæðinu og möguleikar til að afla tekna takmarkaðir. Hugmyndir heimamanna um að störf í ferðapjónustu séu illa borguð. Undirflokkar eru:
  - Verð hækkar
  - Störf og tekjur
- **Lífsgæði** – Atriði sem vísa til þess að ferðapjónusta og ferðamenn skerði einhverju leyti daglegt líf heimamanna og ferðamanna. Hugmyndir heimamanna um að viðhald

---

og uppbygging grunngerðar sem samfélag heimamanna og ferðamenn samnýta standi ekki undir álagi. Aukið óöryggi í aðstæðum sem heimamenn hafa áhyggjur af, einkum tengt umferðaröryggi. Upp koma aðstæður þar sem heimamenn finna að þeir komist ekki að, í sínu daglega umhverfi eða samfélagi, ruðningsáhrif geta átt sér stað. Þjónusta og verslun geta orðið einhæfari og bið eftir afgreiðslu lengri. Aðstæður þar sem heimamenn finna til ónæðis geta komið upp. Undirflokkar eru:

- *Grunngerð og viðhald*
  - *Óöryggi*
  - *Ekki pláss fyrir mig*
  - *Truflun*
  - *Afþreying, verslun og þjónusta*
  - *Óánægja*
- **Ummerki í umhverfi** – Atriði sem tengjast því að mönnum finnst ummerki eftir ferðamenn og umferð fólks og bíla greinileg í umhverfinu. Umferð og fjöldi fólks verður meiri en það sem venjulegt eða þægilegt er. Dreifing fjölda fólks í tíma og rúmi er ójöfn, ýmist of mikill fjöldi eða of lítill. Mengun, rask á jarðvegi og ýmiss úrgangur á víðavangi hefur neikvæð áhrif á heimamenn. Undirflokkar eru:
    - *Umhverfisspjöll*
    - *Fjöldi og umferð*
  - **Ágreiningur** – Atriði sem snúa að skoðunum heimamanna á hegðun og framkomu ferðamanna eða tilteknum þáttum við starfsemi ferðaþjónustufyrirtækja sem er heimamönnum til ama og veldur núningi. Þar sem heimamenn telja að ekki hafi tekist nægilega vel að bregðast við fjöldanum séum „við“ (þ.e. íbúar, atvinnugreinin og hið opinbera) ekki tilbúin. Telja heimamenn að yfirvöld (sveitarfélög og ríki) og fyrirtæki þurfi að skipuleggja enn betur komu ferðamanna og stýra bæði upplýsingagjöf og umferð. Stundum birtist ágreiningurinn í ummælum heimamanna sem vísa til þess að vanda þurfi til verka eða megi betur fara í skipulagi ferðaþjónustunnar, starfsemi fyrirtækja og í háttsemi ferðamanna. Dæmi eru um að heimamenn telja að þjónustu eða afþreyingu skorti fyrir ferðamenn. Undirflokkar eru:
    - Háttsemi ferðamanna
    - Núningur við ferðaþjónustu
    - Skipulag vantar
    - Ferðaþjónustu vantar

Tafla 16: Neikvæðustu hliðar ferðabjónustunnar – áherslur landsmanna

Flokkur	Undirflokkur	Fjöldi	Dæmi um svör
Efnahagsleg sjónarmið		93	
	Verð hækkar	57	<i>Þýðir bara að matur, gisting, upplifun er dýrara fyrir Íslendinga Hækkandi verðlag</i>
	Störf og tekjur	36	<i>Skapar illa launuð störf Ferðafólk sem kemur í bæinn og kaupir ekki þjónustu þar</i>
Lífsgæði		675	
	Grunngerð og viðhald	285	<i>Aðstöðuleysi fyrir ferðamenn Skortur á salernisaðstöðu Vegirnir ráða ekki við umferð Einbreiðar brýr í sveitarfélaginu</i>
	Óöryggi	156	<i>Margir [ferðamenn] ekki ökuhæfir, hættulegir í umferðinni Erlendir ferðamenn valda meir hættu í umferðinni Ferðamenn stoppa hvar sem er á veginum og það skapast hætta</i>
	Ekki pláss fyrir mig!	118	<i>Lengri raðir í verslunum Húsnæðisleysi, heimamenn fá ekki húsnæði Truflar mann í verslunum, mikill fjöldi þar inni Á sumrin getur verið erfitt að komast að vegna þess að allt er bókað</i>
	Truflun	58	<i>Þvælast inn á svæðum þar sem þeir eiga ekki vera Aukið áreiti Minni friður en maður er vanur</i>
	Afbreyting, verslun og þjónusta	31	<i>Svakalegt hvað allt einhæfist Selst allt í búðinni strax</i>
	Óánægja og neikvætt umtal	27	<i>Allt sem ég elskaði að gera er ferðabjónustan búin að skemma Umræðan um umgengni ferðamannsins Allir ferðamenn dæmdir fyrir einn</i>
	Ummerki í umhverfi		592
Umhverfisspjöll		331	<i>Þegar illa er farið með landið Átroðningurinn og sóðaskapurinn Rusl með þeim, klósettpappír út um allt Mengun af skemmtiferðaskipum</i>
	Fjöldi og umferð	261	<i>Allt of margir ferðamenn Of margir ferðamenn á álagstímum Of mikil umferð vegna ferðamanna Samanþjappaður fjöldi</i>
Ágreiningur		454	
	Háttsemi ferðamanna	168	<i>Fólk sofandi og gerandi þarfir sínar í vegkanti Fólk virðir ekki merkingar, til dæmis með salernismál Átroðningur, ferðamenn ekki að fylgja reglum varðandi umgengni Taka ekki tillit til heimamanna</i>
	Núningur við ferðabjónustu	112	<i>Bilaleigur leigja bíla út fyrir fólk sem kann ekki að keyra Fókl hugsar of mikið um að græða peninga Þegar ferðabjónusta er að selja ferðir á annarra manna lönd</i>
	Skipulag vantar	104	<i>Airbnb flæðir um allt, stjórnlást og eftirlitsslaust Ráðum ekki við þennan fjölda ferðamanna</i>
	Ferðabjónustu vantar	70	<i>Er lítið fyrir þá [ferðamenn] að gera og skoða í heimabyggð Vantar afbreytingu</i>

Ef skipting neikvæðra svara eftir landshlutum er skoðuð (tafla 17) sést að fjöldi svara var mestur í höfuðborginni (243) og á Suðurlandi (242) og minnstur á Suðurnesjum (195) og Vestfjörðum (216). Svör tengd skertum lífsgæðum voru mest áberandi á Austurlandi og á Suðurlandi. Í báðum landshlutum var það mest vegna brotalama í grunngerð og viðhaldi. Á Austurlandi vísuðu svarendur aðallega til innviða sem ekki væru tilbúnir eða gætu tekið við fjölda ferðamanna og til skorts á salernum. Á Suðurlandi var einnig vísað til skorts á umbótum


á innviðum, einkum göngustíga í náttúrunni. Svör um ummerki í umhverfinu voru hæst á Suðurlandi og Vestfjörðum og munaði þar mestu um svör um fjölda og umferð. Á Vestfjörðum var nær eingöngu vísað til fjöldans, þ.e. vegna of margra ferðamanna á sama stað í einu, í tengslum við viðvöl skemmtiferðaskipa eða að heimamenn telji að það vanti fleiri ferðamenn. Á Suðurlandi voru svör um fjölda og umferð jafnmörg. Svör um fjölda vísuðu langflest til of mikils fjölda, að of margir væru á of fáum stöðum á sama tíma. Svör um umferð vísuð nær öll til aukinnar og mikillar umferðar.

Tafla 17: Hlutfallsleg skipting neikvæðra svara og áherslur eftir landshlutum 2019

	Ísland	Austurland	Höfuðborg	Norðurland	Suðurland	Suðurnes	Vestfirðir	Vesturland
<b>Efnahagsleg sjónarmið</b>	<b>5%</b>	<b>5%</b>	<b>7%</b>	<b>8%</b>	<b>4%</b>	<b>6%</b>	<b>2%</b>	<b>5%</b>
Störf og tekjur	3%	3%	5%	2%	2%	4%	0%	2%
Verðin hækka	3%	2%	3%	6%	2%	2%	1%	3%
<b>Lífsgæði</b>	<b>38%</b>	<b>42%</b>	<b>38%</b>	<b>39%</b>	<b>40%</b>	<b>37%</b>	<b>38%</b>	<b>34%</b>
Afbreyting og þjónusta	4%	3%	6%	3%	2%	6%	3%	4%
Ekki pláss fyrir mig!	6%	7%	10%	4%	8%	2%	7%	5%
Öryggistilfinning	7%	6%	5%	8%	6%	11%	5%	8%
Rask/ónæði	3%	3%	2%	3%	2%	5%	3%	1%
Óánægja og neikvætt umtal	2%	2%	0%	2%	2%	4%	2%	3%
Grunngerð og viðhald	17%	21%	16%	18%	21%	10%	19%	13%
<b>Ummerki í umhverfi</b>	<b>28%</b>	<b>23%</b>	<b>29%</b>	<b>22%</b>	<b>33%</b>	<b>24%</b>	<b>33%</b>	<b>29%</b>
Fjöldi og umferð	19%	16%	20%	13%	24%	17%	23%	20%
Umhverfisspjöll	9%	7%	9%	9%	8%	6%	10%	9%
<b>Ágreiningur</b>	<b>29%</b>	<b>30%</b>	<b>26%</b>	<b>32%</b>	<b>23%</b>	<b>33%</b>	<b>27%</b>	<b>32%</b>
Háttsemi ferðamanna	15%	21%	9%	15%	12%	16%	17%	18%
Núningur við ferðabjónustu	4%	2%	5%	6%	3%	3%	2%	4%
Ferðabjónustu vantar	2%	2%	0%	3%	0%	6%	2%	3%
Skipulag vantar!	8%	5%	12%	7%	7%	9%	6%	8%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>1.562</b>	<b>232</b>	<b>243</b>	<b>208</b>	<b>242</b>	<b>195</b>	<b>216</b>	<b>226</b>

Þemun efnahagsleg sjónarmið, lífsgæði, ummerki í umhverfi og ágreiningur komu líka fram í könnuninni 2017 og gefur það því möguleika á samanburði. Mynd 29 sýnir hlutfallslega skiptingu út frá þemaflokkunum í könnunum 2017 og 2019. Í nokkrum svarflokkum hafa orðið breytingar. Þær stærstu eru að svörum um háttsemi ferðamanna, fjölda og umferð og grunngerð og viðhald fjölgaði milli kannana. Hvað háttsemi ferðamanna varðar fjölgaði mest ummælum heimamanna annars vegar um háttsemi/reynslu og tillitsleysi ferðamanna við akstur á vegum úti og hins vegar um að ferðamenn þekki ekki reglur, fari ekki eftir þeim og gangi illa um. Ummælum heimamanna um ferðamenn sem gangi örna sinna á víðavangi, noti ekki tjaldstæði og gisti í bílum fækkaði milli kannana. Svör um fjölda og umferð, sem snúa annars vegar um meiri/aukna umferð og hins vegar um ójafna dreifingu ferðamanna í tíma og rúmi; að oft á tíðum of mikill fjöldi á sama stað á sama tíma eða að það séu ekki nógu margir ferðamenn, þeir stoppi stutt og séu aðeins sýnilegir í heimabyggðinni hluta úr ári. Tvenns konar svör voru áberandi í flokknum grunngerð og viðhald. Annars vegar athugasemdir um

álag á vegakerfi og slit á vegum. Hins vegar athugasemdir um álag á innviði og skort á þeim. Ummælum í báðum flokkum fjölgaði talsvert milli kannana. Hlutfall svara sem tengjast óöryggi, ónæði vegna ferðamanna og umhverfisspjöllum dróst lítillega saman. Hlutfall svara sem tengjast störfum, tekjum og verðum breyttust ekki milli kannana og eru áfram tiltölulega fá neikvæð efnahagsleg sjónarmið af ferðaþjónustu í heimabyggðinni.



**Mynd 29: Neikvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar - hlutfallsleg skipting svara 2017 og 2019**

### 6.3. Samantekt


Mynd 30 gefur yfirlit yfir inntak fimm algengustu svara landsmanna um jákvæðustu og neikvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar árið 2019. Á myndinni kemur skýrt fram að slagsíða er á milli póllanna tveggja; jákvæðu svörin eru umtalsvert fleiri en þau neikvæðu.



Neikvæðast



Jákvæðast



**Mynd 30: Jákvæðustu og neikvæðustu hliðar ferðþjónustunnar árið 2019 - Fimm algengustu svörin eftir svarflokkum. Fjöldi svara í hverjum flokki er gefinn upp**

Hugmyndir landsmanna um jákvæðar hliðar ferðþjónustunnar virðast áfram vera vel mótaðar og styrktust lítillaga milli kannana. Í orðaskýinu á mynd 26 eru efnahagsleg sjónarmið, sem helst felast í tækifærum til atvinnu og tekjuöflunar og lífsgæði greinilegar áherslur í jákvæðum svörum eins og raunin var einnig í könnuninni 2017 (mynd 27). Athygli vekur að óáþreifanlegum áherslum fjölgaði milli kannana. Þetta sést einna best í hugmyndum heimamanna um fjölbreytni, líflega stemmingu og tilfinningu um ánægju og bjartsýni sem hafa áhrif á íbúana og daglegt líf þeirra. Þetta er til marks um að bjartsýni og ánægja hafi aukist. Auk þess eru ummæli heimamanna um aukna þjónustu, verslun og veitingastaði vitnisburður um áhrif sem hafa bætt lífsgæði.

Svörum um neikvæðar hliðar ferðþjónustunnar fækkaði þó nokkuð milli kannana og var fjölbreytni í svörum mikil. Þetta gæti gefið vísbendingar um að neikvæðar hliðar séu færri en þær jákvæðu (sbr. mun í fjölda jákvæðra og neikvæðra svara). Þegar nánar er að gáð kemur í ljós að þrátt fyrir fækkun svara urðu hugmyndirnar hins vegar skýrari en áður. Í orðaskýinu á mynd 28 eru umhverfisspjöll, skerðing á lífsgæðum og ágreiningur helstu áherslur í neikvæðum svörum. Ójöfn dreifing ferðamanna í tíma og rúmi, aukin umferð, háttsemi (hegðun) ferðamanna, slæmir vegir og skortur á viðhaldi og nauðsynlegri grunngerð eru neikvæðustu hliðar ferðþjónustunnar að mati heimamanna.

---

## 7. UMRÆÐUR OG SAMANTEKT

Jákvæð viðhorf til ferðamanna og ferðaþjónustu hafa verið áberandi í svörum Íslendinga frá því mælingar hófust árið 2014. En niðurstöður könnunarinnar draga fram flókið litróf viðhorfa. Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu eru fjölbreytt, undir áhrifum af mörgum þáttum og munu taka breytingum í tíma og rúmi. Í þessum lokahluta skýrslunnar eru helstu niðurstöður dregnar saman en í töflu 18 er að finna samantekt á breytingum í viðhorfum landsmanna milli landskannana 2014-2019.

Á heildina litið reyndust viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019 vera enn jákvæðari en 2017. Niðurstöðurnar staðfesta að meirihluti Íslendinga lítur á ferðaþjónustu sem efnahagslega mikilvæga atvinnugrein og að ferðamenn auðgi samfélagið á fjölbreyttan hátt. Enn fleiri landsmenn en áður töldu ferðamenn efla verslun og þjónustu, stuðla að betra aðgengi í náttúru, gera samfélagið enn betra og bæta lífsgæði íbúa. Þáttagreining sýndi fram á að landsmenn kunnu best að meta áhrif ferðamanna á samfélagið.

Meirihluti landsmanna var ánægður með ferðaþjónustu í samfélaginu og níu af hverjum tíu töldu Ísland vera góðan ferðamannastað. Um 66% landsmanna taldi ferðamennsku í heimabyggðinni vera sjálfbæra á heildina litið en um 14% landsmanna var þessu ósammála.

Hugmyndir landsmanna um jákvæðar hliðar ferðaþjónustunnar virðast áfram vera vel mótaðar en efnahagsleg sjónarmið sem felast í tækifærum til tekjuöflunar og atvinnu og bætt lífsgæði voru áberandi. Óhlutbundnum áherslum fjölgaði nokkuð milli kannana sem sást einna best í hugmyndum um fjölbreytni, stemmingu og tilfinningu um ánægju og aukna bjartsýni. Viðhorf landsmanna til áhrifa ferðamanna á aðgengi að náttúru og umhverfi varð betra en það kallaðist á við meiri ánægju landsmanna með ástand gönguleiða, bílastæða og að einhverju leyti skilta og merkinga.

Þó svo að viðhorf um efnahagsleg og samfélagsleg áhrif hafi orðið jákvæðari urðu viðhorf einnig neikvæðari milli kannana, einkum varðandi innviði, áhrifa ferðamanna á umhverfi og náttúru og viðhorf til launa í ferðaþjónustu. Þegar kom að innviðum ferðaþjónustunnar þótti landsmönnum ástand vegakerfis, salernismála og almenningsgangna verst. Þá töldu fleiri landsmenn sig finna til aukins ótta í umferðinni en áður sem kann að einhverju leyti tengjast mati á ástandi vegakerfis, eins og nánar er komið inn á hér síðar. Landsmenn sem voru þeirrar skoðunar að ferðamenn spilli náttúru landsins voru áfram í meirihluta og sömuleiðis þeir sem töldu að störf í ferðaþjónustu væru illa launuð.

---

Líkt og áður virðast samskipti heimamanna og ferðamanna vera á góðum nótum en ákveðnar vísendingar eru um að einhverjum landsmönnum líki síður nú en áður að eiga samskipti við ferðamenn. Ýmislegt hefur áhrif á viðhorf landsmanna til samskipta þeirra við ferðamenn. Þannig voru jákvæð tengsl milli þess hvernig landsmenn litu á ferðþjónustuna í sambandi við efnahag og lífsgæði, bæði sinn eigin og heimabyggðarinnar, og þess hvernig þeim líkaði að eiga samskipti við ferðamenn. Hins vegar líkaði þeim sem upplifðu að fjöldi ferðamanna væri of mikill verr en öðrum við að eiga samskipti við ferðamenn. Ekki er þó endilega kallað eftir færri ferðamönnum heldur sterkari innviðum ferðþjónustu. Það kallast á við niðurstöður Helgadóttur o.fl. (2019) sem benda á að heimamenn vilji að yfirvöld og atvinnugreinin hafi frumkvæði af skipulagningu ferðþjónustunnar með tilliti til innviða en ekki fjöldans svo hægt sé að veita þá gestrisni sem þeir vilja að ferðamönnum sé veitt.

### 7.1. Fjöldi ferðamanna ekki áhyggjuefni nema í staðbundnum aðstæðum

Hröð og mikil fjölgun erlendra ferðamanna hér á landi undanfarinn áratug sem náði hámarki 2018 hefur leitt til þess að landsmenn búa við stöðuga nærveru ferðamanna. Auk þess hefur hið sk. deiliahagkerfi (þar ber mest á Airbnb) gert það að verkum að ferðamenn leita í meira mæli inn í íbúahverfin en áður var (Yi, Yuan og Yoo, 2020). Bæði landskönnunin 2017 og þær rannsóknir sem hafa verið gerðar í einstökum samfélögum hér á landi 2016 og 2018 hafa sýnt að ferðamenn hafa verið áberandi í daglegu umhverfi heimamanna. Þessar rannsóknir hafa jafnframt gefið til kynna að fjöldi ferðamanna í heimabyggð hafi almennt ekki verið áhyggjuefni þar sem meirihluta landsmanna hefur fundist fjöldinn vera hæfilegur. Þessar niðurstöður voru staðfestar í könnuninni 2019 þar sem sjö af hverjum tíu landsmönnum sögðu fjöldann vera hæfilegan.

Niðurstöður landskönnunar 2017 og 2014 sýndu að á sama tíma og erlendum ferðamönnum fjölgaði að jafnaði um 29% á ári fækkaði marktækt landsmönnum sem sögðu að erlendir ferðamenn væru of margir en á móti fjölgaði þeim sem sögðu ferðamenn vera of fáa. Milli 2017 og 2019 fækkaði erlendum ferðamönnum um 9,5% í heildina og um 12% ef eingöngu er horft á sumarmánuðina júní-ágúst (Ferðamálastofa, e.d.). Á sama tíma fækkaði áfram í hópi landsmanna sem þótti fjöldinn vera of mikill. Hugmyndir landsmanna um fjölda ferðamanna virðast því ekki endilega vera alveg í takti við raunverulegan fjölda sem er athyglisvert á tvo vegu.



**Tafla 18: Helstu breytingar á viðhorfum landsmanna milli landskannana 2014–2019. Spurningar í bláum lit voru nýjar í landskönnun 2019**

Spurningar	Hver voru viðhorf landsmanna?
Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð?	<i>Enn sáú niú af hverjum tíu landsmönnum sáú ferðamenn í hverri viku. Sjö af hverjum tíu urðu daglega varir við ferðamenn. Landsmenn urðu sjaldan varir við ferðamenn en 2017.</i>
Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann?	<i>Tveir af hverjum tíu landsmönnum áttu daglega samskipti við ferðamenn. Þeim fjölgaði sem áttu sjaldan samskipti við ferðamenn.</i>
Hvemig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn í þinni heimabyggð?	<i>Ennþá líkar niú af hverjum tíu landsmönnum vel að eiga samskipti við ferðamenn. Litlar breytingar milli kannana.</i>
Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí, ágúst)?	<i>Fjöldi ferðamanna er hæfilegur að mati meirihluta landsmanna. Landsmönnum sem telja ferðamenn of marga hélt áfram að fækka.</i>
Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (september – maí)?	<i>Rúmlega helmingi landsmanna finnst fjöldi ferðamanna hæfilegur á veturna. Tæplega helmingi landsmanna finnst fjöldinn of litill. Litlar breytingar milli kannana.</i>
Hvemig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðabjónustu í þinni heimabyggð?	<i>Landsmönnum sem telja ferðabjónustu mjög mikilvæga efnahagslega fjölgaði áfram.</i>
Ferðabjónusta hefur leitt til fjölbreyttari bjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér	<i>Landsmönnum sem töldu ferðabjónustu hafa leitt til fjölbreyttari bjónustu sem þeir höfðu nýtt sér fjölgaði lítilliga milli kannana.</i>
Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð.	<i>Ennþá telur meirihluti landsmanna ferðamenn efla verslun og fjölgaði þeim á ný eftir talsverða fækkun milli 2014 og 2017.</i>
Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að bjónustu í minni heimabyggð.	<i>Landsmönnum sem voru ósammála þeirri fullyrðingu að ferðamenn takmarki aðgengi annarra að bjónustu fækkaði enn. Aðeins einn af hverjum tíu landsmönnum taldi ferðamenn hafa takmarkað aðgengi annarra að bjónustu.</i>
Ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins.	<i>Nær allir landsmenn telja ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins. Mest fjölgaði í hópi þeirra sem voru mjög sammála fullyrðingunni.</i>
Ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra	<i>Sex af hverjum tíu landsmönnum voru sammála fullyrðingunni og fjölgaði talsvert milli kannana.</i>
Ferðamenn valda ónæði í minni daglega lífi	<i>Um 85% landsmanna sagðist ekki finna ónæði í daglega lífinu vegna ferðamanna. Aðeins 8% landsmanna sögðust finna fyrir ónæði. Árið 2017 sögðust 23% svarenda finna fyrir meira ónæði í daglega lífinu en áður vegna ferðamanna.</i>
Ég er stolt(ur) af því að ferðamenn vilji koma og heimsækja mína heimabyggð	<i>Enn voru niú af hverjum tíu landsmönnum stoltir af því að ferðamenn vilji koma og sækja heimabyggðina heim. Engar breytingar milli kannana.</i>

Spurningar	Hver voru viðhorf landsmanna?
Það myndi engu breyta fyrir samfélagið þó ferðamenn myndu hætta að koma hingað	<i>Meirihluti landsmanna var áfram sáttur við að samfélagið taki einhverjum breytingum vegna ferðamanna.</i>
Min heimabyggð getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður	<i>Tveir af hverjum tíu landsmönnum töldu heimabyggðina ekki geta tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður. Þeim fækkaði milli kannana.</i>
Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að marga ferðamenn er að finna	<i>Landsmenn voru ólíklegri en áður til að forðast ákveðna staði á landinu þar sem vitað er að marga ferðamenn er að finna.</i>
Ég er hræddari en áður við að keyra úti á þjóðvegum landsins vegna aukinnar umferðar ferðamanna	<i>Fleiri landsmenn en áður töldu sig vera hræddari en áður við keyra á vegum úti vegna aukinnar umferðar ferðamanna.</i>
Almennt séð er ég sátt(ur) við að samfélag mitt taki einhverjum breytingum vegna ferðabjónustu	<i>Enn voru niú af hverjum tíu landsmönnum sáttir við að samfélagið taki einhverjum breytingum vegna ferðamanna.</i>
Ferðabjónusta eykur fjölbreytni í atvinnulífinu í minni heimabyggð	<i>Hlutfall landsmanna sem taldi ferðabjónustu auka fjölbreytni í atvinnulífinu var áfram mjög hátt (94%).</i>
Ég tel að ferðabjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratugi	<i>Langflestir höfðu trú á því að ferðabjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratuginu og styrktist sú skoðun milli kannana.</i>
Íslensk ferðabjónustufyrirtæki innheimta sanngjarnt gjald fyrir bjónustu sína	<i>Helmingur landsmanna taldi íslensk ferðabjónustufyrirtæki ekki innheimta sanngjarnt gjald fyrir bjónustu sína. Aðeins fjórðungur landsmanna taldi verðlagningu vera sanngjarna. Engar breytingar milli kannana.</i>
Ferðamenn kenna okkur að meta eigið land	<i>Þeir sem telja að ferðamenn kenni okkur að meta eigið land eru enn í meirihluta og fjölgaði á ný eftir fækkun milli 2014 og 2017.</i>
Ferðamenn spilla náttúru landsins	<i>Landsmönnum sem telja ferðamenn spilla náttúru landsins fækkaði lítilliga milli kannana en eru enn í meirihluta. Það fjölgaði í hópi þeirra sem taka ekki afstöðu.</i>
Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins.	<i>Þeir sem telja ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins eru enn í meirihluta og fjölgaði á ný eftir fækkun milli 2014 og 2017.</i>
Ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins	<i>Færri landsmenn telja ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins en áður. Þeir sem telja ferðamenn ekki spilla upplifun af náttúrunni eru enn í meirihluta og það fjölgaði í hópi þeirra sem taka ekki afstöðu.</i>
Mér finnst jákvætt að fólk í minni heimabyggð geti ráðstafað fasteignum sínum í leigu til ferðamanna	<i>Meirihluti landsmanna var jákvæður gagnvart því að íbúar geti ráðstafað fasteignum sínum í leigu til ferðamanna.</i>

Spurningar	Hver voru viðhorf landsmanna?
Ferðabjónustan hefur takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í minni heimabyggð	<i>Meirihluti landsmanna taldi ferðabjónustuna ekki hafa takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í heimabyggðinni.</i>
Hvort telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim?	<i>Meirihluti landsmanna taldi ferðamenn bæta lífsgæðin og fjölgaði þeim milli kannana.</i>
Áðrar atvinnugreinar í minni heimabyggð gjalda þess að fólk ræður sig til starfa í ferðabjónustu	<i>Aðeins 11% landsmanna töldu ferðabjónustuna taka til sín vinnuaf á kostnað annarra atvinnugreina en tæp 80% voru ekki þeirrar skoðunar.</i>
Ísland er góður ferðamannastaður	<i>Niú af hverjum tíu sagði Ísland vera góðan ferðamannastað.</i>
Á heildina litið er ég ánægð(ur) með ferðabjónustu í minni heimabyggð	<i>Um 85% landsmanna sögðust vera ánægðir með ferðabjónustu í samfélaginu.</i>
Á heildina litið tel ég ferðamennsku í minni heimabyggð vera sjálfbæra	<i>Tveir af hverjum þremur landsmönnum taldi ferðamennsku vera sjálfbæra.</i>
Telur þú að ferðabjónusta skapi að jafnaði fjölbreytt eða einhæft störf?	<i>Enn töldu tveir af hverjum þremur landsmönnum telja störf í ferðabjónustu vera fjölbreytt.</i>
Telur þú að ferðabjónustan skapi vel eða illa launuð störf?	<i>Fleiri landsmenn telja að störf í ferðabjónustu vera illa launuð og færri telja störfin vera vel launuð.</i>
Hvort telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim?	<i>Meirihluti landsmanna taldi ferðamenn bæta lífsgæðin og fjölgaði þeim milli kannana.</i>
Telur þú að margir eða fáir íbúar í þinni heimabyggð njóti efnahagslegs ávinnings af ferðabjónustu	<i>Meirihluti landsmanna taldi marga íbúa í heimabyggðinni njóta efnahagslegs ávinnings af ferðabjónustu.</i>
Telur þú að stór eða lítill hluti þeirra tekna sem skapast af ferðabjónustu í þinni heimabyggð sitji eftir á svæðinu?	<i>Almennt var fólk á því að hæfilegur eða stór hluti tekna sem skapast af ferðabjónustu í heimabyggðinni yrði eftir á svæðinu.</i>
Hvernig myndir þú meta ástand innviða ferðabjónustu í þinni heimabyggð? Almenningsgalerni	<i>Meirihluti landsmanna telur ástand í salernismálum slæmt en það hafi batnað lítilliga milli kannana.</i>
Hvernig myndir þú meta ástand innviða ferðabjónustu í þinni heimabyggð? Göngustigar og gönguleiðir	<i>Flestir töldu ástand gönguleiða áfram vera gott.</i>
Hvernig myndir þú meta ástand innviða ferðabjónustu í þinni heimabyggð? Skilti og merkingar	<i>Skilti og merkingar voru að mati landsmanna í góðu ástandi og það batnaði milli kannana.</i>
Hvernig myndir þú meta ástand innviða ferðabjónustu í þinni heimabyggð? Bilastæði	<i>Flestir voru á því að bilastæði væru í góðu ástandi og það batnaði milli kannana.</i>
Hvernig myndir þú meta ástand innviða ferðabjónustu í þinni heimabyggð? Almenningsgöngur	<i>Meirihluti landsmanna taldi almenningsgöngur ekki vera í góðum málum en ástandið hefði batnað lítilliga milli kannana.</i>
Hvernig myndir þú meta ástand innviða ferðabjónustu í þinni heimabyggð? Vegakerfi	<i>Landsmenn eru á því að ástand vegakerfis sé slæmt og engin breyting varð þar á milli kannana.</i>

---

Annars vegar stangast þetta á við hefðbundnar hugmyndir um að fjölgun/fjöldi ferðamanna feli í sér línulegt neikvætt samband milli fjölda ferðamanna og upplifana heimamanna á fjöldanum (Byron, 2009). Hins vegar rennir það stoðum undir hugmyndir um að mat á fjölda velti á samhengi og sé nátengt staðbundnum einkennum hvers staðar.

Í niðurstöðunum 2019 kom fram að ójöfn dreifing ferðamanna í tíma og rúmi, t.d. þegar of fáir eða of margir ferðamenn væru á tilteknu svæði eða tilteknum tíma, var á meðal neikvæðustu hliða ferðaþjónustunnar. Rannsóknir í einstökum samfélögum hér á landi hafa staðfest að talsverður munur er á því hvernig íbúar skynja fjölda ferðamanna á hverjum stað og hve oft íbúar taka eftir ferðamönnum (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2019a). Dæmi um það er Reykjanesbær sem árið 2018 fékk til sín 25% allra ferðamanna sem komu til landsins og var hlutfallsleg dreifing fjöldans nokkuð jöfn milli árstíma og árstíðasveifla því lítil. Raunverulegur fjöldi erlendra ferðamanna var rúm hálf milljón en langflestum íbúum Reykjanesbæjar þótti fjöldinn vera hæfilegur bæði sumar og vetur (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2019c). Rúmlega 340.000 erlendir ferðamenn komu til Egilsstaða árið 2018 en árstíðasveiflan er mikil þar sem 80% ferðamanna komu á tímabilinu maí -september. Þrátt fyrir að Egilsstaðabúar hafi upplifað bæinn sinn troðfullan af fólki við tiltekna aðstæður, sem skýrast m.a. af hlutverki bæjarins sem þjónustukjarna og samgönguæðar, þá virtist fjöldinn sjaldan valda heimamönnum óþægindum í daglega lífinu (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2019a). Á Húsavík hefur mikill fjöldi ferðamanna á sumrin aukið umferðarþunga um miðbæinn og dæmi um að reiðir íbúar hafi látið gremju sína bitna á ferðamönnum. Að mati heimamanna virðist rót vandans ekki bundin við fjöldann eingöngu heldur við aðstæður á hverjum stað og að hið opinbera þurfi að undirbúa svæðin betur til að báðir hópar (íbúar og ferðamenn) geti notið gæðanna og umgengist bæjarrýmin á jöfnum grundvelli (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2019b).

## 7.2. Munur á viðhorfum mismunandi hópa

Töluverður munur var á viðhorfum landsmanna eftir ákveðnum bakgrunnsbreytum. Heilt á litið voru landsmenn sem starfa við ferðaþjónustu og þeir sem gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu jákvæðasti hópurinn gagnvart atvinnugreininni. Þetta er í samræmi við það sem kemur fram í erlendum rannsóknum um að einstaklingar sem eru efnahagslega háðir ferðaþjónustu eru jákvæðari í viðhorfum til greinarinnar (Andereck, Valentine, Knopf og Vogt, 2005; Almeida-García, Balbuena Vázquez og Cortés Macías, 2015). Einkum var um að ræða

---

jákvæðari viðhorf í garð áhrifa á atvinnu, efnahagslíf, verslun og þjónustu. Þegar kom að áhrifum á umhverfi og náttúru var oftast ekki um marktækan mun að ræða á svörum þeirra sem störfuðu í ferðaþjónustu og annarra. Í þeim spurningum virtust aðrar breytur skipta meira máli s.s. menntun og starfsstétt.

Munur var á svörum kynjanna í nokkrum atriðum er varða ferðamenn. Konur voru líklegri en karlar til að finna fyrir of mörgum ferðamönnum, til að forðast tiltekna staði þar sem vitað er að marga ferðamenn er að finna og til að finna fyrir ótta við akstur á þjóðvegum landsins vegna aukinnar umferðar ferðamanna. Karlar voru líklegri en konur til að hafa séð ferðamenn daglega sem er eftirtektarvert í ljósi þess að konur voru líklegri en karlar til að segja að fjöldi ferðamanna væri of mikill og voru aðeins líklegri en karlar til að líka vel við að eiga samskipti við ferðamenn. Örfáar erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að konur séu líklegri til að vera neikvæðari í viðhorfum en karlar og séu þar með ólíklegri til að styðja við þróun ferðamennsku (Nunkoo og Gursoy, 2012). Almenn er þó ekki talið að kyn sé afgerandi breyta í rannsóknnum á viðhorfum heimamanna. Þrátt fyrir einhvern mun á svörum karla og kvenna eru líkindin í svörum þeirra yfirleitt meiri en munurinn (Almeida García o.fl., 2015). Því er hugsanlegt að um tilviljanakenndan mun sé að ræða.

Fyrri kannanir hafa sýnt að ungt fólk sér frekar en aðrir tækifæri til að afla tekna í ferðaþjónustu. Svo var áfram raunin 2019.

Viðhorf eru um sumt einnig mismunandi eftir landshlutum. Um það var fjallað í sérstökum samantektum sem unnar voru upp úr gögnunum fyrir hvern landshlutanna sjö. Sunnlendingar styrktust í viðhorfum sínum um að ferðaþjónustan sé mikilvæg atvinnugrein sem efli efnahag heimamanna svo um munar. Umferð og umferðaröryggi var ofarlega í hugum íbúa á Austurlandi en áhyggjur af umferðarmálum voru enn og aftur meðal neikvæðustu áhrifa ferðaþjónustunnar að mati íbúa. Íbúar á Suðurnesjum voru sá hópur landsmanna sem var hvað ánægðastur með ástand margra innviða, þar á meðal ástand vegakerfis, ástand í skiltamálum og ástand bílastæða. Að mati Suðurnesjamanna snéru neikvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar að aukinni umferð almennt, umgengni ferðamanna og átroðningi á náttúru. Aftur á móti virtust íbúar á Vesturlandi enn finna fyrir því síður en aðrir landsmenn að ferðamenn efli verslun á svæðinu. Almenn bjartsýni og ánægja með stöðu mála í ferðaþjónustunni var áberandi í niðurstöðum á Norðurlandi árið 2017 og var það staðfest í könnuninni 2019. Norðlendingar sögðust áfram njóta góðs af öflugri verslun og þjónustu á svæðinu og fundu ekki fyrir því að ferðamenn takmarki aðgengi þeirra að þjónustu eða möguleika íbúa til að festa rætur í heimabyggðinni. Á Vestfjörðum komu fram vísbendingar um að heimamenn myndu fyrir álagi. Milli kannana óx óvissa meðal íbúa um það hvort hægt væri að taka á móti fleiri

---

ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður og komu þessar áhyggjur einnig fram í opnum spurningum könnunarinnar með vísan til skemmtiferðaskipa og fjölda ferðamanna.

### 7.3. Jákvæð áhrif á lífsgæði, samfélag og efnahag

Ef horft er á einstakar spurningar í töflu 18 sést að almennt voru landsmenn áfram jákvæðir í viðhorfum sínum til ferðapjónustu og ferðamanna 2019. Öll þessi atriði eru talin leiða til betri lífsgæða heimamanna. Með lífsgæðum er vísað til ánægju einstaklinga og tilfinningu um lífsfyllingu (Oujang, Gursoy og Chen, 2019). Tengsl milli ferðapjónustu og lífsgæða hafa verið tíunduð í fjölmörgum rannsóknum (Băndoi, Jianu, Enescu, Axinte, Tudor, og Firoiu, 2020; Kim, Uysal og Sirgy, 2011; Sharpley, 2014). Talið er að þegar heimamenn skynja hagræn, félags- og menningarleg áhrif ferðamanna á jákvæðan hátt aukist ánægja á þeim þáttum sem snerta líf heimamanna (Kim o.fl., 2011). Könnunin nú staðfestir að landsmenn kunnu áfram að meta áhrif ferðamanna á mannlíf, samfélag, atvinnulíf og efnahag. Áhrif ferðamanna á atvinnulíf og efnahag endurspegluðust í jákvæðum hugmyndum landsmanna um að ferðapjónusta eflí atvinnulíf í heimabyggð og skapi tækifæri fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög til að afla tekna. Áhrif ferðamanna á mannlíf og samfélag tengdust tilfinningu íbúa um aukna fjölbreytni, líflegri stemmingu, ánægju og bjartsýni sem hafa áhrif á íbúana og daglegt líf þeirra. Ummæli landsmanna um aukna þjónustu, verslun og veitingastaði voru vitnisburður um áhrif sem hafa bætt lífsgæði. Segja má að ferðamenn séu litríkur þáttur í hversdagsleikanum og uppspretta nýrra tækifæra. Hugmyndir um betri lífsgæði tengdust áfram umbótum á daglegu lífi s.s. bættri þjónustu eða grunngerð sem leiða til betra lífs og velmegunar íbúa og styðja við þann lífsmáta eða búskaparhætti sem fólk kys sér. Af þessu má sjá að félags- og menningarleg áhrif spila stórt hlutverk í viðhorfum landsmanna. Þetta styður við hugmyndir Ridderstraat o.fl. (2016) um að jákvæð hagræn áhrif séu hvorki orsök né afleiðing betri lífsgæða heldur séu þau fremur eins konar milliliður.

Niðurstöðurnar 2019 undirstrika að jákvætt samband er milli mats landsmanna á eigin lífsgæðum og annarra þátta könnunarinnar. Því jákvæðari áhrif sem landsmenn telja ferðamenn hafa því líklegri er að þeir telji lífsgæði sín góð. Þetta er í góðu samræmi við niðurstöður fyrri landskannana. Aðhvarfsgreining staðfestir einnig að tengsl eru til staðar milli viðhorfa og lífsgæða. Þeir landsmenn sem töldu ferðamenn hafa bætt lífsgæði sín voru

---

jákvæðari í afstöðu sinni til áhrifa ferðamanna á samfélag, þjónustu og efnahag, húsnæðis- og vinnumarkað og daglegt líf og eigin upplifun.

Athygli vekur að hjá hluta íbúa virðast lífsgæði hvorki minnka né aukast vegna ferðapjónustu. Sá hópur var samt sem áður jákvæður í afstöðu til flestra annarra þátta könnunarinnar en helsti munurinn var að þessi hópur sá ferðamenn sjaldnar en aðrir hópar, átti sjaldnar samskipti við ferðamenn og þótti fjöldinn vera hæfilegur. Ekki er hægt að álykta hvers vegna munur á svörum þessa hóps og annara er ekki meiri en raun ber vitni. Þó má hafa í huga að sambandið milli lífsgæða og þróunar ferðapjónustu er bæði tvíhliða og ólínulegt; annað leiðir ekki af öðru og lífsgæði eru margþætt og margir þættir þurfa að ganga upp til þess að fólk upplifi að lífsgæði þess batni (Ridderstraat ofl., 2016).

#### 7.4. Skýrari mynd af neikvæðustu hliðum ferðapjónustunnar

Hugmyndir landsmanna um neikvæðustu hliðar ferðapjónustunnar voru talsvert færri en hugmyndir þeirra um þær jákvæðu. Neikvæðu svörin voru mun dreifðari og þeim fækkaði einnig milli kannana. Þó urðu sumar hugmyndir skýrari en áður en áfram tengjast þær mati á lífsgæðum og áhrifum á náttúru og umhverfi. Vísbendingar um neikvæðar áherslur í svörum landsmanna kunna að draga fram hvers megi vænta ef ferðapjónustan hefur neikvæð áhrif á líf heimamanna. Neikvæð áhrif af sambandi ferðamanna og íbúa geta haft afleiðingar og m.a. leitt til dvínandi stuðnings þeirra síðarnefndu við ferðapjónustu og almennt hægt á þróun ferðapjónustunnar ef heimamenn eru ósáttir (Byron, 2009).

Niðurstöður könnunarinnar 2019 benda til þess að hlutfall landsmanna sem eru neikvæðir í viðhorfum gagnvart ferðamönnum og ferðapjónustu sé áfram lágt og hafi jafnvel lækkað milli kannana. Aðeins 8% landsmanna sögðust finna fyrir ónæði í daglega lífinu vegna ferðamanna en ekkert bendir til þess að ónæði af ferðamönnum hafi aukist milli kannana. Þá lækkaði marktækt hlutfall landsmanna sem töldu heimabyggðina ekki geta tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður en um fimmtungur landsmanna var þeirrar skoðunar árið 2019. Landsmönnum sem voru á því að ferðamenn væru of margir á sumrin hélt áfram að fækka milli kannana. Árið 2014 töldu 29% landsmanna að ferðamenn væru of margir á sumrin, árið 2017 voru það 27% og 2019 voru þeir 19%. Í öllum þremur landskönnunum hefur komið í ljós að neikvæðustu viðhorfin til ferðamanna og ferðapjónustu voru meðal þeirra sem sögðu að fjöldi ferðamanna væri of mikill. Aðfharfsgreiningin sýndi að landsmenn sem töldu of mikið um erlenda ferðamenn í heimabyggðinni á sumrin voru neikvæðari í afstöðu til áhrifa á húsnæðis- og vinnumarkað, samfélag og daglegt líf og eigin upplifun.

---

Í könnuninni er m.a. leitað eftir vísbendingum um það hvort landsmenn finni fyrir álagi vegna ferðamanna í heimabyggðinni. Niðurstöðurnar sýna að landsmenn sem finna fyrir of miklum fjölda ferðamanna, upplifa ónæði vegna ferðamanna og telja að heimabyggðin geti ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður eru neikvæðri í viðhorfum en aðrir landsmenn. Við það bætist að sterk tengsl eru milli mats landsmanna til fjölda ferðamanna og mats á áhrifum ferðamanna á lífsgæðum heimamanna. Með öðrum orðum eru þeir landsmenn sem finnast ferðamenn vera of margir marktækt líklegastir til að finna til versnandi lífsgæða vegna ferðamanna.

Ójafnvægi í fjölda ferðamanna á tilteknum tíma og/eða tilteknum stað og aukin umferð voru efst á lista yfir neikvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar en þar á eftir komu háttsemi (hegðun) ferðamanna, slæmir vegir og skortur á viðhaldi og nauðsynlegri grunngerð. Þessar neikvæðu hliðar bergmáluðu í öðrum niðurstöðum könnunarinnar, t.d. í mati landsmanna á ástandi innviða þar sem vegakerfi, salernismál og almenningssamgöngur fengu falleinkunn. Almenningsamgöngur og salernismál voru enn talin vera í slæmum málum þótt staðan hafi batnað marktækt milli kannana. Athugasemdir landsmanna um slæmar almenningssamgöngur og um ferðamenn sem gangi örna sinna á víðavangi, noti ekki tjaldstæði og gisti í bílum voru mun færri 2019 en 2017. En það að ferðamenn þekki ekki reglur, fari ekki eftir þeim og gangi illa um var áfram vandamál. Í rannsóknum í einstökum samfélögum hér á landi hefur komið fram að heimamenn hafi margsinnis orðið vitni að misjafnri hegðun og vegsummerkjum eftir umferð ferðamanna og hafa heimamenn gagnrýnt stjórnvöld fyrir að standa sig ekki í að bjóða ferðamönnum viðunandi aðstöðu um landið (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2019c). Þekkt er að slæm hegðun ferðamanna hafi leitt til ágreinings milli heimamanna og ferðamanna en hegðun sem felur í sér brot á reglum s.s. hávaði, vanvirðing við arfleið/náttúru getur orðið kveikjan að ágreiningi (Chien og Ritchie, 2018). Það er hins vegar huglægt og einstaklingsbundið mat hvað telst vera slæm hegðun og jafnvel einnig hvort um ásetning er að ræða. Hér á landi hafa heimamenn stundum sýnt þessu skilning og telja ekki að ferðamönnunum sé alltaf um að kenna þegar þeir fara ekki eftir settum eða óskrifuðum reglum samfélagsins (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2019b, Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl., 2016).

Í opnum svörum birtist óánægja heimamanna einnig í athugasemdum um það sem þeim finnst að þurfi að gera betur við þróun ferðaþjónustunnar. Fyrir utan athugasemdir um fjölda og brotalamir í innviðum sást þetta m.a. í tilvísunum um að ferðaþjónustuaðilar þurfi að vanda betur til verka í sinni starfsemi, að sveitarfélög og ríki þurfi að undirbúa betur komu

---

ferðamanna og stýra umferð og upplýsingagjöf. Ekki takist að bregðast við fjöldanum og að íbúar, atvinnugrein og hið opinbera séu ekki tilbúin. Þessar ábendingar ber að taka alvarlega út frá sjálfbærnessjónarmiðum. Þekkt er að íbúar álíti stjórnvöld vera ábyrg fyrir stefnumótandi ákvörðunum í ferðamálum og samhæfingu á ýmsum sviðum ferðaþjónustunnar (Bramwell, 2011). Rannsóknir á stöðum sem búa við vöxt í ferðaþjónustu hafa gefið til kynna að markaðssjónarmið hafi verið samofin stefnumótun ferðaþjónustunnar. Þannig hafi hagsmunir um aukna samkeppnishæfni, tryggan ávinning meðan stuðlað sé að jafnvægi í umhverfis- og samfélagsmálum orðið ofan á en jafnframt aukið hættuna á að sjónarmið heimamanna verði undir (Bichler, 2019). Bent hefur verið á að heimamenn þurfi virkt umboð til að taka þátt í ákvörðunum um framtíðarsýn og stefnumótun ferðaþjónustu. Það geti þannig verið áhrifaríkt að veita heimamönnum tækifæri til að þátttöku í ákvörðunartökum því það auki traust almennings til ferðaþjónustu sem geti leitt til jákvæðrar niðurstöðu í uppbyggingu ferðaþjónustu (Nunkoo og Ramkissoon, 2012).

Mat á ástandi vegakerfis breyttist ekkert milli kannana en vegakerfið er eitt skýrasta dæmið hér á landi um innviði sem eru samnýttir af bæði ferðamönnum og heimamönnum. Meirihluti landsmanna var á því að ástand vegakerfis væri áfram slæmt. Við það bætast auknar áhyggjur af umferðaröryggi en hlutfall landsmanna sem fann fyrir ótta í umferðinni hækkaði marktækt milli kannana. Í athugasemdum landsmanna komu fram áhyggjur af tillits- og reynsluleysi sumra ferðamanna við akstur á vegum úti og var kallað eftir bæði auknu viðhaldi og umbótum á vegakerfi vegna aukinnar umferðar og slits á vegum. Það er ósannað en verður að teljast líklegt að tengsl séu á milli aukins ótta heimamanna í umferð, ástands vegakerfis og akstri ferðamanna. Ef svo er mun það væntanlega hafa neikvæð áhrif á lífsgæði heimamanna enda má segja að ótti og streita séu tvær hliðar á sömu mynt. Streituástand er einn þáttur líkamlegrar og andlegrar heilsu sem felst í lífsgæðum (Jordan og Vogt, 2017). Enn er lítið vitað um tengsl milli streitu, streituvalda og áhrifa ferðamennsku en nýjar erlendar rannsóknir hafa gefið vísbendingar um að slík tengsl geti verið til staðar (Jordan, Lesar og Spencer, 2019). Mannmergð og þrengsli eru þekkt bæði sem neikvæð áhrif ferðamennsku og sem streituvaldur í daglegu amstri einstaklinga sem getur haft neikvæð áhrif á heilsu og velferð. Hins vegar eru engar rannsóknir til um umferðaröryggi sem streituvald fyrir heimamenn í samhengi við ferðamennsku. Í íslensku samhengi væri ærin ástæða í framtíðinni til að kanna betur hvað liggur að baki aukins ótta í umferð og hvernig hægt sé að draga úr honum.

---

## 8. LOKAORÐ

Í framtíðarsýn til 2030 hafa íslensk stjórnvöld sett fram markmið um ferðapjónustan hafi jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði heimamanna. Fram til þessa hefur ferðapjónustan haft meðbyr af hálfu heimamanna sem telja hana hafa haft góð áhrif á samfélag og efnahag heimamanna. Niðurstöður rannsókna síðustu ára sýna að jákvæðustu hliðar ferðapjónustu hér á landi snúa að efnahagslegum ávinningi, bættum lífsgæðum, fjölbreyttu mannlífi og tilfinningu um ánægju og bjartsýni.

Í landskönnuninni 2019 sögðu 92% Íslendinga að það myndi hafa afleiðingar fyrir samfélagið ef ferðamenn myndu hætta að koma. Þessi sviðsmynd um nær algjört brotthvarf ferðamanna úr íslenskri ferðapjónustu var óhugsandi þegar henni var fyrst varpað fram. Engan óraði fyrir þeim breytingum sem COVID-19-faraldurinn átti eftir að hafa á heimsbyggðina og sér ekki fyrir endann á þegar þetta er skrifað. Komum erlendra ferðamanna til Íslands fækkaði um 42% fyrstu fjóra mánuði ársins 2020 og um 99% í apríl 2020 miðað við sama tíma ársins 2019. Á skömmum tíma hafa allar forsendur ferðapjónustunnar breyst enda hefur hún orðið fyrir meiri röskun vegna veirunnar en flestar aðrar atvinnugreinar.

Það blasir við að faraldurinn muni valda efnahagslegu tjóni eins og víða hefur komið fram (sjá t.d. KPMG 2020; Byggðastofnun, 2020; UNWTO, 2020). En tjónið er ekki bara efnahagslegt. Sviðsmyndin um ferðamennina sem hætta að koma vekur spurningar um hvaða afleiðingar það kann að hafa fyrir heimamenn ef gefið er að þeir – líkt og atvinnugreinin – hafi orðið fyrir viðlíka hruni vegna faraldursins. Íbúar eru mikilvægur hópur hagsmunaaðila sem verðskuldar virkt umboð til þátttöku í þróun og skipulagningu ferðapjónustunnar enda finna íbúar vel á eigin skinni bæði jákvæðar og neikvæðar afleiðingar ferðapjónustu. Sjálfbærni verður ekki náð ef ekki er tekið tillit til sjónarmiða heimamanna við í uppbyggingu og þróun ferðapjónustunnar (Cheer, Milano og Novelli, 2019). Efnahagur í ójafnvægi gæti haft áhrif á það hvernig fólk tekur ákvarðanir í von um betri lífsgæði. Rannsóknir á áfangastöðum í efnahagslegri kreppu hafa sýnt að þegar einstaklingar búa við efnahagslegar þrengingar aukast líkurnar á að þeir fórnir félagslegum gildum ef þeir telji ferðapjónustuna geta skapað þeim ný efnahagsleg tækifæri (Garau-Vadell, Gutierrez-Taño og Diaz-Armas, 2018). Í efnahagslegum þrengingum virðast heimamenn því vera reiðubúnari til að kasta ýmsum gildum fyrir róða í nafni hagvaxtar en til lengri tíma litið getur það valdið óafturkræfu tjóni í umhverfi og samfélagi og þar með ógnað sjálfbærni ferðamennskunnar (Haftabar og Chapuis, 2020). Fyrir áfangastað sem hefur



---

sjálfbærni að leiðarljósi og lendir í þannig stöðu verða bætt lífskjör og lífsgæði komandi kynslóða óhugsandi.

Rannsóknir á viðhorfum Íslendinga frá árinu 2014 hafa gefið innsýn í hvaða þættir hafa áhrif á viðhorfin og eru mikilvægir í augum íbúa á áfangastað og staðfest hugmyndir um að þau velti á samhengi og sérkennum hvers staðar hverju sinni. Sú aðferðafræði sem lagði grunninn að þessum rannsóknum og um reglubundnar mælingar með samræmdum aðferðum á viðhorfum íbúa bæði á landsvísu og innan einstakra samfélaga á Íslandi hefur gefið upplýsingar um einstök samfélög og veitt innsýn í sértækar og staðbundnar áskoranir sem fylgja uppbyggingu ferðaþjónustu og móttöku ferðamanna vítt og breitt um landið. Vísbendingar um óánægju sem beinast að atvinnugreininni ætti að taka alvarlega í ljósi kenninga um félagslega sjálfbærni (Helgadóttir o.fl., 2019).

Ferðaþjónusta um allan heim hefur þurft að aðlagast hratt að nýjum aðstæðum vegna COVID-19 og hugsanlega til frambúðar (Romagosa, 2020). Aukin tíðni ferðalaga og aðgangur að áfangastöðum um allan heim hefur aukið hættu á dreifingu smitsjúkdóma (Ólafur Guðlaugsson, Ásdís Elfarsdóttir, Hildur Helgadóttir og Sigurður Guðmundsson, 2016; Henderson, 2003). Það er krefjandi áskorun fyrir stjórnvöld að hefta útbreiðslu smitsjúkdóma á sama tíma og reynt er bæði að vernda og efla ferðaþjónustu. Brýn þörf er á rannsóknum á því hvernig COVID-19 mótar hegðun og viðhorf ferðamanna og íbúa. COVID-19 getur markað djúp spor í hugsun og tilfinningar ferðamanna og breytt til frambúðar hvernig fólk ferðast og á sama hátt gæti faraldurinn breytt viðhorfum heimamanna og dregið úr stuðningi við þróun ferðamenskunnar (Zenker og Kock, 2020). Reynsla ferðaþjónustunnar frá SARS-faraldrinum 2003, fuglaflensunni 2005 og svínaflensunni 2009 sýnir að líkur á misrétti og óréttlæti í garð ferðamanna getur aukist í kjölfar faraldurs. Hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu og heilbrigðisyfirvöld þurfa að leggjast á eitt til vinna gegn röngum upplýsingum og tortryggni gegn útlendingum og stuðla að réttlátri gestrisni gagnvart hópum sem eiga í hættu að vera jaðarsettir eða útilokaðir vegna þjóðernis eða uppruna (Jamal og Budke, 2020). Tortryggni elur á ótta og getur aukið óöryggi og fjarlægðina milli ferðamanna og íbúa. Það flækir samskiptin ennþá meira. Þegar landamæri fara smám saman að opnast á ný munu íbúar og ferðamenn þurfa áfram áreiðanlegar upplýsingar um smithættu og varúðarráðstafanir enda kann það að hafa áhrif beint og óbeint á framtíð ferðaþjónustunnar.

Niðurstöður rannsókna á viðhorfum Íslendinga sýna að í hugum heimamanna er ferðaþjónustan ekki bara atvinnugrein sem skapar verðmætar tekjur og atvinnu heldur horfa þeir á hana í víðara samhengi. Í hugum heimamanna á Íslandi er ferðaþjónustan félagslegt, mótandi afl sem nærir fólk og viðheldur gangverki samfélaga. Ferðaþjónustan er þannig

---

félagslegt fyrirbæri sem er hvati fyrir hagvöxt og er því miklu meira en bara atvinnugreinin sjálf (Davidson í Higgins-Desbiolles, 2006). Ferðamennska hefur áhrif á samfélag heimamanna þegar staður umbreytist í áfangastað en ekki er vitað hvaða áhrif það hefur á heimamenn ef ferðamennirnir hætta skyndilega að koma. Því væri verðugt rannsóknarverkefni að kanna hvernig breytt landslag í ferðamálum vegna COVID-19-faraldursins hefur áhrif á heimamenn og lífsgæði, hvernig heimamenn upplifa breytingarnar og hverju þeir finni mest fyrir þegar ferðamennirnir eru ekki til staðar. Slík rannsókn er jafnframt tækifæri til að ná fram sjónarhorni heimamanna um hvað þeir myndu vilja sjá gerast þegar ferðamennirnir koma aftur. Slík gögn væru mikilvæg fyrir tímalínu gagna og dýrmætar upplýsingar fyrir stjórnvöld þegar kemur að endurreisn atvinnugreinarinnar og sjálfbærni hennar til framtíðar þegar faraldrinum lýkur.

---

## HEIMILDIR

- Almeida-García, F., Balbuena Vázquez, A. og Cortés Macías, R. (2015). Resident's attitudes towards the impact of tourism. *Tourism Management Perspectives*, 13, 33-40. DOI: 10.1016/j.tmp.2014.11.002.
- Andereck, K. L. og Vogt, C.A. (2000). The relationship between residents' attitudes toward tourism and tourism development options. *Journal of Travel Research*, 39(1), 27-37. DOI: 10.1177/004728750003900104'
- Andereck, K.L. og Nyaupane, G.P. (2011). Exploring the nature of tourism and quality of life perceptions among residents. *Journal of Travel Research*, 50(3), 248-260.
- Andereck, K.L., Valentine, K.M., Knopf, R.C.og Vogt, C.A. (2005). Residents' perceptions of community tourism impacts. *Annals of Tourism Research*, 32 (4), 1056-1076. DOI: 10.1016/j.annals.2005.03.001.
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2015). *Vegvísir í ferðaþjónustu*. Reykjavík: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar.
- Băndoi, A., Jianu, E., Enescu, M., Axinte, G., Tudor, S., og Firoiu, D. (2020). The Relationship between Development of Tourism, Quality of Life and Sustainable Performance in EU Countries. *Sustainability*, 12(4), 1628. DOI: 10.3390/su12041628.
- Bichler, B. F. (2019). Designing tourism governance: The role of local residents. *Journal of Destination Marketing and Management*. DOI: 10.1016/j.jdmm.2019.100389.
- Bramwell, B. (2011). Governance, the state and sustainable tourism: a political economy approach. *Journal of Sustainable Tourism*, 19(4-5), 459-477. DOI: 10.1080/09669582.2011.576765.
- Bryon, J. (2009). Tourism and residents in the city: some critical observations. *Acta Geographica Lovaniensia*. 38, 159-16.
- Byggðastofnun. (2020). *Minnisblað til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um áhrif hruns ferðaþjónustu vegna Covid-19 á sveitarfélögin*. Sótt 20. maí 2020, af <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Covid19%20minnisblad.pdf?fbclid=IwAR1bovl2e7lYwkQ7lzdIIMyYiFdL9RUPMnW4CzEmk3pPifkdQbLxWK2iOw>.
- Cheer, J.M., Milano, C. og Novelli, M. (2019). Tourism and community resilience in the Anthropocene: accentuating temporal overtourism. *Journal of Sustainable Tourism*, 27, 554-572. DOI: 10.1080/09669582.2019.1578363.
- Chien, P.M. og Richie, B.W. (2018). Understanding intergroup conflicts in tourism. *Annals of Tourism Research*, 72, 177-179. DOI: 10.1016/j.annals.2018.03.004.
- Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2015). *Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu. Greining könnunar meðal Íslendinga í október 2014*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála

- 
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2016). *Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum. Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Ásdís A. Arnalds og Anna Soffía Víkingsdóttir. (2018). *Því meiri samskipti – því meiri jákvæðni. Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2017*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019a). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Egilsstaðir*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019b). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Húsavík*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019c). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Reykjanesbær*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019d). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Stykkishólmur*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020a). *Viðhorf íbúa á Austurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020b). *Viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæði til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020c). *Viðhorf íbúa á Norðurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020d). *Viðhorf íbúa á Suðurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020e). *Viðhorf íbúa á Suðurnesjum til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020f). *Viðhorf íbúa á Vestfjörðum til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020g). *Viðhorf íbúa á Vesturlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Ferðamálastofa. (e.d.). Ferðamenn um Keflavíkurflugvöll. Sótt 27. maí 2020, af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/talningar-ferdamalastofu-i-flugstod-leifs-eirikssonar>.
- Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2014). *Viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu. Unnið fyrir Ferðamálastofu*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

- 
- Garau-Vadell, J.B., Gutierrez- Taño, D., Diaz-Armas, R. (2018). Economic crisis and residents' perception of the impacts of tourism in mass tourism destinations. *Journal of Destination Marketing & Management*, 7, 68–75. DOI: 10.1016/j.jdmm.2016.08.008.
- Gjerald, O. (2005). Sociocultural impacts of tourism: A case study from Norway. *Journal of Tourism and Cultural Change*. 3(1), 36-58.
- Guðrún Helgadóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Jóhanna María Elena Matthíasdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Georgette Leah Burns. (2016). *Félagsleg áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Haftabar, F. og Chapuis, J.M. (2020). How resident perception of economic crisis influences their perception of tourism. *Journal of Hospitality and Tourism Management* 43, 157–168. DOI: 10.1016/j.jhtm.2020.02.009.
- Helgadóttir, G., Einarsdóttir, A. V., Burns, G. L., Gunnarsdóttir, G. Þ. og Matthíasdóttir, J. M. E. (2019) Social sustainability of tourism in Iceland: A qualitative inquiry. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 19 (4-5), 404-421. DOI: 10.1080/15022250.2019.1696699.
- Henderson, J. C. (2003). Managing a health-related crisis: SARS in Singapore. *Journal of Vacation Marketing*, 10(1), 67-77. DOI: 10.1177/135676670301000107
- Higgins-Desbiolles, F. (2006). More than an “industry”: The forgotten power of tourism as a social force. *Tourism Management*, 27, 1192-1208. DOI: 10.1016/j.tourman.2005.05.020.
- Jamal, T. og Budke, C. (2020). Tourism in a world with pandemics: local-global responsibility and action. *Journal of Tourism Futures*. DOI: 10.1108/JTF-02-2020-0014.
- Jordan, E.J., Lesar, L. og Spencer, D.M. (2019). Clarifying the Interrelations of Residents' Perceived Tourism-Related Stress, Stressors, and Impacts. *Journal of Travel Research*, 00, 1-12. DOI: 10.1177/0047287519888287.
- Jordan, E.J. og Vogt, C.A. (2017). Appraisal and coping responses to tourism development-related stress. *Tourism Analysis*, 22, 1-18. DOI: 10.3727/108354217X14828625279573.
- Kim, K., Uysal, M., og Sirgy, M. J. (2012). How does tourism in a community impact the quality of life of community residents?. *Tourism Management*, 36, 527-540. DOI: 10.1016/j.tourman.2012.09.005
- KPMG. (2020). *Áhrif COVID-19 á rekstur ferðaþjónustufyrirtækja*. Reykjavík: KPMG ehf.
- Mælaborð ferðaþjónustunnar (2019, 18. febrúar). Mælikvarðar Vegvísis. Lykilmælikvarðar til að meta árangur og ávinning ferðaþjónustunnar. Sótt 2. mars 2020 af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/hagstaerdir-1/maelikvardar>.
- Nunkoo, R. og Gursoy, D. (2012). Residents' support for tourism: An identity perspective. *Annals of Tourism Research*, 39 (1), 243-268. DOI: 10.1016/j.annals.2011.05.006.
-

- 
- Nunkoo, R. og Ramkissoon, H. (2012). Power, trust, social exchange and community support. *Annals of Tourism Research*, 39 (2), 997-1023. DOI: 10.1016/j.annals.2011.11.017.
- Ouyang, Z., Gursoy, D. og Chen K-C. (2019). It's all about life: Exploring the role of residents' quality of life perceptions on attitudes toward a recurring hallmark event over time. *Tourism Management*, 75, 99-111. DOI: 10.1016/j.tourman.2019.04.032.
- Ólafur Guðlaugsson, Ásdís Elfarsdóttir, Hildur Helgadóttir og Sigurður Guðmundsson. (2016). Landspítalinn og ebóla, lærdómur og framtíðin. *Læknablaðið*, 102, 306-309.
- RHA (2019). *Spurningavagn RHA á Norðurlandi eystra. Netkönnun fyrir Rannsóknamiðstöð ferðamála 7.-25. mars 2019* (óútgefin samantekt). Akureyri: RHA.
- Ridderstraat, J., Croes, R. og Nijkamp, P. (2016). The tourism development-quality of life nexus in a small island destination. *Journal of Travel Research*, 55(1), 79-94.
- Romagosa, F. (2020). The COVID-19 crisis: Opportunities for sustainable and proximity tourism. *Tourism Geographies*. DOI: 10.1080/14616688.2020.1763447.
- Sharpley, R. (2014). Host perceptions of tourism: A review of the research. *Tourism Management*. 42, 37-49. DOI: 10.1016/j.tourman.2013.10.007.
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.a.). Leiðandi í sjálfbærri þróun – Íslensk ferðapjónusta til 2030. Sótt 2. mars 2020 af <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=d99f362e-5adb-428f-8c1b-d06cce7d6d3c>.
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.b.). Jafnvægisás ferðamála. Sótt 2. mars 2020 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/islensk-ferdathjonusta-til-2030/jafnvaegisas-ferdamala/>.
- Tosun, C. (2002). Host perceptions of impacts: A comparative tourism study. *Annals of Tourism Research*, 29(1), 231-253. doi: 10.1016/s0160-7383(01)00039-1
- UNWTO. (2020, 11. maí). World tourism remains at standstill as 100% of countries impose restrictions on travel. Sótt 12. maí 2020, af <https://www.unwto.org/news/covid-19-world-tourism-remains-at-a-standstill-as-100-of-countries-impose-restrictions-on-travel>.
- Visit Norway Innsikt. (21. mars 2019). *Nordmenn flest positive til turismen*. Sótt 30. september 2019, af <https://business.visitnorway.com/no/nyheter/2019/nordmenn-flest-positive-til-turismen/>.
- Yi, J., Yuan, G. og Yoo, C. (2020). The effect of the perceived risk on the adoption of the sharing economy in the tourism industry: The case of Airbnb. *Information Processing and Management*, 57. DOI: 10.1016/j.ipm.2019.102108.
- Zenker, S. og Kock, F. (2020). The coronavirus pandemic – a critical discussion of a tourism research agenda. *Tourism Management*, 81. DOI: 10.1016/j.tourman.2020.104164.
-

---

## VIÐAUKI 1: SPURNINGALISTI

### Könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019

*ATH: ef talað er um þína heimabyggð í spurningunum þá er átt við þann stað eða bæjarfélag sem þú býrð í eða það sem þú miðar við sem þitt daglega umhverfi eða nærsamfélag.*

1. Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð?
  - a. Nánast daglega
  - b. 1-3 sinnum í viku
  - c. 1-3 sinnum í mánuði
  - d. Sjaldnar en einu sinni í mánuði98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara
2. Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann þ.e. á tímabilinu júní – ágúst? (*með samskiptum er átt við atriði eins og að vísa fólki til vegar, svara fyrirspurnum á förnum vegi o.s.frv.*)
  - a. Nánast daglega
  - b. 1-3 sinnum í viku
  - c. 1-3 sinnum í mánuði
  - d. Sjaldnar en einu sinni í mánuði98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara
3. Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð? Myndirðu segja að þér líki það vel eða illa?
  - a. Mjög vel
  - b. Frekar vel
  - c. Hef ekki skoðun/hvorki vel né illa
  - d. Frekar illa
  - e. Mjög illa
  - f. Hef engin/ekki haft nein samskipti við ferðamenn98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara
4. Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí og ágúst)? Finnst þér að fjöldi ferðamanna í þinni heimabyggð sé of lítill á sumrin, of mikill eða hæfilega mikill?
  - a) Allt of mikill
  - b) Heldur of mikill
  - c) Hæfilegur
  - d) Heldur of lítill
  - e) Allt of lítill98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara

- 
5. Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (sept. til loka maí)? Finnst þér að fjöldi ferðamanna í þinni heimabyggð sé of lítil á veturna, of mikill eða hæfilega mikill?
- Allt of mikill
  - Heldur of mikill
  - Hæfilegur
  - Heldur of lítil
  - Allt of lítil
- 98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara
6. Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í þinni heimabyggð?
- Hún er alls ekki mikilvæg
  - Hún er frekar lítið mikilvæg
  - Hún er nokkuð mikilvæg
  - Hún er mjög mikilvæg
- 98 Veit ekki  
99 Vil ekki svara
7. Nú koma fullyrðingar um áhrif af ferðamennsku. Ég ætla að lesa þær upp og biðja þig að segja mér hvort þú sért þeim sammála eða ósammála. Sú fyrsta er svona:
- (svarmöguleikar við hverja: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
- Ferðapjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér
  - Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð
  - Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð
  - Ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífsins
  - Ferðamenn hafa breytt íslensku samfélagi til hins betra
  - Ferðamenn valda ónæði í mínu daglega lífi
  - Ég er stolt(ur) af því að ferðamenn vilji koma og heimsækja mína heimabyggð
  - Það myndi engu breyta fyrir samfélagið þó ferðamenn myndu hætta að koma hingað
  - Mín heimabyggð getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður
  - Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að margi ferðamenn er að finna
  - Ég er hræddari en áður við að keyra úti á þjóðvegum landsins vegna aukinnar umferðar ferðamanna
  - Almennt séð er ég sátt(ur) við að samfélag mitt taki einhverjum breytingum vegna ferðapjónustu.
  - Ferðapjónustan eykur fjölbreytni í atvinnulífinu í minni heimabyggð
  - Ég tel að ferðapjónusta verði mikilvæg undirstaða fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratugi
  - Íslensk ferðapjónustufyrirtæki innheimta sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sína
  - Ferðamenn kenna okkur að meta eigið land
  - Ferðamenn spilla náttúru landsins
  - Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúru landsins
  - Ferðamenn spilla upplifun af náttúru landsins
  - Mér finnst jákvætt að fólk í minni heimabyggð geti ráðstafað fasteignum sínum í leigu til ferðamanna
-



- 
21. Ferðapjónustan hefur takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í minni heimabyggð
  22. Aðrar atvinnugreinar í minni heimabyggð gjalda þess að fólk ræður sig til starfa í ferðapjónustu
  23. Ísland er góður ferðamannastaður
  24. Á heildina litið er ég ánægð(ur) með ferðapjónustu í mínu samfélagi
  25. Á heildina litið tel ég ferðamennsku í minni heimabyggð vera sjálfbæra
8. Telur þú að ferðapjónusta skapi að jafnaði fjölbreytt eða einhæf störf?  
a) Mjög fjölbreytt b) Frekar fjölbreytt c) Bæði fjölbreytt og einhæf störf d) Frekar einhæf e) Mjög einhæf 98) Veit ekki 99) vil ekki svara
9. En telur þú að ferðapjónustan skapi að jafnaði vel eða illa launuð störf?  
a) Mjög vel launuð b) Frekar vel launuð c) Bæði vel og illa launuð störf d) Frekar illa launuð e) Mjög illa launuð 98) Veit ekki 99) vil ekki svara
10. Hvort telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim?  
a. Lífsgæðin batna  
b. Lífsgæðin hvorki batna né versna  
c. Lífsgæðin versna  
98) Veit ekki  
99) Vil ekki svara
11. Telur þú að margir eða fáir íbúar í þinni heimabyggð njóti efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustu?  
a. Mjög margir  
b. Frekar margir  
c. Hæfilega margir  
d. Frekar fáir  
e. Mjög fáir,  
98) Veit ekki, 99) vil ekki svara)
12. Telur þú að stór eða lítill hluti þeirra tekna sem skapast af ferðapjónustu í þinni heimabyggð sitji eftir á svæðinu?  
a. Mjög stór  
b. Frekar stór  
c. Hæfilegur  
d. Frekar lítill  
e. Mjög lítill  
98) Veit ekki, 99) vil ekki svara)
13. Nú ætla ég að spyrja aðeins um innviði ferðapjónustu. Hvernig myndir þú meta ástand eftirfarandi innviða ferðapjónustu í þinni heimabyggð? **Það fyrsta sem ég ætla að nefna er vegakerfi (spyrjar halda svo áfram upptalningu).** (svarmöguleikar við hverja: Mjög gott, frekar gott, hvorki gott né slæmt, frekar slæmt, mjög slæmt, veit ekki, vil ekki svara)  
a. Vegakerfi  
b. Almennings­samgöngur  
c. Bílastæði  
d. Skilti og merkingar  
e. Göngustígar og gönguleiðir  
f. Almennings­salerni
-

---

14. Starfar þú við ferðapjónustu?

- a. Já
- b. Nei >> Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðapjónustu?

Já

Nei >> Af hverju ekki?(Stutt svar) \_\_\_\_\_

98 Veit ekki

99 Vil ekki svara

98 Veit ekki

99 Vil ekki svara

15. Hefur þú eða einhver á heimilinu tekjur af ferðamönnum?

- c. Já, allt árið
- d. Já, hluta úr því
- e. Nei

98 Veit ekki

99 Vil ekki svara

16. Hvað hefur þú búið lengi þar sem þú býrð nú (þ.e. í sama póstnúmeri)?

- f. 5 ár eða skemur
- g. 6-10 ár
- h. 11-20 ár
- i. 21-30 ár
- j. Lengur en 30 ár

98 Veit ekki

99 Vil ekki svara

17. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?

- k. Grunnskólanám eða minna (t.d. *grunnskólapróf, landspróf, gagnfræðapróf*)
- l. Stúdentspróf eða iðnnám

m. Annað starfsnám

n. Háskólapróf

98 Veit ekki

99 Vil ekki svara

18. Hver er staða þín á vinnumarkaði?

- a. Í launuðu starfi
- b. Sjálfstætt starfandi
- c. Atvinnurekandi
- d. Í námi
- e. Á eftirlaunum
- f. Öryrki
- g. Atvinnuleitandi
- h. Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi
- i. Heimavinnandi
- j. Annað

98 Veit ekki

99 Vil ekki svara

---

19. Nú er koma að lokaspurningunum. Hvað er jákvæðast við ferðapjónustu í þinni heimabyggð? Geturðu nefnt eitt til tvö atriði?

Nr 1 \_\_\_\_\_

Nr 2 \_\_\_\_\_

20. En hvað er neikvæðast við ferðapjónustu í þinni heimabyggð? Það má nefna eitt til tvö atriði.

Nr 1 \_\_\_\_\_

Nr 2 \_\_\_\_\_

### **Upplýsingar sem fást með úrtakinu**

21. Kyn

o. Karl

p. Kona

22. Aldur (fæðingarár)

23. Póstnúmer

## VIÐAUKI 2. NIÐURSTÖÐUR TÖLFRÆÐIGREININGAR 2019

Tafla 19: Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? – Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Nánast daglega	1789	68.2%	68.5%
1-3 sinnum í viku	584	22.3%	22.4%
1-3 sinnum í mánuði	159	6.1%	6.1%
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	79	3.0%	3.0%
Gild svör	2611	99.6%	100.0%
Gildir svarendur	2611	99.6%	
Veit ekki	8	0.3%	
Vil ekki svara	2	0.1%	
Svöruðu ekki	1	0.0%	
Heildarfjöldi	2622	100.0%	

Tafla 20: Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð? – Bakgrunnsgreining

		Nánast daglega %	1-3 sinnum í viku %	1-3 sinnum í mánuði %	Sjaldnar en einu sinni í mánuði %	Fjöldi N	Fjöldi (með vigt) N
	Fjöldi	68.5%	22.3%	6.2%	3.0%	2611	2611
Kyn ***	Karl	74.1%	18.4%	5.5%	2.1%	1322	1322
	Kona	62.7%	26.4%	6.8%	4.0%	1289	1289
Aldur	18 - 29 ára	67.8%	19.8%	8.3%	4.1%	214	309
	30 - 44 ára	66.0%	25.4%	6.0%	2.7%	567	627
	45 - 59 ára	69.2%	21.9%	5.8%	3.1%	864	778
	60 ára og eldri	69.8%	21.5%	5.8%	2.9%	966	897
Menntun *	Grunnskólanám eða minna	70.6%	21.5%	5.3%	2.6%	593	587
	Stúdentspróf eða iðnnám	71.5%	21.1%	5.2%	2.2%	780	790
	Annað starfsnám	73.8%	18.8%	5.6%	1.9%	250	239
	Háskólapróf	63.6%	24.9%	7.3%	4.2%	923	933
Búseta ***	Austurland	77.4%	16.0%	4.3%	2.3%	370	370
	Höfuðborgarsvæðið	51.0%	29.3%	11.0%	8.8%	386	386
	Norðurland	73.0%	23.0%	3.1%	1.0%	374	374
	Suðurland	79.5%	14.9%	4.6%	1.1%	392	392
	Suðurnes	77.5%	17.6%	3.9%	1.0%	365	365
	Vestfirðir	62.2%	28.9%	5.8%	3.1%	355	355
	Vesturland	58.7%	27.1%	10.4%	3.9%	369	369
Lengd búsetu á því svæði ***	5 ár eða skemur	62.3%	26.0%	8.4%	3.3%	422	458
	6-10 ár	69.8%	21.1%	6.6%	2.4%	218	228
	11-20 ár	69.1%	22.2%	6.1%	2.6%	446	453
	21-30 ár	63.9%	22.0%	8.7%	5.4%	338	350
	Lengur en 30 ár	72.1%	21.1%	4.4%	2.4%	1169	1103
Staða á vinnumarkaði *	Í launuðu starfi	68.0%	22.8%	6.6%	2.6%	1415	1440
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	76.0%	16.7%	3.9%	3.3%	472	455
	Í námi	61.9%	28.0%	6.6%	3.5%	67	88
	Á eftirlaunum	62.7%	26.3%	7.4%	3.6%	407	378
	Annað	68.7%	22.1%	5.8%	3.4%	225	225
Starfar þú við ferðapjónustu? ***	Já	83.2%	11.9%	2.6%	2.3%	427	431
	Nei	65.5%	24.5%	6.9%	3.1%	2164	2159
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðapjónustu?	Já	66.2%	24.6%	6.5%	2.7%	1220	1226
	Nei	64.8%	23.7%	7.6%	3.8%	872	864

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 21: Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann þ.e. á tímabilinu júní - ágúst? –

Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Nánast daglega	486	18.5%	18.7%
1-3 sinnum í viku	641	24.4%	24.6%
1-3 sinnum í mánuði	692	26.4%	26.6%
Sjaldnar en einu sinni í mánuði	785	29.9%	30.1%
Gild svör	2604	99.3%	100.0%
Gildir svarendur	2604	99.3%	
Veit ekki	11	0.4%	
Vil ekki svara	2	0.1%	
Svöruðu ekki	5	0.2%	
Heildarfjöldi	2622	100.0%	

Tafla 22: Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann þ.e. á tímabilinu júní - ágúst? –

Bakgrunnsgræining

		Nánast daglega	1-3 sinnum í viku	1-3 sinnum í mánuði	Sjaldnar en einu sinni í mánuði	Fjöldi	Fjöldi (með vigt)
	Fjöldi	%	%	%	%	N	N
Kyn	Karl	19.1%	24.6%	26.7%	29.6%	2604	2604
	Kona	19.8%	25.2%	26.9%	28.0%	1317	1317
Aldur ***	18 - 29 ára	18.4%	23.9%	26.4%	31.2%	1287	1287
	30 - 44 ára	28.0%	19.1%	30.4%	22.5%	214	309
	45 - 59 ára	20.2%	30.0%	25.1%	24.6%	566	626
	60 ára og eldri	21.8%	27.9%	25.8%	24.5%	857	772
Menntun ***	Grunnskólanám eða minna	13.1%	19.8%	19.8%	27.2%	967	898
	Stúdentspróf eða iðnnám	18.3%	22.1%	22.7%	36.9%	594	587
	Annað starfsnám	20.1%	24.5%	26.9%	28.4%	780	791
	Háskólapróf	20.3%	21.9%	27.4%	30.4%	249	239
Búseta ***	Austurland	18.7%	27.2%	28.6%	25.5%	918	928
	Höfuðborgarsvæðið	27.3%	23.7%	23.5%	25.6%	368	368
	Norðurland	10.0%	23.0%	30.4%	36.5%	382	382
	Suðurland	20.1%	23.1%	28.0%	28.9%	374	374
	Suðurnes	20.2%	24.9%	30.7%	24.2%	394	393
	Vestfirðir	18.8%	23.1%	25.7%	32.4%	364	364
	Vesturland	22.5%	29.3%	24.3%	23.9%	353	353
Lengd búsetu á því svæði **	5 ár eða skemur	15.5%	25.1%	23.6%	35.8%	369	369
	6-10 ár	19.9%	24.0%	27.7%	28.4%	420	456
	11-20 ár	27.9%	24.5%	22.9%	24.8%	219	228
	21-30 ár	19.1%	23.8%	26.0%	31.1%	443	450
	Lengur en 30 ár	16.8%	18.9%	34.8%	29.5%	337	349
Staða á vinnumarkaði ***	Í launuðu starfi	17.6%	27.0%	24.8%	30.5%	1167	1101
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	19.3%	26.0%	27.7%	27.0%	1412	1437
	Í námi	32.8%	25.4%	23.2%	18.6%	470	453
	Á eftirlaunum	22.5%	28.7%	25.1%	23.7%	67	88
	Annað	6.0%	16.0%	28.4%	49.6%	406	377
Starfar þú við ferðaþjónustu? ***	Já	10.0%	26.8%	25.9%	37.3%	224	224
	Nei	65.8%	22.4%	7.7%	4.2%	426	430
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu? ***	Já	9.7%	25.0%	30.6%	34.7%	2158	2154
	Nei	11.9%	27.4%	32.2%	28.5%	1216	1223
		6.8%	22.1%	28.0%	43.1%	870	861

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 23: Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð? – Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög illa	5	0.2%	0.2%
Frekar illa	18	0.7%	0.8%
Hef ekki skoðun/hvorki vel	181	6.9%	7.7%
Frekar vel	1118	42.6%	47.3%
Mjög vel	1043	39.8%	44.1%
Gild svör	2365	90.2%	100.0%
Gildir svarendur	2365	90.2%	
Hef ekki haft nein samskipti	240	9.2%	
Svöruðu ekki	17	0.6%	
Heildarfjöldi	2622	100.0%	

Tafla 24: Hvernig líkar þér að hafa samskipti við ferðamenn sem koma í þína heimabyggð? –

Bakgrunnsgreining

		Hef ekki skoðun/ hvorki vel né illa					Fjöldi (með vigt)	Fjöldi N	Meðaltal
		Mjög illa (1)	Frekar illa (2)	hvorki vel né illa (3)	Frekar vel (4)	Mjög vel (5)			
Kyn	Fjöldi	0.2%	0.8%	7.8%	47.6%	43.6%	2365	2373	4.3
	Kari	0.3%	0.9%	7.9%	48.2%	42.8%	1217	1219	4.3
	Kona	0.2%	0.8%	7.8%	46.9%	44.4%	1148	1154	4.4
Aldur *	18 - 29 ára	0.0%	1.3%	11.4%	53.0%	34.3%	203	292	4.2
	30 - 44 ára	0.4%	0.8%	8.0%	48.3%	42.5%	537	594	4.3
	45 - 59 ára	0.2%	1.0%	6.7%	47.3%	44.8%	803	723	4.4
	60 ára og eldri	0.1%	0.5%	7.4%	45.2%	46.8%	822	764	4.4
Menntun ***	Grunnskólanám eða minna	0.4%	1.2%	10.7%	49.2%	38.6%	505	503	4.3
	Stúdentspróf eða iðnnám	0.4%	0.7%	7.4%	50.5%	41.0%	723	735	4.3
	Annað starfsnám	0.0%	0.8%	7.0%	46.6%	45.6%	224	216	4.4
	Háskólapróf	0.0%	0.8%	6.6%	44.3%	48.4%	862	872	4.4
Búseta *	Austurland	0.3%	1.5%	6.7%	47.9%	43.7%	333	333	4.4
	Höfuðborgarsvæðið	0.3%	0.9%	6.2%	43.6%	49.1%	344	345	4.4
	Norðurland	0.0%	0.3%	6.6%	52.0%	41.1%	335	337	4.4
	Suðurland	0.4%	1.3%	7.4%	49.9%	41.0%	358	362	4.3
	Suðurnes	0.3%	0.3%	8.3%	44.4%	46.8%	335	336	4.4
	Vestfirðir	0.0%	1.1%	10.5%	46.8%	41.6%	330	330	4.3
	Vesturland	0.3%	0.3%	9.4%	48.3%	41.8%	330	330	4.3
Lengd búsetu á því svæði *	5 ár eða skemur	0.0%	1.1%	8.4%	44.4%	46.1%	383	419	4.4
	6-10 ár	0.0%	0.0%	10.1%	51.3%	38.6%	205	214	4.3
	11-20 ár	0.4%	1.4%	6.6%	48.5%	43.1%	407	415	4.3
	21-30 ár	0.4%	0.0%	8.2%	51.6%	39.8%	313	325	4.3
	Lengur en 30 ár	0.2%	0.9%	7.4%	46.4%	45.1%	1044	987	4.4
Staða á vinnumarkaði	Í launðu starfi	0.1%	0.9%	7.6%	49.1%	42.3%	1323	1350	4.3
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0.5%	0.5%	7.4%	42.5%	49.1%	444	428	4.4
	Í námi	0.0%	0.0%	12.7%	57.6%	29.7%	64	85	4.2
	Á eftirlaunum	0.3%	0.6%	6.6%	48.9%	43.5%	320	298	4.3
	Annað	0.0%	1.7%	9.3%	42.6%	46.5%	194	193	4.3
Starfar þú við ferðabjónustu? ***	Já	0.2%	0.5%	5.5%	33.7%	60.0%	418	422	4.5
	Nei	0.2%	0.9%	8.3%	50.6%	40.0%	1932	1936	4.3
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðabjónustu? ***	Já	0.0%	0.1%	5.1%	48.5%	46.4%	1141	1150	4.4
	Nei	0.6%	2.2%	13.0%	53.9%	30.3%	730	726	4.1

\* Marktaekt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktaekt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktaekt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 25: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí og ágúst)? – Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Allt of mikill	143	5.5%	5.5%
Heldur of mikill	328	12.5%	12.7%
Hæfilegur	1721	65.6%	66.8%
Heldur of lítill	335	12.8%	13.0%
Allt of lítill	51	1.9%	2.0%
Gild svör	2578	98.3%	100.0%
Gildir svarendur	2578	98.3%	
Veit ekki	25	1.0%	
Vil ekki svara	14	0.5%	
Svörðuð ekki	5	0.2%	
Heildarfjöldi	2622	100.0%	

Tafla 26: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí og ágúst)? – Bakgrunnsgreining

	Fjöldi	Heldur of mikill (1)		Heldur of lítill (5)		Fjöldi (með vigt)	Meðaltal
		%	%	%	%		
Kyn ***	Fjöldi	5.5%	13.0%	66.8%	12.7%	2578	2.9
	Karl	4.7%	10.8%	66.1%	15.8%	1305	3.0
	Kona	6.4%	15.2%	67.6%	9.6%	1273	2.8
Aldur	18 - 29 ára	3.6%	19.5%	66.6%	9.2%	211	2.9
	30 - 44 ára	5.4%	13.1%	67.1%	13.1%	561	2.9
	45 - 59 ára	5.5%	11.5%	66.9%	13.2%	854	3.0
	60 ára og eldri	6.3%	12.0%	66.7%	13.2%	952	2.9
Menntun **	Grunnskólanám eða minna	7.8%	15.8%	64.3%	10.2%	587	2.8
	Stúdentspróf eða iðnnám	5.7%	12.4%	66.5%	13.8%	773	2.9
	Annað starfsnám	4.3%	10.5%	66.3%	16.5%	249	3.0
	Háskólapróf	4.6%	12.1%	68.5%	12.7%	909	3.0
Búseta ***	Austurland	6.6%	11.9%	63.1%	16.8%	363	3.0
	Höfuðborgarsvæðið	3.6%	16.9%	72.5%	5.0%	373	2.8
	Norðurland	4.3%	8.7%	70.8%	13.7%	371	3.0
	Suðurland	8.4%	14.2%	69.6%	6.8%	388	2.8
	Suðurnes	2.1%	9.4%	72.0%	14.2%	362	3.1
	Vestfirðir	7.2%	16.6%	58.3%	16.5%	354	2.9
	Vesturland	6.4%	13.1%	61.0%	16.5%	367	3.0
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	5.6%	13.8%	67.2%	11.9%	415	2.9
	6-10 ár	3.1%	13.7%	68.8%	12.4%	217	3.0
	11-20 ár	6.0%	13.2%	69.2%	9.4%	441	2.9
	21-30 ár	4.7%	18.6%	60.8%	14.0%	332	2.9
	Lengur en 30 ár	6.2%	10.6%	67.1%	14.2%	1158	3.0
Staða á vinnumarkaði ***	Í launðu starfi	5.0%	13.1%	68.0%	12.3%	1399	2.9
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	4.8%	8.1%	67.2%	16.7%	466	3.1
	Í námi	1.5%	19.8%	65.5%	11.1%	66	2.9
	Á eftirlaunum	6.0%	12.0%	68.5%	11.7%	402	2.9
	Annað	11.1%	21.0%	56.0%	9.9%	224	2.7
Starfar þú við ferðabjónustu? ***	Já	2.5%	8.4%	67.4%	19.2%	424	3.1
	Nei	6.2%	13.9%	66.6%	11.4%	2137	2.9
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðabjónustu? ***	Já	3.0%	11.4%	70.0%	13.5%	1211	3.0
	Nei	10.5%	17.4%	62.2%	8.4%	855	2.7

\* Marktäkt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktäkt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktäkt miðað við 0,1% öryggismörk

**Tafla 27: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (sept til lok maí)? – Tíðnitafla**

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Allt of mikill	32	1.2%	1.3%
Heldur of mikill	87	3.3%	3.4%
Hæfilegur	1307	49.8%	51.3%
Heldur of lítil	773	29.5%	30.3%
Allt of lítil	349	13.3%	13.7%
Gild svör	2548	97.2%	100.0%
Gildir svarendur	2548	97.2%	
Veit ekki	52	2.0%	
Vil ekki svara	16	0.6%	
Svöruðu ekki	6	0.2%	
Heildarfjöldi	2622	100.0%	

**Tafla 28: Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (sept til lok maí)? – Bakgrunnsgreining**

	Fjöldi	Heldur of mikill		Hæfilegur	Heldur of lítil		Fjöldi (með vigt)	Meðaltal
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)		
		%	%	%	%	%	N	N
<b>Kyn ***</b>	Fjöldi						2548	2548
	Karl	1.4%	2.7%	46.1%	31.8%	18.0%	1294	1292
	Kona	1.0%	4.1%	57.3%	28.9%	8.6%	1254	1256
<b>Aldur</b>	18 - 29 ára	0.0%	2.9%	58.4%	32.5%	6.1%	209	301
	30 - 44 ára	1.5%	3.6%	51.5%	29.4%	14.0%	563	622
	45 - 59 ára	1.4%	3.5%	50.9%	29.4%	14.9%	847	763
	60 ára og eldri	1.3%	3.4%	50.0%	31.2%	14.1%	929	863
<b>Menntun **</b>	Grunnskólanám eða minna	0.8%	5.1%	55.6%	28.2%	10.4%	578	572
	Stúdentspróf eða iðnnám	1.5%	2.2%	51.1%	31.0%	14.2%	768	779
	Annað starfsnám	1.6%	2.4%	44.3%	33.5%	18.2%	245	235
	Háskólapróf	1.0%	3.6%	51.7%	30.4%	13.3%	902	911
<b>Búseta ***</b>	Austurland	1.6%	4.0%	45.2%	32.7%	16.6%	360	360
	Höfuðborgarsvæðið	1.8%	3.2%	73.2%	17.3%	4.5%	362	363
	Norðurland	0.8%	2.3%	44.8%	36.7%	15.4%	373	372
	Suðurland	2.1%	5.8%	59.2%	22.7%	10.1%	383	383
	Suðurnes	0.6%	3.1%	57.2%	28.3%	10.8%	358	358
	Vestfirðir	0.3%	1.3%	31.5%	43.2%	23.7%	349	349
	Vesturland	1.3%	3.8%	49.4%	32.6%	12.9%	363	363
<b>Lengd búsetu á því svæði</b>	5 ár eða skemur	0.7%	3.6%	57.4%	26.5%	11.9%	408	444
	6-10 ár	0.6%	2.7%	52.6%	31.9%	12.2%	215	225
	11-20 ár	1.7%	2.6%	57.3%	27.0%	11.4%	435	443
	21-30 ár	0.9%	4.0%	50.0%	32.1%	13.0%	329	339
	Lengur en 30 ár	1.5%	3.5%	47.2%	32.5%	15.3%	1149	1084
<b>Staða á vinnumarkaði **</b>	Í launuðu starfi	1.1%	2.8%	52.9%	30.6%	12.6%	1395	1421
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	1.6%	3.6%	43.4%	32.3%	19.0%	461	444
	Í námi	0.0%	1.5%	63.6%	26.0%	9.0%	65	84
	Á eftirlaunum	1.5%	3.5%	52.2%	30.2%	12.6%	392	364
	Annað	1.3%	6.6%	54.4%	27.0%	10.7%	217	217
<b>Starfar þú við ferðajónustu? ***</b>	Já	0.6%	2.1%	39.9%	36.1%	21.2%	421	423
	Nei	1.3%	3.6%	53.9%	29.2%	11.9%	2113	2111
<b>Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðajónustu? ***</b>	Já	0.2%	2.6%	49.5%	33.9%	13.8%	1197	1204
	Nei	2.8%	5.1%	59.8%	23.0%	9.4%	845	838

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk



**Tafla 29: Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í þinni heimabyggð? – Tíðnitafla**

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Hún er alls ekki mikilvæg	54	2%	2.2%
Hún er frekar lítið mikilvæg	239	9%	9.5%
Hún er nokkuð mikilvæg	941	36%	37.5%
Hún er mjög mikilvæg	1273	49%	50.8%
Gild svör	2507	95.6%	100.0%
Gildir svarendur	2507	95.6%	
Veit ekki	98	3.7%	
Vil ekki svara	11	0.4%	
Svöruðu ekki	6	0.2%	
Heildarfjöldi	2622	100.0%	

**Tafla 30: Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í þinni heimabyggð? – Bakgrunnsgreining**

	Fjöldi	Hún er alls ekki mikilvæg	Hún er frekar lítið mikilvæg	Hún er nokkuð mikilvæg	Hún er mjög mikilvæg	Fjöldi	Fjöldi (með vigt)
		%	%	%	%	N	N
	Fjöldi	2.3%	9.5%	37.6%	50.6%	2507	2505
Kyn ***	Karl	2.8%	12.2%	36.7%	48.4%	1283	1281
	Kona	1.7%	6.7%	38.6%	53.0%	1224	1224
Aldur	18 - 29 ára	3.9%	9.9%	41.1%	45.1%	200	289
	30 - 44 ára	2.8%	8.2%	36.2%	52.8%	549	607
	45 - 59 ára	1.7%	10.0%	35.4%	53.0%	832	749
	60 ára og eldri	1.9%	9.8%	39.4%	48.9%	926	860
Menntun *	Grunnskólanám eða minna	1.9%	10.0%	41.6%	46.5%	556	548
	Stúdentspróf eða iðnnám	3.2%	9.0%	37.4%	50.4%	751	761
	Annað starfsnám	0.4%	9.9%	40.5%	49.1%	243	233
	Háskólapróf	2.3%	9.3%	33.8%	54.6%	902	911
Búseta ***	Austurland	1.1%	11.2%	35.4%	52.4%	358	355
	Höfuðborgarsvæðið	4.3%	11.8%	30.9%	53.0%	372	371
	Norðurland	1.6%	6.2%	41.9%	50.3%	359	360
	Suðurland	1.8%	5.0%	40.4%	52.8%	381	381
	Suðurnes	1.7%	6.3%	32.1%	59.8%	347	347
	Vestfirðir	1.5%	12.7%	44.6%	41.2%	341	340
Lengd búsetu á því svæði *	Vesturland	3.7%	13.6%	38.2%	44.5%	349	350
	5 ár eða skemur	3.1%	7.9%	35.8%	53.2%	402	436
	6-10 ár	1.8%	9.1%	38.0%	51.1%	216	225
	11-20 ár	2.0%	8.3%	36.6%	53.1%	430	436
	21-30 ár	4.5%	13.8%	38.8%	42.9%	324	335
	Lengur en 30 ár	1.4%	9.4%	38.1%	51.1%	1122	1059
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	2.5%	9.5%	37.8%	50.3%	1365	1387
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	2.1%	8.4%	33.9%	55.6%	459	443
	Í námi	1.5%	12.0%	33.2%	53.3%	62	83
	Á eftirlaunum	1.6%	8.9%	43.0%	46.5%	385	357
	Annað	2.4%	11.2%	36.3%	50.1%	218	218
Starfar þú við ferðapjónustu? ***	Já	0.5%	4.9%	24.2%	70.4%	420	424
	Nei	2.6%	10.4%	40.3%	46.6%	2072	2066
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðapjónustu? ***	Já	1.6%	9.0%	38.2%	51.3%	1191	1196
	Nei	4.2%	12.6%	44.1%	39.1%	813	804

\* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktækt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 31: Ferðapjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér

– Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	213	8.1%	8.3%
Frekar ósammála	563	21.5%	21.9%
Hvorki sammála né ósammála	294	11.2%	11.5%
Frekar sammála	873	33.3%	34.0%
Mjög sammála	622	23.7%	24.2%
Gild svör	2565	97.8%	100.0%
Gildir svarendur	2565	97.8%	
Veit ekki	40	1.5%	
Vil ekki svara	8	0.3%	
Svöruðu ekki	9	0.3%	
Heildarfjöldi	2622	100.0%	

Tafla 32: Ferðapjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu í minni heimabyggð sem ég hef nýtt mér

– Bakgrunnsgreining

		Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi N	Fjöldi (með vigt)	Meðaltal
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)			
	Fjöldi	8.4%	21.7%	11.8%	33.9%	24.2%	2565	2566	3.4
Kyn	Karl	8.3%	20.1%	11.1%	36.2%	24.3%	1304	1304	3.5
	Kona	8.4%	23.2%	12.6%	31.6%	24.1%	1261	1262	3.4
Aldur	18 - 29 ára	10.7%	18.1%	17.8%	33.6%	19.8%	214	308	3.3
	30 - 44 ára	5.8%	21.4%	14.0%	31.7%	27.0%	560	619	3.5
	45 - 59 ára	7.7%	21.5%	9.6%	36.2%	24.9%	850	765	3.5
	60 ára og eldri	9.9%	23.2%	10.1%	33.6%	23.1%	941	874	3.4
Menntun ***	Grunnskólanám eða minna	12.2%	24.6%	12.7%	32.7%	17.8%	575	569	3.2
	Stúdentspróf eða iðnnám	7.7%	24.2%	11.9%	35.2%	21.0%	771	782	3.4
	Annað starfsnám	5.5%	26.2%	9.9%	35.4%	23.0%	246	236	3.4
	Háskólapróf	7.1%	16.5%	11.4%	33.5%	31.5%	917	927	3.7
Búseta ***	Austurland	9.2%	18.2%	9.2%	33.2%	30.2%	361	362	3.6
	Höfuðborgarsvæðið	9.4%	24.8%	12.5%	30.0%	23.3%	380	380	3.3
	Norðurland	6.0%	18.3%	12.6%	39.5%	23.6%	364	364	3.6
	Suðurland	5.1%	17.0%	13.7%	35.8%	28.3%	390	390	3.6
	Suðurnes	9.4%	28.7%	12.1%	29.1%	20.7%	358	358	3.2
	Vestfirðir	10.7%	24.9%	11.7%	33.3%	19.4%	350	350	3.3
Lengd búsetu á því svæði	Vesturland	9.2%	20.0%	11.0%	36.5%	23.4%	362	362	3.5
	5 ár eða skemur	6.6%	22.0%	13.9%	32.5%	25.1%	418	453	3.5
	6-10 ár	8.4%	19.8%	13.7%	31.0%	27.2%	215	225	3.5
	11-20 ár	12.2%	20.5%	11.6%	30.2%	25.5%	438	446	3.3
	21-30 ár	11.2%	21.1%	12.3%	34.1%	21.3%	334	347	3.4
Staða á vinnumarkaði ***	Lengur en 30 ár	6.7%	22.7%	10.5%	36.8%	23.5%	1147	1082	3.5
	Í launuðu starfi	7.5%	21.3%	12.8%	34.3%	24.0%	1404	1429	3.5
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	7.4%	16.2%	9.6%	36.7%	30.1%	467	450	3.7
	Í námi	4.2%	25.2%	17.7%	37.7%	15.3%	67	88	3.3
Starfar þú við ferðapjónustu? ***	Á eftirlaunum	11.1%	26.0%	8.6%	33.4%	20.8%	394	366	3.3
	Annað	12.2%	27.1%	12.8%	24.9%	23.1%	214	214	3.2
Starfar þú við ferðapjónustu? ***	Já	4.7%	10.1%	8.2%	33.6%	43.4%	423	427	4.0
	Nei	9.1%	24.0%	12.5%	34.0%	20.3%	2127	2123	3.3
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðapjónustu? ***	Já	6.4%	20.5%	10.9%	36.9%	25.2%	1196	1203	3.5
	Nei	13.1%	29.1%	14.7%	29.0%	14.0%	859	851	3.0

\* Marktäkt miðað við 5% öryggismörk. \*\* Marktäkt miðað við 1% öryggismörk. \*\*\* Marktäkt miðað við 0,1% öryggismörk

Tafla 33: Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð – Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	98	3.7%	3.8%
Frekar ósammála	305	11.6%	11.9%
Hvorki sammála né ósammála	170	6.5%	6.6%
Frekar sammála	1082	41.3%	42.2%
Mjög sammála	911	34.7%	35.5%
Gild svör	2566	97.9%	100.0%
Gildir svarendur	2566	97.9%	
Veit ekki	38	1.4%	
Vil ekki svara	8	0.3%	
Svöruðu ekki	10	0.4%	
Heildarfjöldi	2622	100.0%	

Tafla 34: Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð – Bakgrunnsreining

	Fjöldi	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi	Fjöldi (með vigt)	Meðaltal
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)			
		%	%	%	%	%	N	N	
Kyn ***	Fjöldi	3.8%	11.9%	6.8%	42.2%	35.4%	2566	2569	3.9
	Karl	3.4%	10.1%	6.2%	41.2%	39.2%	1303	1304	4.0
	Kona	4.2%	13.7%	7.4%	43.3%	31.4%	1263	1265	3.8
Aldur	18 - 29 ára	2.0%	10.7%	8.0%	43.4%	35.9%	215	310	4.0
	30 - 44 ára	4.0%	13.1%	8.9%	41.0%	32.9%	563	622	3.8
	45 - 59 ára	4.6%	11.3%	6.4%	43.0%	34.8%	845	761	3.9
	60 ára og eldri	3.5%	11.9%	5.1%	42.1%	37.5%	943	876	4.0
Menntun	Grunnskólanám eða minna	4.9%	13.7%	5.3%	43.7%	32.5%	584	578	3.9
	Stúdentspróf eða iðnnám	3.5%	12.1%	7.2%	41.7%	35.5%	768	779	3.9
	Annað starfsnám	2.8%	10.3%	6.1%	46.9%	33.9%	247	237	4.0
	Háskólapróf	3.5%	10.5%	7.5%	40.4%	38.0%	911	922	4.0
Búseta ***	Austurland	4.4%	12.6%	6.3%	39.4%	37.2%	366	366	3.9
	Höfuðborgarsvæðið	3.3%	10.8%	7.9%	44.5%	33.4%	378	378	3.9
	Norðurland	2.8%	7.4%	6.1%	45.3%	38.5%	370	370	4.1
	Suðurland	1.4%	7.1%	4.3%	44.4%	42.8%	383	384	4.2
	Suðurnes	3.7%	11.1%	5.6%	43.3%	36.2%	360	360	4.0
